



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Stjórnmálafræðideild

MA-ritgerð í alþjóðasamskiptum

**„Land, þjóð og tunga – þrenning sönn og ein“
Þjóðerni og sjálfsmynd á tímum hnattvæðingar**

Adda María Jóhannsdóttir

Október 2010

Leiðbeinendur: Guðmundur Hálfðanarson og Baldur Þórhallsson

Nemandi: Adda María Jóhannsdóttir

Kennitala: 070367-5569

Útdráttur

Umræðan um sjálfsmyndir verður sífellt fyrirferðarmeiri í hnattvæddum og fjölmenningslegum nútímanum. Fólk er ekki lengur eins bundið við sín upprunalönd, og landamæri eru opnari en áður hefur þekkt í sögunni. Sjálfsmyndir einstaklinga hafa þannig verið að breytast á undanförunum árum og áratugum, eða kannski öllu heldur að verða fjölþættari. Sjálfsmyndin mótast í auknum mæli af fleiri þáttum en þjóðerni og ýmis tengsl þvert á landamæri skipta ekki síður máli. Staða þjóðríkisins hefur breyst í kjölfar aukinnar samvinnu milli ríkja og yfirþjóðlegra stofnanna. Engu að síður virðist hugmyndin um *þjóðina* enn hafa nokkuð skýra merkingu. Á sama tíma hefur umræðan um innflytjendur einnig orðið meira áberandi, ekki síst í hinum vestræna heimi, í löndum sem hafa tekið á móti miklum fjölda innflytjenda. Þessi umræða hefur verið að skjóta rötum í íslensku samfélagi og er um margt farin að minna á umræðuna í nágrannalöndunum sem oft á tíðum er mjög neikvæð og ber vott um fordóma. En hvað er Íslendingur; hverjir eru Íslendingar og hverjir eru það ekki? Þetta eru spurningar sem við fyrstu sýn virðast kannski einfaldar en eru, við nánari skoðun, áleitnar og vekja mann til umhugsunar um eigin viðhorf gagnvart því hverjir eru *þjóðin*.

Abstract

The question of identity has become increasingly important in a globalized and multicultural world. People are not as attached to their countries of origin as before and borders are more open than ever. Identities have been changing in recent years and decades, or rather becoming more plural in nature. Nationality no longer forms the main basis of identity, other factors and connections that cut across borders are also relevant and equally important. The role of the nation state has changed due to increased cooperation between states and supraterritorial organizations. However, the idea of the *nation* seems to be as clear as ever. At the same time immigration has become a hot topic, especially in the western part of the world, in countries that have seen high numbers of immigrants. This has become obvious in the Icelandic discourse for the past few years and has started to resemble the discourse in many of our neighbouring countries, which at times tends to be both negative and discriminating. But what does it mean to be Icelandic; who is Icelandic and who is not? These are questions that may appear simple, but on closer look force you to re-evaluate conventional ideas of what forms the basis of the *nation*.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni í meistaranámi í alþjóðasamskiptum við stjórnfræðideild félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Ritgerðin er 30 einingar og byggir á rannsókn sem unnin var að mestu leyti á haustdögum árið 2008.

Leiðbeinendur með verkefninu voru tveir. Guðmundur Hálfðanarson, prófessor í sagnfræði, veitti leiðsögn með fræðilega hlutanum og verkefninu í heild. Baldur Þórhallsson, prófessor við stjórnfræðideild, hafði sérstaka umsjón með rannsókninni og aðferðafræðihluta verkefnisins. Þakka ég þeim báðum góða samvinnu og gagnlega leiðsögn.

Viðmælendum mínum þakka ég skammtileg og fræðandi samtöl sem gáfu ómetanlegar upplýsingar fyrir rannsóknina. Kennurum í alþjóðasamskiptum vil ég þakka sérstaklega fyrir ánægjuleg samskipti, mikla og góða fræðslu, en umfram allt metnað og ástríðu fyrir fræðunum. Slíkur áhugi smitar út frá sér og hefur verið mér dýrmæt reynsla.

Verkefni sem þetta er ekki unnið nema með samvinnu og stuðningi annarra. Fjölskyldu minni og vinum þakka ég dyggan stuðning og hvatningu, en ekki síst, endalausa þolinmæði, bæði við ritun verkefnisins og meðan á náminu stóð. Samnemendur mínir úr alþjóðasamskiptum hafa einnig veitt ómetanlega hjálp og þakka ég þeim ábendingar og aðstoð í öllu ferlinu. Yfirmönnum mínum við Flensborgarskólann þakka ég sömuleiðis fyrir skilning og umburðarlyndi sem gerði mér kleift að sinna náminu samhliða starfi. Vinkonu minni, Kristínu Birgisdóttur, vil ég þakka sérstaklega fyrir að taka að sér prófarkalestur með litlum fyrirvara. Eiginmanni mínum og börnum verð ég eilíflega þakklát fyrir að hafa óbilandi trú á mér.

Ritgerðina tileinka ég Íslendingum nær og fjær.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Abstract.....	4
Formáli	5
Efnisyfirlit	6
1. Inngangur	8
2. Hvað er þjóð? – Fræðileg nálgun að umræðu um þjóðir, þjóðernishyggju og sameiginlega sjálfsmynd	14
2.1 Þjóðir og þjóðernishyggja.....	14
<i>Nútímahugtök.....</i>	<i>16</i>
<i>Ólíkar nálganir og stefnur</i>	<i>17</i>
<i>Tvær megináherslur</i>	<i>22</i>
2.2 Þjóðernisgoðsagnir, minningar og sameiginleg sjálfsmynd	26
<i>Sameiginlegar minningar</i>	<i>28</i>
<i>Þjóðernisgoðsagnir og staðir minninga</i>	<i>31</i>
<i>Sameiginleg sjálfsmynd</i>	<i>34</i>
2.3 Þjóðerni á tímum hnattvæðingar	38
<i>Framtíð þjóðríkisins</i>	<i>41</i>
<i>Þjóðerni og sjálfsmynd á tímum hnattvæðingar</i>	<i>44</i>
<i>Fjölmenningarleg áhrif.....</i>	<i>48</i>
2.4 Þjóðin í ríkinu – íslensk þjóð og þjóðernishyggja	52
<i>Þjóðernishyggja á Íslandi.....</i>	<i>54</i>
<i>Þjóðernisgoðsagnir og sjálfsmynd íslenskrar þjóðar.....</i>	<i>56</i>
<i>Ísland í dag – fjölmennning, hnattvæðing, framtíð</i>	<i>61</i>
3. Aðferðafræðileg nálgun	67
3.1 Rannsóknin – Hvað er Íslendingur?	67
3.2 Aðferðafræðileg nálgun	68
3.3 Framkvæmd rannsókna	70
4. Niðurstöður rannsókna	74
4.1 Mikilvægi þjóðernis í sjálfsmynd einstaklinga.....	74
<i>Ein sjálfsmynd eða margar</i>	<i>74</i>
<i>Hlutur þjóðernis í sjálfsmyndinni</i>	<i>75</i>
<i>Tengsl við upprunann</i>	<i>77</i>
<i>„Heima“ er þar sem heimilið er.....</i>	<i>78</i>

4.2 Sjálfsmynd þjóðar á tímum hnattvæðingar.....	79
<i>Sérstaða Íslands</i>	79
<i>Fjölmenningsáhrif</i>	81
<i>Hverjir eru þá „þjóðin“?</i>	82
<i>Aðlögun útlendinga – „nýir Íslendingar“</i>	87
5. Umræður	91
5.1 Hvað er Íslendingur? – Mikilvægi þjóðernis í sjálfsmynd einstaklinga.....	91
<i>Ein sjálfsmynd eða margar?</i>	92
<i>Að vera, eða vera ekki Íslendingur</i>	93
<i>Uppruninn og hugmyndin um hvað er „heima“</i>	95
5.2 Hverjir eru Íslendingar? – Sjálfsmynd þjóðar á tímum hnattvæðingar	97
<i>Þjóðerniskennd byggð á sérstöðu og menningarlegri nálgun</i>	97
<i>Hverjir eru þá þjóðin?</i>	99
<i>Fjölmenningsamfélag – á hverju á að byggja?</i>	102
6. Lokaorð	106
Heimildir	109
Viðaukar	117
Viðauki 1 – Viðtalsrammi 1	117
Viðauki 2 – Viðtalsrammi 2	119

1. Inngangur

Við upphaf 21. aldar hafa hugmyndir um hnattvæðingu orðið sífellt meira áberandi.¹ Ríki heims eru tengd sterkum böndum og má segja að þau séu öll háð hvert öðru að meira eða minna leyti. Í kjölfar hnattvæðingar hafa landamæri opnast, og flæði fólks milli landa aukist, þar sem tækifæri gefast til lífs og starfa víða um heim. Fjölmennung, eða aukin fjölbreytni í menningarlegri samsetningu íbúa, er einn af fylgifyiskum þessarar þróunar. Breytingarnar hafa að margra mati haft áhrif á sjálfsmyndir (e. identity) einstaklinga og þjóða að því leyti að þær eru að verða flóknari og fjölþættari. Því hefur verið haldið fram að þjóðerni skipti minna máli í sjálfsmynd einstaklinga en áður, þar sem önnur hnattræn tengsl hafi orðið yfirsterkari með auknum samskiptum milli hópa þvert á landamæri.² Að sama skapi eru margir þeirrar skoðunar að aukin tengsl milli ríkja og yfirþjóðlegt vald hafi breytt hlutverki þjóðríkja og því sé sjálfsmynd þeirra einnig að breytast.³ Það er mörgum áhyggjuefni að hnattvæðingin muni að lokum þurrka út sérstök menningareinkenni og gera alla eins,⁴ á meðan aðrir telja þvert á móti að hún hafi frekar ýtt undir menningareinkenni ákveðinna hópa og þannig styrkt sjálfsmynd þeirra og þjóðerniskennd.⁵

Sem þjóð hafa Íslendingar haft nokkuð sterka sjálfsmynd.⁶ Smæð samfélagsins, lega landsins og einangrun marka að miklu leyti sérstöðu hennar.⁷ Lengst framan af 20. öldinni hefur samfélagið verið tiltölulega einsleitt og það er ekki fyrr en á allra seinustu árum sem áhrifa fjölmennungar fer að gæta í kjölfar aukins

¹ Jan A. Scholte fjallar ítarlega um hnattvæðingu út frá ýmsum hliðum í bók sinni *Globalization, a critical introduction*. Sjá m.a. skilgreiningu hans á bls. 84.

² Scholte, *Globalization*, bls. 146-149 og 225-226.

³ Anthony D. Smith, *Nationalism*, bls. 127-128 og Scholte, *Globalization*, bls. 185-188.

⁴ Scholte, *Globalization*, bls. 25-26 og 32.

⁵ Sama heimild, bls. 80-81.

⁶ Kolbeinn Óttarsson Proppé, „Hetjudýrkun á hátíðarstundu,“ bls. 151, Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 17 og Eiríkur Bergmann Einarsson, „Íslenskt þjóðerni og óttinn við innflytjendur,“ bls. 69-70.

⁷ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 17 og Arnar Guðmundsson, „Mýtan um Ísland,“ bls. 104-105.

innflytjendastraums.⁸ Innflytjendaumræða hefur því verið nokkuð seinna á ferðinni á Íslandi en í mörgum nágrannalöndunum. Á síðastliðnum fimm til tíu árum hefur þó mátt marka breytingu hvað þetta varðar. Aukinn fjöldi innflytjenda, og þá einkum erlendra verkamanna inn á íslenskan vinnumarkað, hefur vakið umræður sem endurspeglar að mörgu leyti þá þróun sem hefur átt sér stað í öðrum löndum, umræðu sem oft einkennist af hræðslu og fordómum gagnvart útlendingum.

Það er í sjálfu sér ekkert nýtt að útlendingar flytji til landsins og setjist hér að. Það sem var sérstakt á árunum um og upp úr aldamótunum 2000 var sú mikla aukning sem varð á komu erlends verkafólks á tiltölulega stuttum tíma sem óneitanlega setti svip sinn á samfélagið.⁹ Hræðslan sem gerði vart við sig varðaði að miklu leyti fjöldann, en litið var á hann sem ógn við hið fámenna samfélag, tungumálið og þá um leið þjóðararfinn, söguna og menninguna. Umræðan um þjóðernið hefur þar af leiðandi orðið meira áberandi hin síðustu ár en kannski mörg árin þar á undan.¹⁰ Þrátt fyrir að vissulega hafi orðið miklar breytingar á atvinnulífinu síðastliðin tvö ár, í kjölfar efnahagshrunsins, og margir þeir sem hingað komu hafi aftur horfið af landinu, er hér enn töluverður fjöldi útlendinga.¹¹ Þó virðist sem dregið hafi úr mesta krafti innflytjendaumræðunnar sem blossaði upp fyrir þremur til fimm árum síðan,¹² eða hún horfið í skuggann af stærri málum er varða efnahagsvanda þjóðarinnar.

Í allri þessari umræðu um innflytjendur og aukna þjóðerniskennd í bland við hugmyndir um opin landamæri, frjálst flæði fólks og hnattvæðingu, er áhugavert að skoða sjálfsmynd þjóðarinnar. Hvað er Íslendingur; hverjir eru Íslendingar og hverjir eru það ekki? Hversu miklu máli skiptir það í raun að vera af ákveðnu þjóðerni? Í auglýsingaflóðinu fyrir jólin 2009 var auglýst bók um konu sem ferðaðist víða um heiminn á ævi sinni, en „gleymdi þó aldrei uppruna sínum.“¹³

⁸ Sjá upplýsingar um ríkisfang og uppruna íbúa á vef Hagstofu Íslands.

⁹ Tölur um búferlaflutninga frá Hagstofu Íslands sýna þessa fjölgun og einnig bera greinar í dagblöðum frá árunum 2005-2007 vott um þessa þróun.

¹⁰ Greinar í dagblöðum frá árunum 2005-2007 sýna þessa umræðu, t.d. grein Jóns Magnússonar, „Ísland fyrir Íslendinga?“ sem birtist í *Blaðinu*, þann 1. nóvember 2006.

¹¹ Upplýsingar um fjölda erlendra ríkisborgara er að finna á vef Hagstofu Íslands.

¹² Hina kröftugu umræðu mátti einkum tengja við það að *Frjálslýndi flokkurinn* tók innflytjendamál upp á sína arma í kosningabaráttunni 2007.

¹³ Sjónvarpsauglýsingin átti við bók Ingu Dóru Björnsdóttur, *Kona þriggja eyja: ævisaga Ásu Guðmundsdóttur Wright*.

Það er þessi uppruni sem virðist skipta svo miklu máli. Áherslan á að gleyma ekki rötunum, tungumálinu, forfeðrunum og sögunni. Á sama tíma er þess krafist að þeir útlendingar sem hingað koma aðlagist, eða kannski samlagist, samfélaginu sem mest.¹⁴ Áherslan á þeirra uppruna, rætur og menningu er oft á tíðum undanskilin í umræðunni.

Markmið rannsóknarinnar er að skoða sjálfsmynd Íslendinga nú við upphaf 21. aldar. Einkum er horft til sjálfsmyndar í tengslum við umræður um hnattvæðingu og fjölmenningu. Skoðað er hvað hefur mótað þjóðina og hvort breytt heimsmynd hafi að einhverju leyti haft áhrif á sjálfsmynd hennar, og þá hvernig. Rannsókninni er einnig ætlað að veita innsýn í sjálfsmyndir einstaklinga og skoða hversu mikilvægur þáttur þjóðernið er í sjálfsmyndinni. Í kjölfar þeirra breytinga sem orðið hafa á menningarlegri fjölbreytni íbúa landsins á síðastliðnum árum er áhugavert að skoða hvaða áhrif sú þróun hefur haft á viðhorf fólks til þjóðarinnar og sjálfsmyndar sinnar.¹⁵ Mér vitanlega hefur sambærileg rannsókn ekki verið gerð hérlendis.

Fræðileg umræða um þjóðernishyggju og íslenskt þjóðerni hefur verið blómleg síðustu ár, en engu að síður hefur ekki mikið verið gert af því að tengja þá umræðu hnattvæðingunni og þeim breytingum sem henni hafa fylgt. Þetta helgast af því að þjóðernisumræðan á Íslandi hefur að mestu leyti verið í höndum sagnfræðinga og mannfræðinga en aðkoma félagsvísinda ekki verið mikil fyrr en á allra seinustu árum. Það er kannski ekki síst með tilkomu fræðigreina eins og alþjóðasamskipta, sem er að mörgu leyti þverfagleg fræðigrein, sem farið er að horfa sérstaklega til áhrifa fjölmenningar og hnattvæðingar á þjóðernishyggju og sjálfsmyndir.¹⁶

Rannsóknarspurningin sem sett er fram í verkefninu er þessi: Hvað er Íslendingur? Til að nálgast spurninguna er henni fylgt eftir með eftirfarandi undirspurningum: Hvað hefur mótað íslenska þjóð og hver eru áhrif sívaxandi

¹⁴ Þetta kemur t.d. skýrt fram í viðtölunum sem rannsóknin byggir á og verður rætt sérstaklega í niðurstöðu- og umræðukafla.

¹⁵ Sjá upplýsingar um innflytjendur og uppruna íbúa landsins á veg Hagstofu Íslands. Tölulegar upplýsingar koma einnig fram í 3. kafla.

¹⁶ Guðmundur Hálfðanarson og Gunnar Karlsson koma inn á þetta í viðtali við Ólaf Rastrick í lokaorðum bókarinnar *Þjóðerni í þúsund ár*, þar sem þeir ræða um aðkomu hinna ýmsu fræðigreina að umræðunni um þjóðerni (sjá bls. 245-246).

fjölmenningar og hnattvæðingar á það hvernig Íslendingar skilgreina sig? Hversu mikilvægt er þjóðerni í sjálfsmynd einstaklinga og hvaða áhrif hefur breytt heimsmynd í kjölfar hnattvæðingar haft á sjálfsmynd þjóðarinnar?

Ritgerðin byggir á kenningarlegum grunni um þjóðir, þjóðerni og sjálfsmyndir. Almenn er nokkur samstaða um að umræðan þessi hugtök sé nýleg og að hún hafi komið fram á sjónarsviðið í tengslum við þróun þjóðríkja og fullveldishugmynda á 18. og 19. öld.¹⁷ Franska byltingin árið 1789 markaði þannig ákveðinn vendipunkt í hugmyndum um hina fullvalda þjóð.¹⁸ Þjóðerniskennd var eflað til að auka samstöðu þegnanna og hvetja þjóðina til að standa saman sem ein heild.¹⁹ Gjarnan er talað um tvær meginstefnur hvað varðar þjóðerniskennd, annars vegar borgaralega og hins vegar menningarlega þjóðernisstefnu. Borgaraleg þjóðernisstefna leggur áherslu á að þjóðir séu sögulega ákvarðaðar og byggist á sameiginlegum vilja fólksins,²⁰ en út frá menningarlegri þjóðernisstefnu er litið á þjóðir sem lífræna heild, eða náttúruleg fyrirbæri, og þar spilar tungumálið stórt hlutverk.²¹ Þessar tvær stefnur hafa mótað umræður um þjóðerniskennd allar götur síðan, þó mismunandi áherslur og nálganir hafi komið fram á sjónarsviðið á seinni árum.²²

Hugmyndafræðin sem þróaðist í kjölfar þeirra umbrota sem áttu sér stað á þjóðríkjafyrirkomulagi seint á 18. öld byggði á hinni sjálfstæðu þjóð sem átti sér sameiginlega sögu og menningu.²³ Með henni þróuðust goðsagnir og tákni sem sameinuðu þjóðina og sköpuðu henni ákveðna sjálfsmynd.²⁴ Sú sjálfsmynd var að miklu leyti byggð í kringum pólitískar goðsagnir og endurritun þjóðarsögunnar til að finna hina sameinandi þætti.²⁵ Sameiginlegar minningar eru því mikilvægar í skilgreiningum á hugtakinu *þjóð* og þær tengja þjóðina saman órjúfanlegum böndum.²⁶ Þær sýna hvaða sameinar þjóðina og gerir hana sérstaka.²⁷ Sameiginleg

¹⁷ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 25-28 og 35. Sjá einnig Smith, *Nationalism*, bls. 45-7 og 5.

¹⁸ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 114-116.

¹⁹ Sama heimild.

²⁰ Sama heimild, bls. 17-18 og Smith, *Nationalism*, bls. 36-37.

²¹ Sama heimild, bls. 18-19 og Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 25.

²² Nánar verður gerð grein fyrir þeim nálgunum í 2. kafla.

²³ Smith, *Nationalism*, bls. 45.

²⁴ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 116 og Anthony Giddens, *The Nation-State and Violence*, bls. 116.

²⁵ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 26 og Guðmundur Hálfðanarson, *Collective Memory, History, and National Identity*, bls. 86-87.

²⁶ Sjá m.a. í Smith, *National Identity*, bls. 15 og Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 177.

sjálfsmynd þýðir þó einnig alltaf að einhverjir falla utan hópsins þar sem þeir deila ekki fyllilega minningum þjóðarinnar eða öðrum sameinandi þáttum, eins og t.d. tungumáli.

Hnattvæðing hefur að mörgu leyti breytt hugmyndum um þjóðerni og hlut þess í sjálfsmyndinni. Í kjölfar aukinna tengsla milli ríkja þvert á landamæri hafa sjálfsmyndir orðið fjölþættari og þjóðernið ekki eins ráðandi í sjálfsmyndinni og áður var.²⁸ Aukin fjölmening hefur einnig sett svip sinn á menningarsamfélög og Ísland hefur ekki farið varhluta af þeim breytingum þó þróunin hafi farið mun seinna af stað hér en í mörgum nágrannalöndunum. Þessar breytingar hafa þau áhrif að hugmyndir um eina þjóð og sameiginlegar minningar ganga ekki upp nema ákveðnir hópar innan samfélagsins séu útilokaðir.²⁹ Sjálfsmyndin verður þannig meginsteff í umræðunni um fjölmenningu, rétt eins og í skilgreiningunni á þjóðum.

Fræðin svara ekki fyllilega spurningum um það hvernig Íslendingar skilgreina sig, hversu mikilvægt þjóðernið er í sjálfsmyndinni og hvaða áhrif aukin fjölmening hefur haft á sjálfsmynd þjóðarinnar. Til að leita frekari svara við þessum spurningum var því valin sú leið að gera eigindlega rannsókn á viðfangsefninu og tengja hana fræðunum. Rannsóknin – *Hvað er Íslendingur?* – byggir á einni þátttökuathugun og fjórtán opnum viðtölum sem tekin voru við fimmtán einstaklinga á tveggja ára tímabili. Viðmælendur komu úr ólíkum áttum og voru valdir með fræðilegu úrtaki og veltiúrtaksaðferð.³⁰ Flestir þeirra eru af íslenskum uppruna, en einnig eru í hópnum tveir einstaklingar af erlendum uppruna sem hafa verið búsettir á Íslandi í áraraðir og tveir einstaklingar af íslenskum uppruna sem búið hafa erlendis í mislangan tíma. Þá er einn viðmælandi af blönduðum uppruna, þ.e. á íslenska móður en erlendan föður. Ákveðið var að taka viðtöl við einstaklinga sem hafa verið búsettir á Íslandi eða erlendis um lengri tíma til að komast að því hver sjálfsmynd þeirra væri og hversu mikilvægt þjóðernið og uppruninn væri í sjálfsmyndinni. Rannsóknin tekur því ekki á sjálfsmyndum þeirra sem hafa búið á landinu eða erlendis í skemmri tíma.

²⁷ Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 63-64 og Smith, *Nationalism*, bls. 30.

²⁸ Scholte, *Globalization*, bls. 224-225.

²⁹ Guðmundur Hálfðanarson, „Collective Memory, History, and National Identity,“ bls. 96.

³⁰ S.J. Taylor og R. Bogdan, *Introduction to Qualitative Research Methods*, bls. 93. Nánar verður gerð grein fyrir þessum aðferðum í aðferðafræðikafla.

Rannsóknin flokkast að mestu leyti undir það að vera fyrirbærafræðileg rannsókn³¹ þar sem hún leggur áherslu á reynslu og hugmyndir þátttakenda um hugtökin *þjóð*, *þjóðerni* og *sjálfsmynd*. Gagnasöfnun fór fram í tveimur lotum, annars vegar vorið 2007 og hins vegar haustið 2008. Stöðugum samanburði var beitt við úrvinnslu rannsóknarinnar þar sem upplýsingum var safnað saman og þær bornar saman jafnt og þétt.³² Við úrvinnslu gagnanna komu fljótt fram ákveðin þemu sem urðu ráðandi í rannsókninni og móta framsetningu niðurstaðna. Þær eru því settar fram í tveimur meginköflum sem endurspeglar þessi þemu, *mikilvægi þjóðernis í sjálfsmynd einstaklinga* og *sjálfsmynd þjóðar á tímum hnattvæðingar*.

Til að ræða um þjóðarsjálfsmynd Íslendinga og mikilvægi þjóðernis í sjálfsmynd einstaklinga er nauðsynlegt að skilgreina fyrst hvað átt er við þegar talað er um þjóðir og sjálfsmyndir. Í öðrum kafla ritgerðarinnar er því lagður fræðilegur grunnur að rannsókninni. Farið er yfir helstu kenningar um þjóðir, þjóðernis-
hyggju og sjálfsmyndir. Einnig er fjallað sérstaklega um þjóðerni á tímum hnattvæðingar og áhrif fjölmenningar á sjálfsmyndir. Þá er sjónarhorninu snúið að Íslandi og skoðað hvernig goðsagnir og tákn hafa mótað þjóðernisorðræðuna, ásamt því að skoða hvaða áhrif breytt heimsmynd og vaxandi fjölmenning hefur haft á sjálfsmyndir einstaklinga og þjóðar. Í þriðja kafla er aðferðafræðileg nálgun rannsóknarinnar kynnt ásamt því sem farið er yfir framkvæmd hennar og helstu rannsóknaraðferðir. Í fjórða kafla eru svo niðurstöðurnar birtar. Þar eru helstu þemu sem þróuðust í rannsókninni skoðuð og sjónarmið viðmælenda dregin saman og kynnt. Í umræðuhlutanum, sem settur er fram í fimmta kafla, eru svo niðurstöður rannsóknarinnar og hin fræðilega umfjöllun tengd saman. Í niðurlagi ritgerðarinnar koma að lokum fram ýmsar vangaveltur höfundar ásamt því sem hnykket er á helstu niðurstöðum og þýðingu þeirra.

³¹ J.W. Creswell, *Qualitative Inquiry and Research Design*, bls. 47-68 og Taylor og Bogdan, *Introduction to Qualitative Research Methods*, bls. 10-11.

³² Taylor og Bogdan, *Introduction to Qualitative Research Methods*, bls. 137.

2. Hvað er þjóð?

2.1 Þjóðir og þjóðernishyggja

Í þessum hluta er sjónum beint að fræðilegri umræðu um hugtökin *þjóð*, *þjóðerni* og *þjóðernishyggju*. Þessi hugtök eru flókin og merking þeirra og skilgreining getur verið með mismunandi hætti. Umræðan er að mörgu leyti þverfagleg, þar sem saman koma sjónarhorn margra fræðigreina, þó þær horfi vissulega ekki allar til sömu þátta. Þannig skilgreina sagnfræðingar hugtökin hugsanlega á annan veg en félagsfræðingar eða mannfræðingar, og þeir sem leggja stund á stjórnmálafræði og alþjóðasamskipti horfa svo mögulega á enn aðra þætti.³³ Skilgreiningarnar geta þannig verið misjafnar eftir því hvort lögð er áhersla á hlutlæga þætti, eins og ríki eða landsvæði, eða hvort frekar er horft til huglægari þátta, eins og viðhorfa eða tilfinninga.³⁴

Þó hugtökin *þjóð*, *þjóðerni* og *þjóðernishyggja* séu nátengd þá hafa þau vissulega ólíkar skírskotanir. Við skilgreiningu á hugtakinu *þjóð* (e. nation) virðist nokkur sátt um að ákveðin atriði þurfi til að hópur fólks teljist þjóð. Það sem oftast er nefnt er að þjóð sé hópur fólks sem eigi sér sameiginlega sögu, menningu, tungumál, sameiginlegan uppruna og leitist gjarnan eftir sjálfsstjórn, en misjafnt er að hve miklu leyti ríkisvaldið er tengt skilgreiningum á þjóðarhugtakinu.³⁵ Þjóðernishyggja (e. nationalism)³⁶ hefur verið útskýrð á mismunandi vegu, en í

³³ Þetta kemur m.a. fram í bók A.D. Smith *Nationalism* á bls. 1. Smith segir einnig síðar í bók sinni að „Þjóðerni beri að skilja sem hnattrænt fyrirbæri sem hafi mismunandi hliðar (e. facets) og að mikilvægt sé að rannsaka hverja hlið ef við ætlum okkur að skilja svo breytilegt fyrirbæri.“ Smith, *Nationalism*, bls. 36.

³⁴ Sama heimild, bls. 11.

³⁵ Á þessum nótum eru margar orðabókaskilgreiningar á þjóðarhugtakinu og það sama má segja um texta hinna ýmsu fræðimanna. Sjá t.d. Smith, *Nationalism*, bls. 13. Tengingin við ríkisvaldið kemur sterkt í skilgreiningu Max Weber á þjóðarhugtakinu, sjá *From Max Weber: Essays in Sociology*. Hér í Smith, *Nationalism*, bls. 25.

³⁶ Enska orðið „nationalism“ hefur nokkrar mismunandi tilvísanir í íslensku. Með því er oftast átt við *þjóðernisstefnu* eða *þjóðernishyggju*, en einnig má sjá það notað um *þjóðernisvitund* og *þjóðerniskennnd*. Eins er orðið *þjóðerni* stundum notað þegar talað er um „nationalism“ þó sjálfsagt væri réttara að nota um það enska orðið „nationality“ þar sem það vísar frekar í ríkisfang eða hværrar þjóðar einstaklingur er. Merking orðanna skarast því nokkuð og notkun þeirra hér gerir það einnig að einhverju leyti.

flestum tilvikum er þó átt við samsömun einstaklinga á grundvelli þess að þeir tilheyri sömu þjóð, og þar sem þjóðin eða þjóðernið er í forgrunni.³⁷ Í hugtakinu felst ákveðin sjálfsskilgreining, það að telja sig tilheyra ákveðinni þjóð. Sú samkennd getur verið vegna ólíkra þátta eins og kynþáttar, trúarbragða, menningar, sameiginlegrar reynslu eða einhvers konar samspils þessara þátta. Þegar svo þessi samkennd, eða sameiginlega sjálfsmynd (e. collective identity), hefur pólitískar afleiðingar eða tengingar er gjarnan talað um þjóðernisstefnu.³⁸ Þjóðernishyggja er því sú hugmyndafræði sem tengir samfélagið við þjóðina og verður sú sjálfsmynd sem sameinar íbúana, þ.e. á grundvelli þjóðernisins.³⁹

En það er ekki bara í fræðunum sem sjónum er beint að umræðum um þjóðerni. Í hinu daglega lífi erum við sífellt að þróa viðhorf okkar til þess og móta. Menning, sjálfsmynd, saga og minningar skipta ekki síður miklu máli í því að móta þessar hugmyndir í hugum okkar.⁴⁰ Þannig er fólk almennt innblásið af hugmyndum um þjóðerni, hinn almenni borgari jafnt sem rithöfundar eða fræðimenn. Sumir vilja jafnvel ganga svo langt að segja að hugmyndir um *þjóðina* og það hvernig fólk líti á sína *þjóð* megi einna helst líkja við trúarbrögð, og það tangarhald sem trúin getur haft á fólki, þ.e. að þjóðerni sé eins konar *pólitísk trúarbrögð* (e. political religion) frekar en pólitísk hugmyndafræði.⁴¹ Margt af því sem tengist þjóðríkinu og þjóðinni undirstrikar þetta. Það má sjá við ýmis tækifæri bæði í ræðu og riti þar sem þjóðinni og þjóðerninu er hampað, t.d. við opinberar athafnir, við hátíðleg tækifæri og á tyllidögum, jafnt sem íþróttaviðburðum. Víða erlendis má sjá dæmi um slíkt í athöfnum sem haldnar eru til minningar um þá sem hafa fórnað sér fyrir land og þjóð. Félagsfræðingurinn Anthony D. Smith er einn þeirra sem hafa tekið þessa umræðu upp, en hann telur að á slíkum stundum myndist eins konar heilagt samband borgaranna (e. sacred communion of citizens).⁴² Eins er það ekki óalgengt að leiðtogar þjóðarinnar, einkum þeir sem hafa leitt hana til sjálfstæðis, fái á sig nánast guðlega mynd fyrir störf sín í hennar þágu.⁴³ Þjóðarhugtakið ber

³⁷ Sjá t.d. Smith, *Nationalism*, bls. 9 og *National Identity*, bls. 72.

³⁸ Paul R. Viotti og Mark V. Kauppi, *International Relations and World Politics* bls. 464.

³⁹ Philip Spencer og Howard Wollman, *Nationalism*, bls. 2-3 og 57.

⁴⁰ Sama heimild, bls. 3.

⁴¹ Sjá m.a. í Smith, *Nationalism*, bls. 35. Upphaflega í Emile Durkheim, *The Elementary Forms of the Religious Life*.

⁴² Smith, *Nationalism*, bls. 35.

⁴³ Smith, *Nationalism*, bls. 35. Sama heimild. Segja má að Jón Sigurðsson hafi hlotið slíkan sess fyrir þátt sinn í sjálfstæðisbaráttu (íslensku) þjóðarinnar, sem nokkurs konar bjargvættur og hetja.

að skoða með alla þessa þætti í huga. Það hefur ekki einungis pólitískar tengingar, heldur tengjast því aðrir og flóknari þættir eins og menning og trú. Taka þarf tillit til þessara þátta þegar fjallað er um *þjóðir* og *þjóðerni*.

Nútímahugtök

En þó margar hugmyndir séu uppi um skilgreiningar á þjóðum og þjóðerni virðast flestir þó sammála um að hugtökin séu tiltölulega ný af nálinni í heimssögunni, í það minnsta í þeirri merkingu sem við tölum um þau í dag.⁴⁴ Vissulega má finna dæmi um að þjóðerni hafi skipt máli í sjálfsmynd einstaklinga fyrr á tímum og að menn hafi talið sig tilheyra ákveðnum þjóðum, en fræðimenn virðast sammælast um að það hafi ekki verið að sama marki og síðar varð.⁴⁵ Pólitísk merking hugtaksins festir hins vegar ekki rætur fyrr en seinna. Guðmundur Hálfðanarson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, hefur t.a.m. sagt að nútímaþjóðin sé „fyrst og fremst pólitískt fyrirbæri og tengist sem slíkt náíð uppruna og þróun nútíma ríkisvalds.“⁴⁶ Þær hugmyndir sem við göngum út frá í dag virðast þannig að mestu fram komnar sem pólitísk fyrirbæri í tengslum við umræðuna um þjóðríki og fullveldi á 18. og 19. öld.⁴⁷

Þessa umræðu má einkum tengja við tvo merka atburði sögunnar, annars vegar friðarsamningana í Vestfalen, sem gerðir voru árið 1648, og hins vegar frönsku byltinguna, árið 1789. Í þessari nálgun kemur þó fram ákveðinn meiningarmunur á milli sagnfræðinga og stjórnmálafræðinga. Það er viðtekin venja í stjórnmálafræði að telja Vestfalen-samninginn, sem batt endi á þrjátíu ára stríðið, nokkurs konar upphaf að stjórnskipulagi þar sem sjálfstæð og fullvalda ríki stjórnðu því landsvæði sem þeim tilheyrði. Þar megi finna upphafið að þjóðríkjaskipulagi í Evrópu þar sem þjóðríkin juku við völd sín og urðu helsta stjórnmálaeiningin. Margir sagnfræðingar tengja þróun þjóðríkja mun frekar einveldishugmyndum og lýðræðisþróun og að þær breytingar hafi tekið langan tíma að festa sig í sessi. Engu að síður hafa hugmyndir sem byggja á þessu

⁴⁴ M.a. í Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 25-28. Viotti og Kauppi, *International Relations and World Politics*, bls. 464 og Smith, *Nationalism*, bls. 45-47, þar sem hann talar um að ekki einungis sé þjóðerni nýtt fyrirbæri, heldur einnig „þjóðir, þjóðríki, þjóðarsjálfsmýndir og allt „al-þjóða“ samfélagið“, eins og hann kallar það.

⁴⁵ Um þetta er m.a. fjallað í greinum Sverris og Ármanns Jakobssonar í *Þjóðerni í þúsund ár*. Annars vegar „Sjálfsmýndir miðalda og uppruni Íslendinga“ eftir Sverri Jakobsson og hins vegar „Konungurinn og ég. Sjálfsmýnd Íslendinga frá 13. öld“ eftir Ármann Jakobsson.

⁴⁶ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 35.

⁴⁷ Smith, *Nationalism*, bls. 5 og Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 35.

fyrirkomulagi verið alls ráðandi í kenningum alþjóðasamskipta á síðastliðnum áratugum, og ekki síður í hugum fólks, þrátt fyrir að það sé tiltölulega ungt í sögulegu samhengi. Margir samverkandi þættir hafa ugglaut valdið því að þetta kerfi varð ofan á,⁴⁸ en þó má telja nokkuð ljóst að tilvist ríkja hafi verið forsenda þess að hugmyndir um fullveldi, þjóðerni og þjóðarsjálfsmyndir (e. national identity) urðu til.⁴⁹

Franska byltingin árið 1789 hefur gjarnan verið talinn sá atburður sem hvað skýrast markar upphaf þjóðernishyggju eins og við tölum um hana í dag. Með falli einveldisstjórna og myndun þjóðríkja breyttist viðhorf fólksins til yfirvalda.⁵⁰ Þar mótuðust hugmyndir um hina fullvalda *þjóð*, þegar valdið færðist úr höndum guðlegra leiðtoga, sem töldu sig skipaða af sjálfu almættinu, til þjóðarinnar.⁵¹ Hugmyndir um fullveldi og þjóðríki (og reyndar lýðræði líka) hafa þannig verið samofnar allt frá þessum tíma.⁵² Og það var ekki síst í þessu samhengi sem þjóðernishyggja var eflað, til að hvetja *þjóðina* (fólkið í ríkinu) til að standa saman sem ein heild og tengjast ríkinu tilfinningalegum böndum. Þannig má í raun segja að Frakkar hafi verið fyrstir til að notfæra sér hugmyndina um *þjóðerni* til að fá íbúa ríkisins til að standa saman. Þjóðin var gerð að grundvallarhugtaki með nýjum táknum sem undirstrikuðu það að íbúarnir tilheyrðu sömu fjölskyldunni, franskri þjóð.⁵³ Þróunin sem varð upp úr frönsku byltingunni varð því meira en breyting á stjórnarfyrirkomulagi og með henni fæddust margar nýjar pólitískar hugmyndir og hugmyndafræði sem höfðu áhrif á þróun mála í Evrópu, og þaðan seinna um allan heim.⁵⁴ Smith tekur svo djúpt í árinna að segja að franska byltingin hafi ekki einungis hrundið af stað nýrri hugmyndafræði, heldur komið á

⁴⁸ Ýmsar hugmyndir varðandi það hvers vegna ríkjakerfi nútímans hafi orðið ofan á má finna m.a. í Michael Billig, *Banal Nationalism*. Þar er talað um að nútíminn hafi kallað á þetta skipulag og að ríkjaformið hafi haft efnahagslegt forskot á annars konar fyrirkomulag. Hann telur að hernaðarleg sjónarmið hafi m.a. legið þarna að baki, þ.e. að ríki hafi hernaðarlega yfirburði yfir annars konar skipulag. Aðrar hugmyndir eru þó einnig nefndar í þessu sambandi, m.a. að það sé vegna kapítalisma, uppfinninga prentmiðla og aukins læsis, eða jafnvel nýlendustefnu Evrópubúa sem núverandi ríkjakerfi hafi orðið ofan á. Eins má finna umræður um þetta í Noam Chomsky, *Understanding Power* og Ernest Gellner, *Nations and Nationalism*.

⁴⁹ Viotti og Kauppi, *International Relations and World Politics*, bls. 64.

⁵⁰ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 114-116.

⁵¹ Billig, *Banal Nationalism*, bls. 25, Guðmundur Hálfðanarson, „Discussing Europe: Icelandic Nationalism and European Integration,“ bls. 133 og *Íslenska þjóðríkið*, bls. 115-116.

⁵² Úlfar Hauksson, „Staða og merking lýðræðis, fullveldis og þjóðríkisins á nýrri öld,“ bls. 638.

⁵³ Sjá m.a. hugmyndir Anthony Giddens um þjóðina sem eina fjölskyldu í *The Nation-State and Violence* bls. 116.

⁵⁴ Viotti og Kauppi, *International Relations and World Politics*, bls. 464-465.

nýrri tegund af mannlegu samfélagi sem fól í sér sameiginlega sjálfsmynd.⁵⁵ Þetta telur hann megingrundvöllinn fyrir því að hugtökin *þjóð* og *þjóðerni* séu nútímahugtök, og að þau hafi fyrst komið fram á sjónarsviðið með þessum breytingum.⁵⁶

En þótt hugtökin *þjóð* og *ríki* séu nátengd í hugum okkar er á þeim grundvallarmunur. Þjóðríkið (e. nation-state) tengist hugmyndum um fullveldi (e. sovereignty) og yfirráð yfir landsvæði, eins og áður er getið, á meðan þjóðin sjálf (e. nation) varðar samskipti fólksins í landinu og hvernig það lítur á sig sem hluta af ákveðinni heild sem á sameiginlegra hagsmuna að gæta.⁵⁷ Samkvæmt kenningum þýska félagsfræðingsins Max Weber eru þjóðríki nútímans ólík eldra fyrirkomulagi að því leyti að þau hafa meiri völd en áður þekktist og hafa einkarétt á valdbeitingu innan ríkisins.⁵⁸ Hann telur ríki hafa þróast á þennan hátt, en ekki að vald og valdbeiting séu eðlilegur hluti ríkjafyrirkomulagsins. Guðmundur Hálfðanarson tekur undir þetta sjónarmið að nokkru leyti og segir ríki hafa þróast á svipaðan hátt víða um heim og að á Íslandi megi t.d. sjá dæmi þess að miðstýring hafi aukist jafnt og þétt frá því á 19. öld. Ástæðurnar fyrir þessari þróun telur Guðmundur m.a. vera þær að samgöngur og samskipti hafi þróast á þann veg að auðveldara hafi orðið að nálgast upplýsingar og stunda margs konar viðskipti yfir langan veg, en ekki síður vegna þeirra breytinga sem urðu á þjóðfélögum með breyttum stjórnarháttum.

Ólíkar nálganir og stefnur

Hvað varðar þjóðerniskennd þá er gjarnan talað um tvær meginstefnur eða nálganir, annars vegar pólitíska þjóðernisstefnu og hins vegar menningarlega þjóðernisstefnu. Stefnurnar komu fram seint á 18. öld og þróuðust áfram á þeirri 19. Þær eru að mörgu leyti andstæður og leggja áherslu á ólíka þætti þó oft tengist þær líka. Pólitísk, eða borgaraleg þjóðernisstefna (e. civic nationalism), sem stundum hefur einnig verið kölluð *sjálfráð* (e. voluntary) þjóðernisstefna, þróaðist í vestrænum samfélögum þar sem litið var á þjóðina sem pólitíska einingu sem átti

⁵⁵ Smith, *Nationalism*, bls. 47.

⁵⁶ Reyndar nefnir Smith fleira til sögunnar en frönsku byltinguna, t.a.m. röð atburða og átaka sem áttu sér stað, einkum í Evrópu, á seinasta fjórðungi 18. aldarinnar, Smith, *Nationalism*, bls. 87.

⁵⁷ Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 2.

⁵⁸ Weber, „Starf stjórnarmálmannsins,“ bls. 121 og *Economy and Society*, bls. 54-56. Hér í Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 113-114.

sér sameiginlegt landsvæði, sögu og minningar og sameiginleg borgaraleg réttindi.⁵⁹ Allir þeir sem gangast undir hina pólitísku einingu sem myndar ríkið teljast í raun þjóðin, óháð t.d. kynþætti eða tungumáli. Hún er borgaraleg að því marki að samkvæmt henni samanstendur þjóðin af jafnrétttháum borgurum sem sameinast undir merkjum ríkisins óháð uppruna.⁶⁰ Menningarleg þjóðernisstefna (e. ethnic nationalism), það að líta á þjóðina sem *lífræna heild* (e. organic), er nokkurs konar andsvar við þessum hugmyndum, en samkvæmt henni eru einstaklingarnir sem mynda þjóðina tengdir á náttúrulegan hátt og eiga sér sameiginlegar rætur.⁶¹ Í henni birtist þjóðin sem samfélag fólks með sameiginlegan uppruna og örlög.⁶² Samkvæmt borgaralegri þjóðernisstefnu geta einstaklingar í raun valið hvaða þjóð þeir tilheyra,⁶³ en í skilningi menningarlegrar þjóðernisstefnu er það ekki hægt þar sem einstaklingar fæðast inn í ákveðna þjóð og tengjast henni órjúfanlegum böndum alla ævi.⁶⁴ Í ljósi þess hversu mikil áhrif þessar tvær stefnur hafa haft á þróun umræðunnar um þjóðir og þjóðernishyggju er rétt að skoða þær nánar.

Menningarleg þjóðernisstefna hefur verið tengd við rómantíska hugmyndafræði, þá sem gjarnan er kennd við Þýskaland, og leggur frumlægar kenningar (e. primordialism) til grundvallar. Líkt og þær kenningar byggir stefnan á hugmyndum um afturhvarf til náttúrunnar og upprunans, eða hið náttúrulega eðli þjóða. Samkvæmt slíkum kenningum eru þjóðir náttúruleg fyrirbæri og hafa alltaf verið til. Þær eru frumlægar (e. primordial) og vald þeirra því ótvírætt.⁶⁵ Smith segir þessar hugmyndir um *náttúruvæðingu*⁶⁶ hafi verið komnar fram á sjónarsviðið um 1789 og að þær hafi haft áhrif á ákveðin form þjóðernishyggju. Að hans mati hafa fræðimenn sem kenndir eru við rómantísku stefnuna byggt sín stefnumið á þessum hugmyndum, og ber þar hæst þýsku heimspekingana Johann Gottfried Herder og Johann Gottlieb Fichte. Herder er í raun einn helsti

⁵⁹ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 23.

⁶⁰ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 142-143. Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 101.

⁶¹ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 24-5.

⁶² Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 101 og Smith, *National Identity*, bls. 11.

⁶³ Hér er vísað til hugmynda Ernest Renans um að þjóðir verði til við „daglega atkvæðagreiðslu“ sem vikið verður að síðar.

⁶⁴ Smith, *Nationalism*, bls. 40.

⁶⁵ Sama heimild, bls. 51. Smith talar einnig um að þessar hugmyndir hafi verið komnar fram á sjónarsviðið um 1789 og notaðar til að réttlæta sjálfsforráð ríkisins löngu áður en hinir þýsku rómantíkerar komu til sögunnar og gerðu slíkar kröfur fyrir þýsku þjóðina.

⁶⁶ Smith notar orðið „naturalizing“ í þessu samhengi.

hugmyndasmiður menningarlegrar þjóðernisstefnu og hugtökin *þjóð* og *þjóðernisstefna* koma einna fyrst fram á sjónarsviðið sem pólitísk hugtök hjá honum.⁶⁷ Nálgun Herders byggir á því að saga þjóða leggi grunn að sjálfsmynd þeirra.⁶⁸ Hann leit á þjóðir sem náttúruleg fyrirbæri og að samspil manns og náttúru hefði þannig mótað þjóðernið.⁶⁹ Í þessum kenningum endurspeglast hugmyndin um hið *lífræna*, þ.e. að þjóðin sé eins konar lífvera sem hafi ákveðna eiginleika og sína sérstöku sál, þjóðarsál (þ. Volksgeist).⁷⁰

Í kenningum sínum lagði Herder ríka áherslu á mikilvægi tungumálsins, sem hann taldi sýna hið sanna eðli þjóðarinnar og væri þannig í raun forsenda þjóðernis.⁷¹ Tungumálið sameinaði þjóðina og í því endurspegluðust sameiginlegar minningar hennar,⁷² eða eins og Sigríður Matthíasdóttir kemst að orði: „Hið sérstaka þjóðareðli birtist fyrst og fremst í tungumálinu sem geymdi hina sameiginlegu reynslu og þar sem hver einstök þjóð ætti sér einstaka sögu og hefði sprottið úr sérstöku náttúrulegu umhverfi, þá hlyti hver þjóð um sig að öðlast einstök einkenni, einstakt eðli og einstaka þjóðarsál.“⁷³ Að mati Herders, geymir tungumálið sameiginlega menningu og hefðir sem flytjast á milli kynslóða og tengjast okkar innstu hugsunum og tilfinningum.⁷⁴ Tungumálið er samkvæmt því hluti af sjálfsmynd hvers einstaklings og um leið sjálfsmynd þjóðarinnar.⁷⁵ Fichte tók undir hugmyndir Herders með mikilvægi tungumálsins. Hann taldi þá sem töluðu sama tungumálið tengda órjúfanlegum böndum⁷⁶ og gekk í raun skrefinu lengra en Herder í sinni nálgun. Hann talaði fyrir yfirburðum þýskrar þjóðar á grundvelli tungumálsins, sem hann taldi upprunalegt. Þjóðir sem ættu upprunaleg tungumál taldi hann vera „lifandi“. Þær einar væru í beinu sambandi við menningu sína og sögu þar sem samband þeirra við upprunann væri skýrt og óslitið.⁷⁷

⁶⁷ Smith, *Nationalism*, bls. 5.

⁶⁸ Björn Þorsteinsson og Gauti Kristmannsson, „Saga og sjálfsmyndir,“ bls. 3.

⁶⁹ Í Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 18-19.

⁷⁰ Í Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 25.

⁷¹ Í Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 18-19. Sjá einnig Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 16.

⁷² Hér má m.a. benda á áhugaverð skrif Maurice Halbwachs: *On Collective Memory* og Pierre Nora: *Realms of Memory* sem nánar verður vikið að síðar.

⁷³ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 25.

⁷⁴ Í Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 19.

⁷⁵ Í Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 25.

⁷⁶ Í Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 16.

⁷⁷ Í Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 22.

Menningarleg þjóðernisstefna naut töluverðra vinsælda í Evrópu á síðari hluta 19. aldar, einkum í Þýskalandi. Það er ekki óeðlilegt í ljósi þeirra breytinga á þjóðríkjaskipulagi sem áttu sér stað í kjölfar frönsku byltingarinnar þar sem þjóðríkin þurftu að finna nýjar leiðir til að sameina þegnana. Fleiri fræðimenn fylgdu í kjölfar þeirra Herders og Fichte og hugmyndafræði þeirra hefur oft á tíðum verið notuð til að réttlæta kynþáttahyggju og öfgakennda þjóðernisstefnu, t.a.m. byggðu hugmyndir um yfirburði þýskrar þjóðar ekki síst á grundvelli tungumálsins.⁷⁸ Þýskaland Hitlers sýnir svo glögglega hvernig þjóðernisstefna sem gengur út í öfgar getur þróast út í kynþáttafordóma, eða rasisma.⁷⁹

Borgaraleg þjóðernisstefna er gjarnan kennd við franska trúarbragðafræðinginn Ernest Renan. Að mörgu leyti leit hann öðrum augum á fyrirbærið þjóð en kollegar hans í Þýskalandi. Í frægum fyrirlestri sem hann hélt við Sorbonne háskóla árið 1882 talar hann um að þjóðir séu sögulega ákvarðaðar frekar en eðlislægar, og byggist að miklu leyti á sameiginlegum vilja fólks.⁸⁰ Samkvæmt kenningu hans er líf þjóðar að miklu leyti *dagleg atkvæðagreiðsla* þar sem vilji einstaklinganna ræður mestu um það hverjir tilheyra þjóðinni frekar en t.d. tungumál, trú eða kynþáttur. Að hans mati er það þó ekki svo að menn skipti um þjóðerni eftir hentugleika, heldur að pólitískur vilji og minningarnar sem þjóðin á sameiginlega séu það sem myndi hana.⁸¹ Sameiginlegar goðsagnir og minningar um hetjudáðir í fortíðinni, ásamt sameiginlegri sýn á nútíð og framtíð gegna því lykilhlutverki í því hvað gerir fólk að þjóð.

Að minnast sameiginlegra sigra í fortíðinni og að deila sameiginlegum vilja í nútíðinni, að hafa afrekað merka hluti saman ... þetta eru nauðsynleg skilyrði fyrir því að teljast þjóð.⁸²

Þessar kenningar eru gjarnan settar fram gegn menningarlegri þjóðernisstefnu og ofuráherslu hennar á tungumálið og hið náttúrulega eðli þjóða. Þær ganga út frá pólitískum vilja og borgaralegum réttindum fólksins, og samkvæmt þeim er

⁷⁸ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 21-22. Guðmundur bendir þó á að Herder sjálfur hafi afneitað kynþáttahyggju að því leyti að hann taldi enga þjóð annarri fremri, þó hugmyndir um hina útvöldu þjóð hafi gjarnan verið byggðar á nálgun menningarlegrar þjóðernisstefnu um þjóðir og tungumál.

⁷⁹ Sjá umræðu m.a. í Viotti og Kauppi, *International Relations and World Politics*, bls. 465.

⁸⁰ Fyrirlesturinn *Qu'est-ce qu'une nation?* (e. What is a Nation?) má nálgast í enskri þýðingu á vefsíðu Global Policy Forum.

⁸¹ Umfjöllun um fyrirlestur og nálgun Renans má finna víða. Hér er einkum stuðst við eftirfarandi: Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 17-18 og Smith, *Nationalism*, bls. 36-37.

⁸² Í Smith, *Nationalism*, bls. 37 (þýðing mín). Einnig á vefsíðu Global Policy Forum.

Þjóðin „fyrst og fremst pólítísk eining og það sem sameinar þegnana er sameiginlegt landsvæði, saga og minningar, sameiginleg lagaleg og stjórnmalaleg réttindi og borgaraleg menning þegnanna.“⁸³ Þessar sameiginlegu minningar tengja einstaklinga við þjóðina í gegnum sameiginlega, og oft glæsta fortíð, og sameiginlega sýn á framtíðina.⁸⁴ Þeir sem aðhyllast menningarlega þjóðernisstefnu horfa vissulega einnig til fortíðar og framtíðar þjóðarinnar, og þeir, líkt og Renan, líta svo á að hver þjóð eigi sína menningu og sín örlög. En ólíkt þeim hugmyndum sem Renan kynnti töldu þeir uppsprettuna ekki liggja í sögunni eða pólítískum útfærslum, heldur í hinu náttúrulega, sem að þeirra mati var fyrst og fremst tungumálið.⁸⁵ Hugmyndir um menningarlega og borgaralega þjóðernisstefnu sem komu fram á sjónarsviðið á umbrotatímum á 19. öld hafa mótað fræðin allar götur síðan. Flestir aðhyllast sennilega einhvers konar samspil af þessum ólíku nálgunum, þ.e. áhersluna á náttúrulegt eðli þjóða og tungumál eða minningar og pólítískan vilja. Áherslan á mikilvægi tungumálsins er engu að síður enn áberandi í umræðum um þjóðerni og þjóðernishyggju, enda er hugmyndin um sameiginlegt tungumál sterkt tákn um menningarlega samstöðu og ekki síður mikilvægt stjórnþæki ríkisins.⁸⁶

Tvær megináherslur

Hugmyndir um *þjóðir* og *þjóðerni* hafa þróast og tekið ákveðnum breytingum á þeim tíma sem liðinn er frá því að þær komu fyrst fram á sjónarsviðið.⁸⁷ Kenningar 19. aldarinnar hafa sett mark sitt á þróun umræðunnar, en segja má að það hafi ekki verið fyrr en á 20. öldinni sem farið var að flokka þær kenningar sem komu fram á 19. öld í ólíkar stefnur og tengja þær umræðum um þjóðerniskennd. Mismunandi áherslur og nálganir hafa komið fram sem tengja má við hina ýmsu kenningaskóla og stefnur þar sem takast á ólík sjónarmið.⁸⁸ Þessar kenningar, eða nálganir, um uppruna þjóðerniskenndar, eða þjóðernishyggju, má

⁸³ Í Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 24.

⁸⁴ Smith, *Nationalism*, bls. 37.

⁸⁵ Sama heimild, bls. 38-39.

⁸⁶ Thomas H. Eriksen, *Ethnicity and Nationalism: Anthropological Perspectives*, bls. 101-102.

⁸⁷ Smith talar t.d. um að eðli þjóðerniskenndar geti breyst með tímanum. Sjá Smith, *Nationalism*, bls. 40. Eric J. Hobsbawm hefur einnig komið inn á þessa umræðu, þ.e. hvernig ýmsir straumar og stefnur hafa haft áhrif á þjóðernisvitund og hvernig hún hefur þróast í kjölfarið. Hobsbawm, *Nations and Nationalism since 1780*, bls. 9.

⁸⁸ Spencer og Wollman tala t.d. um að greina megi ákveðna togstreitu á milli frumlægra kenninga (e. primordial) annars vegar og hins vegar nýrri kenninga, eins og móðernisma, um uppruna þjóða og þjóðerniskenndar. Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 3 og 25-27.

flokka í grófum dráttum undir móðernisma (e. modernism) annars vegar, og hins vegar eþnisisma (e. ethnicism).⁸⁹ Móðernisminn felur í sér nokkrar mismunandi áherslur⁹⁰ en þeir sem aðhyllast þessa nálgun telja þjóðerniskennd vera nýtt fyrirbæri í sögulegu samhengi og hafna því að þjóðir séu náttúrulegar. Einn virtasti kennismiður þessarar nálgunar er félagsmannfræðingurinn Ernest Gellner sem segir að þjóðernishyggja sé afsprengi nútímans og að hún geti mótað þjóðir, eða jafnvel búið þær til.⁹¹ Í sama streng tekur stjórnmálafræðingurinn Benedict Anderson, sem segir þjóðir vera *ímynduð samfélög* (e. imagined communities) sem hafa myndast við ákveðnar pólitískar og menningarlegar aðstæður.⁹² Að hans mati hlýtur þjóð alltaf að vera fyrst og fremst huglægt fyrirbæri þar sem hún samanstendur af mörgum ólíkum einstaklingum, sem ekki þekkjast innbyrðis. Samkennd þjóðarinnar sé því að miklu leyti ímynduð. Anderson fellur í flokk þeirra fræðimanna sem aðhyllast mótunarhyggju (e. constructivism) og horfa á þjóðir sem félagslega mótuð nútímafyrirbæri.⁹³ Að hans mati mótast þjóðir m.a. í gegnum orðræðu og í því samhengi gegni prentmiðlar veigamiklu hlutverki. Í gegnum þá hafi fólk fengið nýja sýn og farið að hugsa um sig í öðru samhengi en áður.⁹⁴ Prentmiðlar hafi einnig haft mikil áhrif á mótun þjóðernisstefnu og fjölmiðlar hafi tekið við þeim kyndli og haldið á lofti í seinni tíð. Bæði er tungumálinu viðhaldið í gegnum þessa miðla, en eins hafa fjölmiðlar haft mikil áhrif á mótun þjóðerniskenndar og viðhaldið henni í gegnum þjóðhverfa orðræðu.⁹⁵ Anderson telur mikilvægt að skoða hvernig sagan er sögð og hvernig þjóðernishyggju er haldið á lofti.⁹⁶ Hann hefur lagt minni áherslu á pólitískar hliðar þjóðernishyggju en leggur meira upp úr því að skilja þann kraft sem liggur að baki hennar, sem birtist m.a. í því hversu margir séu reiðubúnir að fórna sér fyrir þjóðina.⁹⁷

⁸⁹ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 26.

⁹⁰ Smith nefnir t.a.m. eftirfarandi áherslur í bók sinni *Nationalism*, bls. 47-48: félagsshagfræðilegar (e. socioeconomic), félagsmenningarlegar (e. sociocultural), pólitískar, hugmyndafræðilegar og mótunarhyggju. Allar falla þær þó undir enska hugtakið „structural modernism“. Einnig er ítarlega farið yfir móðernisma í annarri bók Smiths, *Nationalism and Modernism*.

⁹¹ Gellner, *Nations and Nationalism*, bls. 48-49 og *Thought and Change*, bls. 168-169.

⁹² Benedict Anderson, *Imagined Communities*, bls. 6.

⁹³ Sjá skilgreiningu Smith á mótunarhyggju í *Nationalism*, bls. 48.

⁹⁴ Sjá umræðu um þetta í 3. kafla bókar Andersons, *Imagined Communities*.

⁹⁵ Eriksen kemur einmitt inn á þetta í bókinni *Ethnicity and Nationalism* á bls. 105 og nefnir m.a. Falklandseyjastríðið sem gott dæmi. Þar var málstaður hvors aðila um sig settur fram með ólíkum hætti og spilað á þjóðernislega strengi.

⁹⁶ Í Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 40.

⁹⁷ Anderson, *Imagined Communities*, bls. 7.

Þeir Anderson og Gellner eru að mati margra meðal áhrifamestu fræðimanna síðustu áratuga sem fjallað hafa um þjóðernisstefnu. Þó þeir hafi í skrifum sínum lagt áherslur á mismunandi þætti þjóðernishyggju telja þeir báðir, líkt og aðrir módernistar, skýr tengsl vera á milli þjóðarinnar og ríkisins.⁹⁸ Í kenningum módernista er öllum hugmyndum um að þjóðir séu náttúruleg fyrirbæri hafnað. Raunveruleikinn er sá, að mati Gellners, að þjóðernishyggja getur bæði búið þjóðir til úr ákveðnum hópum, og að sama skapi getur hún eytt þeim.⁹⁹ Hann horfir gagnrýnum augum á þjóðernishyggju og telur, á svipaðan hátt og félagsfræðingurinn Emile Durkheim, að hún sé ákveðið tæki ríkis eða samfélags til sjálfsdýrkunar.¹⁰⁰

Grunnurinn í hugmyndafræði módernista er því sá að þjóðir séu ekki gömul fyrirbæri, eins og þær vilja gjarnan líta á sig, heldur ný. Þeir telja umræðuna um þjóðir eiga sér rót í breytingum þeim sem áttu sér stað í Evrópu í kringum frönsku byltinguna,¹⁰¹ eins og nefnt var að framan. Gellner lítur t.a.m. á þjóðernishyggju sem afsprengi iðnvæðingar og aukins flæðis fólks á milli landa.¹⁰² Flestir módernistar líta svo á að þjóðernishyggja sé fyrst og fremst pólitískt fyrirbæri (e. political principle) þar sem samhljómur sé á milli hins pólitíska og hins þjóðlega.¹⁰³ Hugmyndafræði þeirra byggist á því að ákveðinn hópur manna, eða þjóð, stjórni (e. dominate) ríkinu og þjóðríki sé því ríki sem stjórnað er af ákveðinni þjóð. Tákn ríkisins og þjóðarinnar eru skýr og endurspeglast t.d. í tungumáli eða trú, og fléttast gjarnan inn í löggjöf ríkisins.¹⁰⁴ Í táknum endurspeglast sú hugsun sem margir hafa haldið á lofti að þjóðernishyggja fylli ákveðið tóm sem myndaðist við brotthvarf samsettra konungdæma í Evrópu, og kannski ekki síður við minnkandi áherslu á trúarbrögð og trúarvitund í hinum vestræna heimi.¹⁰⁵ Ef horft er á þjóðernishyggju út frá þessum pólitísku hliðum má hugsanlega taka undir með sagn- og stjórnmálafræðingnum John Breuilly, sem hefur sagt að þar sem stjórnmál snúist um stjórn ríkja þá sé þjóðernishyggja fyrst

⁹⁸ Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 99.

⁹⁹ Gellner, *Nations and Nationalism*, bls. 48-49.

¹⁰⁰ Sjá umfjöllun um þetta í bók Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 35.

¹⁰¹ Sjá t.d. í Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 100.

¹⁰² Sama heimild, bls. 103

¹⁰³ Gellner, *Nations and Nationalism*, bls. 1.

¹⁰⁴ Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 98.

¹⁰⁵ Sjá umræður um þetta m.a. í Anderson, *Imagined Communities*; Smith, *Nationalism*, bls. 79-80 og Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 39.

og fremst stjórnþæki.¹⁰⁶ Valdabaráttu á milli elítuhópa við myndun þjóðríkja staðfestir, að hans mati, að þjóðernishyggja sé fyrst og fremst nútímafyrirbæri.¹⁰⁷

Ekki eru þó allir sammála kenningum móðernista, og margir sem vilja líta á fyrirbærið þjóð sem miklu eldra. Í frumlægum kenningum, er lögð áhersla á að þjóðir séu *frumlægar einingar* eða upphaflegar, nátengdar náttúru og sögu.¹⁰⁸ Frumlægar kenningar tengjast baráttu margra Evrópuþjóða fyrir sjálfstæði, enda fléttast þær saman við frjálslyndar hugmyndir um sjálfsforræði þjóða¹⁰⁹ eins og þeim sem komu fram á sjónarsviðið með frönsku byltingunni, þar sem frönsk þjóð varð til samhliða hinu nýja lýðveldi.¹¹⁰ Sumir vilja tengja frumlægar kenningar við hugmyndir sem kenndar eru við „perenníalísma“ (e. perennialism), þar sem lítið er svo á að þjóðir séu ekki ný fyrirbæri, heldur eigi rætur sínar að rekja langt aftur í fortíðina. Aðrir fræðimenn benda á að þótt perenníalísma geti vissulega fallið undir kenningar um frumlæg tengsl við náttúru og sögu, þá þurfi það ekki að vera svo. Þjóðir geti átt langa sögu án þess endilega að vera náttúrulegar.¹¹¹

Frumlægar kenningar um tengsl þjóða við upprunann og náttúruna eru gjarnan flokkaðar undir þá nálgun sem hefur verið nefnd efnisismi. Einn helsti boðberi þeirrar nálgunar nú á dögum er fyrrum lærisveinn Gellners, Anthony D. Smith, sem minnst hefur verið á framfar. Þrátt fyrir að hann sé að mörgu leyti sammála móðernistum um það að þjóðir séu nútímafyrirbæri, þá telur hann að þær eigi sér engu að síður alltaf dýpri rætur. Hann telur að allar þjóðir eigi sér efnískar rætur sem séu grunneining og forsenda þjóðernis.¹¹² Að hans mati hefur þjóðernishyggja tengt hópa og aðgreint þá um langa tíð, jafnvel allt frá upphafi þjóðflokksamfélaga (e. *ethnie*)¹¹³ sem hann telur forvera þjóða og að nútíma-

¹⁰⁶ John Breuilly, *Nationalism and the State*, bls. 2. Sjá einnig umfjöllun um kenningar Breuilly í Smith, *Nationalism*, bls. 75.

¹⁰⁷ Í Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 47.

¹⁰⁸ Frumlægar kenningar hafa líka verið nefndar *eðlislægar* í íslenskum ritum, enda telst þrímóðíalísma vera ein grein essentíalísma, eða eðlshyggju.

¹⁰⁹ Sjá umræður um þjóðir sem frumlægar einingar m.a. í Smith, *Nationalism*, bls. 51 og John Hutchinson, *Modern Nationalism*, bls. 3.

¹¹⁰ Smith, *Nationalism*, bls. 45.

¹¹¹ Umræðu um muninn á perenníalísma og frumlægum kenningum má m.a. finna í Smith, *Nationalism*, bls. 50.

¹¹² Smith, *Nationalism and Modernism*, bls. 195.

¹¹³ Enska hugtakið „*ethnie*“ hefur verið þýtt á mismunandi vegu í íslenskum fræðitextum. Hér er notast við það orðalag sem Guðmundur Hálfðanarson hefur notað fyrir hugtakið „*ethnie*“, þ.e. þjóðflokksamfélag. Sjá skýringu hans í *Íslenska þjóðríkið*, bls. 256.

Þjóðríki séu því byggð á tilvist eldri þjóðernishópa (e. ethnic groups).¹¹⁴ Gunnar Karlsson sagnfræðingur tekur undir þessa skoðun Smiths, en hann telur a.m.k. að íslenskt þjóðerni hafi sproutið af efnískri samvitund og eigi sér mun lengri sögu en módernistar vilji meina.¹¹⁵ Það sem sameinar þjóðir, að mati Smith, eru m.a. goðsagnir um sameiginlegan uppruna, sameiginlega sögu og minningar, ásamt hugmyndinni um „heimalandið“.¹¹⁶ Hann telur enn fremur að það séu einmitt þessi atriði sem fylgjendur módernisma hafi túlkað upp á nýtt sem nútímafyrirbæri, en eigi sér í raun miklu lengri sögu. Það eru einmitt þessi atriði sem gefa þjóðernishyggju byr undir báða vængi að mati þeirra sem aðhyllast nálgun efnisisma, eða efnó-symbólisma, þ.e. goðsagnir, minningar, hefðir og tákn um sameiginlega arfleifð og gullna fortíð.

Bæði módernistar og þeir sem aðhyllast efnisisma hafa fjallað um þau sameiningartákn sem tengja þjóð saman. Þau órjúfanlegu bönd sem tengja þjóðina við land sitt og fá menn til að fórna sér í hennar nafni. Eins og áður var nefnt eru forsendurnar þó kannski ólíkar. Á meðan efnisistar horfa til fortíðar, sögu og minninga, líta módernistar á það sem val frekar en náttúruleg mál, goðsagnir hafi verið skapaðar einmitt í þeim tilgangi að sameina þjóðina. Að þeirra mati komu hugmyndir um þjóðina fram á sjónarsviðið í tengslum við þær breytingar sem urðu í kringum frönsku byltinguna, eins og áður hefur verið nefnt. Á tímum breytinga þurfti sameinandi öfl og þjóðernishyggja varð það afl sem notað var. Þjóðernishyggja, eða þjóðernisstefna gerði stjórnvöldum kleift að skapa sameiginlega sjálfsmynd (e. common identity) fyrir þegna sína, sem stóðu þá saman sem heild, gagnvart öðrum, hugsanlega ytri óvini. Tákn og goðsagnir sem notaðar hafa verið í þessum tilgangi eru því mikilvægar fyrir þjóðernishyggju, hvort sem maður aðhyllist móderníska nálgun eða þá efnisísku. Það er því rétt að skoða þessa þætti nánar.

2.2 Þjóðernisgoðsagnir, minningar og sameiginleg sjálfsmynd

Margir telja að þjóðríkjamyndun eins og sú sem fór af stað í kjölfar frönsku byltingarinnar hafi verið nýtt fyrirbæri sem átti sér enga hliðstæðu í sögunni.

¹¹⁴ Smith hefur tekið þessa umræðu fyrir í fjölda bóka og tímaritsgreina, m.a. í *Nations and Nationalism in a Global Era*, bls. 56-57.

¹¹⁵ Gunnar Karlsson, „Íslensk þjóðernisvitund á óþjóðlegum öldum,“ bls. 178.

¹¹⁶ Smith, *National Identity*, bls. 21.

Margs konar uppbygging átti sér vissulega stað innan ýmissa ríkja fyrir þann tíma, en hugmyndafræðin sem þróaðist í kjölfar þessara umbrota seint á átjándu öld um sjálfstæða þjóð (e. sovereign people) sem átti sameiginlega sögu og sameiginlega menningu var ný.¹¹⁷ Franska byltingin varð því upphafið á nýrri tegund af mannlegu samfélagi og hugmyndin um sameiginlega sjálfsmynd varð til.¹¹⁸ Enski félagsfræðingurinn Anthony Giddens hefur orðað það þannig að „tilvist þjóðarinnar helgist af sameiginlegu kerfi tákna og viðhorfa sem tengir alla meðlimi þjóðarinnar líkt og þeir tilheyrðu einni fjölskyldu.“¹¹⁹ Þjóðernsvitund hafi þannig mótað einstaklinginn þar sem táknin og viðhorfin gefi manningnum þá tilfinningu að hann sé hluti af pólitísku samfélagi. Táknin skapi þjóðinni ákveðna sjálfsmynd og verði um leið fastur punktur í lífi allra og að sama skapi hluti af sjálfsmynd einstaklingsins.¹²⁰

Margir telja þjóðernissinnaða menntamenn á 19. og 20. öld, ekki síst sagnfræðinga, hafa haft mikil áhrif á þróun þjóðernishyggju í Evrópu. Með ritun fræðibóka og kennslubóka þar sem sagan var sögð með pólitísk markmið í huga hafi þeir mótað sögu og minningar þjóðarinnar, og um leið mótað þjóðernisstefnu sem féll að hugmyndum um þjóðríkið. Þannig hafi sjálfsmynd þjóðarinnar verið mótuð í kringum pólitískar goðsagnir og endurritun þjóðarsögunnar.¹²¹ Stjórnámálamenn hafi í samstarfi við fræðimenn mótað sameiginlega arfleifið þjóðarinnar, þar á meðal tungumálið, minningarnar, söguna, goðsagnirnar og jafnvel landsvæðið til að efla þjóðernisvitund (e. nationalist sentiment). Dæmi um þetta má finna víða í ríkjum Evrópu á 19. og snemma á 20. öldinni. Fræðimennirnir Philip Spencer og Howard Wollman telja þetta hafa náð hámarki með sameiningu Þýskalands 1871.¹²² Með þessu má segja að hinum nýju þjóðríkjum hafi verið fundin sjálfsmynd sem byggð var á því að „þjóðin hefði náttúrulega hæfileika til að mynda nútíma þjóðríki. Goðsögnin um gullöldina lék

¹¹⁷ Sjá t.d. Smith, *Nationalism*, bls. 45.

¹¹⁸ Sama heimild, bls. 47.

¹¹⁹ Giddens, *The Nation-State and Violence*, bls. 116, hér í þýðingu Guðmundar Hálfðanarsonar, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 116. Slík tákn geta verið þjóðfánar, ættjarðarsöngvar o.fl. í þeim dúr. Að mati Guðmundar eru þessar hugmyndir Giddens ekki ósvipaðar hugmyndum Andersons um hina „ímyndugu þjóð“.

¹²⁰ Giddens, *Sociology*, bls. 303 og Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 22-23.

¹²¹ M.a. í Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 26, Hutchinson, *Modern Nationalism*, bls. 44-45 og Guðmundur Hálfðanarson, „Collective Memory, History, and National Identity“, bls. 86-87.

¹²² Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 74-76.

lykilhlutverk í þessu verkefni, en hún var skilgreind sem tími pólitískra og menningarlegra yfirburða.¹²³ Í þessum hugmyndum má heyra endurómun á kenningum Herders um hina náttúrulegu þjóð og hugmyndum um mismunandi tímabil þjóðarsögunnar, þ.e. gullöld, niðurlægingartímabil og endurreisn.¹²⁴

Sameiginlegar minningar

Margar skilgreiningar á hugtakinu þjóð ganga út frá því að það sem sameini hóp fólks í það sem við köllum *þjóð* séu m.a. sameiginlegar minningar (e. collective memory). Eins og áður hefur verið nefnt taldi Ernest Renan þjóð verða til við það að hópur fólks vildi búa saman sem þjóð og að sá vilji væri að miklu leyti til kominn vegna minninga hópsins um sameiginlega fortíð.¹²⁵ Það er því fyrst og fremst viljinn og minningarnar sem sameina þjóðina en ekki eitthvað sem er meðfætt eða eðlislægt.

Þjóð er sál, andlegt lögmál. Tveir hlutir, sem eru í sannleika sagt einn og hinn sami, mynda þessa sál, þetta lögmál. Annar þeirra býr í fortíðinni, hinn í nútímanum. Sá fyrri er sameiginlegur sjóður minninga; hinn er samkomulag nútímans, eða óskin, um að búa saman, viljinn til að gera sem mest úr þessari arfleifð sem við höfum tekið við í sameiningu.¹²⁶

Anthony Smith telur minningar einnig gegna lykilhlutverki í þjóðernisvitund fólks og að þær séu einn af þáttunum sem móti þjóðina. Þjóðin er að hans mati hópur fólks sem á sameiginlegt landsvæði, sameiginlegar goðsagnir og minningar.¹²⁷ Hugmyndin um sameiginlega fortíð, um það sem hefur gert þjóðina að því sem hún er, virðist þannig mjög sterk í þjóðernislegu samhengi og tengir þjóðina saman órjúfanlegum böndum.¹²⁸ Það er kannski einmitt á þessum forsendum sem margir vilja halda á lofti merkjum þjóðríkja og þjóðernishyggju nú á tímum hnattvæðingar, að þjóðin muni lifa sem eining einmitt vegna þess hversu mikilvægar minningarnar og sagan eru, þær séu nokkurs konar *jarðtenging* okkar og akkeri í rótlausri alþjóðamenningu.¹²⁹

¹²³ Þannig kemst Sigríður Matthíasdóttir að orði í grein sinni, „Þjóðerni og karlmennska á Íslandi við upphaf 20. aldar“, bls. 124.

¹²⁴ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 26-27 og Hutchinson, *Modern Nationalism*, bls. 44-45.

¹²⁵ Ernest Renan, „Qu'est-ce qu'une nation?“, bls. 891, hér í Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 177.

¹²⁶ Sama heimild. Þýðing Guðmundar.

¹²⁷ Smith, *Nationalism*, bls. 13. Í sinni skilgreiningu hér talar Smith um að auk þessa deili þjóðir einnig sameiginlegri menningu, hagkerfi, réttindum og skyldum.

¹²⁸ Smith, *National Identity*, bls. 15.

¹²⁹ Smith, *Nations and Nationalism in a Global Era*, bls. 21-24.

Franski félagsfræðingurinn Maurice Halbwachs er frumkvöðull að umræðunni um tengsl minninga og sameiginlegrar sjálfsmyndar.¹³⁰ Hann lítur á minni fyrst og fremst sem félagslegt fyrirbæri, þar sem skilningur okkar, að hans mati, byggist að miklu leyti á reynslu sem við öðlumst í félagslegu samhengi við aðra.¹³¹ Minningar tengjast félagslegum athöfnum frekar en persónulegri reynslu, og þannig skapast sameiginlegt minni með minningum ákveðinna hópa.¹³² Persónulegar minningar og félags- og sögulegar minningar hópsins eru þannig nátengdar.¹³³ Félagsfræðingurinn Paul Connerton hefur einnig skrifað um félagslegt minni og segir tilhneiginguna vera þá að hlutir séu ávallt settir í samhengi eða bornir saman við aðra og þeir staðsettir innan ákveðinna kerfa. Þannig megi segja að persónuleg saga viðkomandi og minningar tengist ávallt sögu þess hóps sem hann tilheyrir eða eigi uppruna sinn í.¹³⁴ Hann hefur einnig bent á að skoða verði félagslegan þátt minninga og hvernig þær berist á milli kynslóða, sem verði til þess að fólk muni og geri hluti á ákveðinn máta.¹³⁵ Halbwachs og Connerton eru þannig sammála um að persónuleg reynsla eigi sér yfirleitt stað í félagslegu samhengi og þannig skapist sameiginlegt minni með minningum ákveðinna hópa frekar en einstaklinga. Það eru svo minningar hópsins sem skapa sameiginlega sjálfsmynd hans. Hópurinn sem slíkur getur þó ekki munað, en með hópnunum koma saman minningar einstaklinganna sem hann mynda. Hver hópur á svo sína sameiginlegu sögu og reynslu, og þar sem einstaklingar geta tilheyrt fleiri en einum hópi (t.a.m. fjölskyldu eða vinnustað), getur hver einstaklingur átt fleiri en eitt minni.¹³⁶

Þjóðir eru ekkert annað en hópar sem einstaklingar samsama sig og þess vegna er til sameiginlegt minni þjóðarinnar. Þjóðin man sögu sína, það er henni lífsnauðsynlegt því hún verður að viðhalda einingu sinni.¹³⁷

Minningar hóps eins og þjóðar eru mikilvægar og leika stórt hlutverk í því að móta þjóðarsjálfsmyndina og viðhalda einingu þjóðarinnar. Þær eru tengdar í tíma og rúmi og skapa þannig samfellu í sögu hennar. Guðmundur Hálfðanarson kemur

¹³⁰ Halbwachs byggir þar á hugmyndum læriföðurs síns, Emile Durkheims.

¹³¹ Maurice Halbwachs fjallar um þetta í *La Mémoire Collective*. Hér er stuðst við enska þýðingu Lewis A. Coser. *On Collective Memory* – sjá t.d. í 1. kafla „The Social Framework of Memory“.

¹³² Halbwachs, *On Collective Memory*, bls. 43.

¹³³ Sjá umfjöllun um þetta í Guðmundur Hálfðanarson, „Collective Memory, History, and National Identity“, bls. 87.

¹³⁴ Paul Connerton, *How Societies Remember*, bls. 21.

¹³⁵ Sama heimild, bls. 38-39.

¹³⁶ Halbwachs, *On Collective Memory*, bls. 52-53.

¹³⁷ Kolbeinn Óttarsson Proppé, „Hetjudýrkun á hátíðarstundu“, bls. 152.

inn á þessa umræðu Halbwachs um minningar í grein sinni „Collective Memory, History, and National Identity,“ og segir þjóðina líta svo á að hún eigi sér sameiginlega fortíð sem sameinar hana og aðgreinir hana frá öðrum þjóðum. Minningarnar gegna því hlutverki að tengja saman fortíð og nútíð, þannig að sagan verður skýr og samfelld, og ljóst hverjir tilheyra þjóðinni.¹³⁸ Í gegnum söguna og minningarnar „man“ þjóðin sögu sína og tengslin við fortíðina og forfeðurna sem er mikilvægt fyrir þjóðarsjálfsmyndina og nær því að sameina annars ólíka einstaklinga í einn hóp, eina þjóð.

En ekki eru allar minningar þægilegar eða heppilegar til að ýta undir samstöðu meðal þjóðar. Þjóðarsagan getur líka tengst minningum um innri baráttu og misrétti, en ekki bara sameiginleg afrek í baráttu við erlenda kúgara.¹³⁹ Eins geta sameiginlegar minningar verið notaðar til að útiloka þá sem ekki teljast eiga rætur í samfélaginu en tilheyra samt þjóðinni. Þannig hafa margar þjóðir sem glímt hafa við innbyrðis átök þurft að leggja ákveðna hluti til hliðar, „gleyma“ ákveðnum þáttum sögunnar, eða þagga þá niður. Þöggunin verður þannig hluti af sögunni og það getur verið mikilvægt að gleyma til að halda þjóðareiningu.¹⁴⁰ Sameiginleg gleymska (e. collective amnesia) verður þá ekki síður mikilvæg en hinar sameiginlegu minningar. Guðmundur Hálfðanarson bendir á að bæði Renan og Smith taki það upp í sínum skrifum að þjóðarsagan geti aldrei orðið einfalt safn minninga, og að ef hún eigi að sameina þjóðina hljóti menn að þurfa að gleyma ákveðnum hlutum í fortíðinni sem geti leitt til sundrunar. Sagan sé þannig „vandlega snyrt í því skyni að sannfæra borgarana um að kjósa „rétt“ í hinni daglegu atkvæðagreiðslu“ um það að lifa saman sem þjóð.¹⁴¹ Susanne Buckley-Zistel hefur fjallað um þetta í grein sem hún ritaði árið 2006 um þjóðarmorðið í Rúanda. Þar talar hún um *sjálfvalið minnisleysi* (e. chosen amnesia) og útskýrir hvernig það hefur hreiðrað um sig í rúandísku samfélagi í kjölfar þjóðarmorðanna á tíunda áratug síðustu aldar.¹⁴² Það er mat Buckley-Zistel að í Rúanda hafi

¹³⁸ Guðmundur Hálfðanarson, „Collective Memory, History, and National Identity,“ bls. 87.

Guðmundur kemur einnig inn á þetta í bók sinni *Íslenska þjóðríkið*, bls. 174.

¹³⁹ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 174.

¹⁴⁰ Eriksen vitnar í Renan þegar hann talar um að þjóðerni fylgi sameiginlegar minningar en ekki síður töluvert af sameiginlegri þöggun („nationhood involves shared memories, but also a great deal of shared forgetting“). Í Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 92.

¹⁴¹ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 179.

¹⁴² Susanne Buckley-Zistel, „Remembering to Forget: Chosen Amnesia as a Strategy for Local Coexistence in Post-Genocide Rwanda,“ bls. 131. Eins má finna dæmi um sjálfvalið minnisleysi á Íslandi í kjölfar bankahrunsins haustið 2008.

ákvörðunin um að gleyma, eða þagga niður ákveðnar minningar, verið meðvituð. Það var það besta í stöðunni þar sem fólk þurfti að búa hlið við hlið, gerendur jafnt sem þolendur. Fortíðarmyndin var afskræmd til að hópurrinn gæti lifað saman sem heild.¹⁴³ Connerton hefur einnig fjallað um það þegar minningum er stjórnað og fyrirskipað að ákveðin þöggun eigi sér stað, en hann kallar það *skipulagða gleymsku* (e. organized forgetting). Það virðist því mat margra að tilhneigingin sé að útiloka allt það sem geti sundrað einingu samfélagsins. Minningarnar séu því settar fram á þann hátt að þær bæti eða byggi það upp.¹⁴⁴ Það er þarna sem áhrifa stjórn mála- og fræðimanna á þjóðarsöguna fer að gæta. Þöggun ákveðins hluta minninga, eins og átti sér stað í Rúanda, er hluti af því að skapa þjóðinni nýja sögu sem hún getur sameinast um.¹⁴⁵ Og þegar reynt er að skapa nýja sögu er kannski ekki óeðlilegt að lögð sé áhersla á það sem getur sameinað frekar en það sem sundrar. Reyndar telja bæði Connerton og Guðmundur Hálfðanarson að þegar þjóðarsagan sé mótuð þá séu það oft geðþóttaákvæðanir sem stjórna því hvaða minningar verða fyrir valinu¹⁴⁶ og oft séu þá þarfir ákveðinna hópa samfélagsins settar í forgang fram yfir aðra.¹⁴⁷

Þjóðernisgoðsagnir og staðir minninga

Þjóðernisgoðsagnir og tákn gegna mikilvægu hlutverki í að viðhalda þjóðar-einingu. Slík tákn undirstrika samkennd þjóðarinnar og halda minningum um þjóðarsöguna á lofti. Þjóðfánar, hátíðahöld og minnismarki ýmiss konar eru dæmi um slík tákn, en hversdagslegir hlutir geta einnig gegnt mikilvægu hlutverki í að efla þjóðernishyggju. Michael Billig hefur einmitt talað um hvernig hversdagslegir hlutir eins og íþróttir og veðurfréttir geti haft þjóðernislegar tengingar, ekkert síður en hlutir sem eru táknrænir fyrir þjóðina eins og peningar eða frímerki. Þetta er það sem Billig kallar *hversdagslega þjóðernishyggju* (e. banal nationalism), þ.e.a.s. hversdaglegir hlutir sem við tengjum ekki sérstaklega við þjóðerniskennd, en styrkja hana engu að síður.¹⁴⁸ Slík þjóðerniskennd kemur t.d. greinilega fram á íþróttakappleikjum eða öðrum sambærilegum vettvangi þar sem þjóðir mætast í

¹⁴³ Buckley-Zistel, „Remembering to Forget,“ bls. 134.

¹⁴⁴ Connerton, *How Societies Remember*, bls. 38-39.

¹⁴⁵ Buckley-Zistel, „Remembering to Forget,“ bls. 133.

¹⁴⁶ Connerton, *How Societies Remember*, bls. 6.

¹⁴⁷ Guðmundur Hálfðanarson, „Collective Memory, History, and National Identity,“ bls. 98.

¹⁴⁸ Billig hefur fjallað um hversdagslega þjóðernishyggju í bók sinni *Banal Nationalism*, sjá m.a. bls. 6-8 og 43.

keppni.¹⁴⁹ Billig talar um að þjóðerninu sé í raun stöðugt *flaggað* (e. flagging) og þannig er minnt á það reglulega og ómeðvitað. Það eru því ekki alltaf hin augljósu tákni sem styrkja þjóðerniskenndina heldur miklu frekar þetta hversdagslega sem minnir okkur stöðugt á það að við séum þjóð. „Ímynd hversdagslegrar þjóðernis-stefnu er ekki fáni sem veifað er meðvitað og af ástríðu, heldur er það fáninn sem blaktir á opinberri byggingu án þess að nokkur taki eftir honum.“¹⁵⁰ Hann telur að þjóðerniskennd sé þannig í stöðugri endursköpun og tekur þar með undir hugmyndir Renans um daglega atkvæðagreiðslu þjóðarinnar sem nefndar voru fyrr í þessum kafla. Þjóðin tekur þátt í þessari endursköpun og samþykkir hana á hverjum degi með þátttöku sinni í þjóðlífinu og öllu sem því fylgir.

Goðsagnirnar voru Ernest Renan einmitt ofarlega í huga þegar hann skilgreindi þjóð. Tengslin við fortíðina og minningar um gullöld og hetjudáðir skipta miklu máli í að halda þjóðinni saman. Með því að viðhalda táknum sem minna okkur á fortíðina og sögu þjóðarinnar höldum við minningunum lifandi á milli kynslóða og eflum þannig þjóðerniskenndina.¹⁵¹ Það er þjóðinni mikilvægt að halda þessum táknum á lofti og því er lögð áhersla á að varðveita þau. „Tákni og hefðir eru næring þjóðernisvitundar, sýnilegar hliðar samstöðu þjóðarinnar“ segir Kolbeinn Óttarsson Proppé í grein sinni „Hetjudýrkun á hátíðarstundu – Þjóðhátíðir og viðhald þjóðernisvitundar“¹⁵² þar sem hann fjallar um þjóðhátíðir sem mikilvægan þátt í að efla þjóðernisvitund einmitt þar sem þær kenni fólki að muna söguna *rétt* og *gleyma* þeim þáttum sögunnar sem falla ekki að goðsögninni.¹⁵³ Þjóðhátíðir eru þannig tákni um staðfestingu þjóðernisins. Fortíð og nútíð eru svo tengdar með því að rækta tákni og sýna fram á ákveðna samfellu í sögu þjóðarinnar og tengsl við upprunann.¹⁵⁴ Samkenndin er styrkt með því að eiga sameiginlegan sjóð minninga og sameiginlega arfleifð. Goðsagnirnar móta þannig samkennd þjóðarinnar og sýna sérkenni hennar, en á sama tíma stilla þær henni upp andspænis þeim sem

¹⁴⁹ Nýafstaðið heimsmeistaramót í knattspyrnu er gott dæmi um þetta. Fyrir okkur Íslendinga er handboltinn nærtækara dæmi, og ekki síður Söngkeppni evrópskra sjónvarpsstöðva (Eurovision).

¹⁵⁰ Billig, *Banal Nationalism*, bls. 8.

¹⁵¹ Sjá umræðu um þetta m.a. í Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 177-178.

¹⁵² Kolbeinn Óttarsson Proppé, „Hetjudýrkun á hátíðarstundu“, bls. 153.

¹⁵³ Sama heimild, áhersla mín.

¹⁵⁴ Sjá m.a. umræðu um þetta í Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 187-188.

tilheyra henni ekki. Þjóðin er þannig skýrt afmörkuð frá öðrum þjóðum með hugmyndum um *við* og *hinir*.¹⁵⁵

Eitt af því sem er mikilvægur hluti af þjóðernisgoðsögnum og sameiginlegri sjálfsmynd eru staðir minninga. Þjóðernistilfinning tengist vissulega alltaf ákveðnu landsvæði sem þjóðin lítur á sem sitt heimili og er þannig bundin í rúmi ekki síður en í tíma.¹⁵⁶ Ákveðnir staðir geta einnig haft táknræna mynd í hugum fólks og verið óaðskiljanlegur hluti þjóðarsjálfsmyndarinnar.¹⁵⁷ Franski sagnfræðingurinn Pierre Nora skrifaði um slíka staði minninga, eða *lieux de mémoire*,¹⁵⁸ og nauðsyn þeirra í því að hjálpa okkur við að muna. Með þessu á Nora ekki eingöngu við staði í landfræðilegri merkingu, hann vísar ekki síður í hið tilbúna og óljósa, enda talar hann um að staðir minninga séu í senn efnislegir, táknrænir og hagnýtir.¹⁵⁹ Söfn, gömul skjöl, kirkjugarðar, hátíðahöld og minnismerki eru allt fyrirbæri sem minna okkur á fortíðina. Oft eru þetta staðir sem hafa verið búnir til með það að markmiði að halda minningum á lofti, eins og söfn og minnisvarðar, en ekki síður staðir þar sem ákveðnir atburðir hafa átt sér stað. Slíkir staðir fá sérstaka merkingu í hugum fólks vegna atburðanna sem þeim tengjast.¹⁶⁰ Þeir geta haft skýra tengingu í hina gullnu fortíð og eru grunnurinn að sameiginlegum örlögum þjóðarinnar og framtíð, sem er ekki síður glæst.¹⁶¹ Það er mikilvægt að mati Nora að við höldum þessari tengingu við fortíðina vel við, að við búum okkur til minningar með skriflegum heimildum, með því að minnast atburða, halda lofræður og blása til hátíðahalda, öðruvísi verði minningum ekki viðhaldið.¹⁶² Staðir minninga verða þannig til við samspil minnis og sögu. Þeir eru varnarbragð minnisins, með þeim reynum við að halda minningunni lifandi.¹⁶³

¹⁵⁵ „Hinir“ geta hvoru tveggja átti við aðrar þjóðir og hópa innan samfélagsins sem ekki teljast hluti af þjóðinni, t.a.m. innflytjendur. Sjá umfjöllun um þessa aðgreiningu í Guðmundur Hálfðanarson, „Collective Memory, History, and National Identity,“ bls. 87 og *Íslenska þjóðríkið*, bls. 174.

¹⁵⁶ Smith hefur víða komið inn á þessa umræðu, t.d. í *Nationalism*, bls. 31 og *Nations and Nationalism*, bls. 56-57. Sjá einnig í Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 178.

¹⁵⁷ Þingvellir eru án efa slíkur staður í huga íslenskrar þjóðar. Nánar verður fjallað um þá tengingu síðar í þessum kafla.

¹⁵⁸ Sjá m.a. í Nora, *Realms of Memory*, bls. 91.

¹⁵⁹ Sama heimild, bls. 14. Nora talar um að staðir minninga séu „material, symbolic, and functional“

¹⁶⁰ Það er einmitt ástæðan fyrir táknrænni stöðu Þingvalla í hugum Íslendinga. Þar áttu sér stað atburðir sem tengjast fortíðinni og gullöld þjóðarinnar sterkt.

¹⁶¹ Smith, *Nationalism*, bls. 30.

¹⁶² Nora, *Realms of Memory*, bls. 6-7.

¹⁶³ Sama heimild, bls. 14-15.

Sameiginleg sjálfsmynd

Hugtakið *sjálfsmynd* er tiltölulega nýtt í fræðilegu samhengi, einkum þegar talað er um þjóðir, en hefur þó verið notað í auknum mæli á síðari árum.¹⁶⁴ Það er einkum í tengslum við umræðuna um hnattvæðingu og aukið flæði fólks á milli landa sem það hefur rutt sér til rúms í þessu samhengi.¹⁶⁵ Sjálfsmyndin er það sem sýnir eða segir þér hver þú ert og með hverjum þú samsamar þig – *hver er ég, hver ert þú og hver erum við?* Þegar talað er um sjálfsmynd í alþjóðasamskiptum er einmitt oft átt við slíka sjálfsmynd ríkja eða þjóða, og samsömun þjóðar í gegnum t.d. sögu, menningu, og tungumál. Í umræðunni um þjóðerniskennd skiptir því sjálfsmyndin miklu máli, þ.e. að hve miklu leyti fólk samsamar sig þjóðinni og þjóðerni sínu, og hversu stórt hlutverk þjóðernið spilar í sjálfsmynd einstaklingsins. Einstaklingar geta þó vissulega átt fleiri en eina sjálfsmynd.¹⁶⁶ Þannig getur einstaklingur verið í senn Íslendingur, Evrópubúi, kona, kennari, kaþólikki og frímerkjasafnari. Sjálfsmyndin getur verið margbrotin og það fer eftir aðstæðum hverju sinni hvaða sjálfsmynd er í forgrunni. Í vinnunni skiptir starfið væntanlega mestu máli á meðan ekki er ólíklegt að móðurhlutverkið komi frammarlega í forgangs röðinni inni á heimilinu. Í samskiptum við aðrar þjóðir gæti síðan þjóðernið orðið það sem áherslan er lögð á, þó það geti vissulega verið breytilegt eftir félagslegu samhengi. Hugmyndin um sjálfsmynd leggur þannig alltaf áherslu á *við* og *hinir*, þ.e. þeir sem tilheyra hópnum og þeir sem tilheyra honum ekki – *við konur, við kennarar* eða *við Íslendingar*.¹⁶⁷ Hver hópur myndast með hliðsjón af öðrum hópum og afmarkar sig frá þeim á ákveðinn hátt þannig að ekki geta allir tekið þátt.¹⁶⁸ Þjóðir eru slíkir hópar, þó vissulega geti einnig verið hópar innan þjóðarinnar sem finnast þeir ekki fyllilega tilheyra heildinni.¹⁶⁹

Þjóðarsjálfsmynd mótast með hliðsjón af *öðrum*; hugmyndin um þjóðina byggir á því að til séu aðrar þjóðir, ... sem eru ekki hluti af þjóðinni.¹⁷⁰

En hvað er það sem mótar þessa þjóðarsjálfsmynd? Hvað er það sem fær hóp fólks til að líta á sig sem þjóð? Það má vera ljóst að flest af því sem mótar þjóðina

¹⁶⁴ Þetta er ekki eina íslenska þýðingin sem notuð hefur verið hugtakinu *identity*, en virðist vera sú sem ætlar að festast í sessi. Stundum er *þjóðarsjálfsmynd* eða *þjóðernisleg sjálfsmynd* notuð fyrir enska orðið „national identity“.

¹⁶⁵ Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 57-58.

¹⁶⁶ Sjá umræðu um þetta m.a. í Scholte, *Globalization: a critical introduction*, bls. 224-225, Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 31-32.

¹⁶⁷ Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 57-58 og Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 19.

¹⁶⁸ Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 62.

¹⁶⁹ Sbr. innflytjendur eða ýmsir minnihlutahópar.

¹⁷⁰ Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 110 (þýðing mín).

hefur einnig áhrif á þjóðarsjálfsmyndina. Þannig eru það minningarnar, sagan og goðsagnirnar sem spila stórt hlutverk í því.¹⁷¹

Hugmyndin um sameiginlega fortíð er mikilvæg þegar kemur að þjóðarsjálfsmynd.¹⁷² Minningarnar og sagan leika stórt hlutverk í því að móta sameiginlega sjálfsmynd þjóðarinnar. Þær sýna hvað sameinar þjóðina og gerir hana sérstaka. Þjóðin á söguna og minningarnar og viðheldur þjóðareiningu með því að halda táknum og goðsögnunum á lofti. Umræðan um þjóðarsjálfsmynd getur þó oft á tíðum orðið gildishlaðin og ákveðin tilhneiging til að telja þjóðina búna ákveðnum kostum umfram aðra.¹⁷³ Fortíð þjóðarinnar er alltaf glæst í augum þjóðernissinna og framtíðin ekki síður, þó að oft sé það nú ekki raunveruleg fortíð sem horft er til heldur einhvers konar nútíma útgáfa af fortíðinni¹⁷⁴ sem þjóðin hefur orðið sammála um. Það er einmitt þarna sem minningarnar og sagan verða svo mikilvæg. Tengslin milli fortíðar, nútíðar og framtíðar skipta miklu máli í því að halda þjóðinni saman. Fortíðin finnur samnefnara þjóðarinnar, grunnildin sem sameina hana. Á þeim þarf að byggja til að þjóðin nái að blómstra áfram í framtíðinni.¹⁷⁵ Smith talar reyndar um sameiginleg *örlög* frekar en sameiginlega *framtíð* og þykir það lýsa betur þeim tilfinningum sem birtast í hugmyndum um þjóðina. Að örlög fólksins – þjóðarinnar – séu samtvinnuð, og hugsanlega að einhverju leyti ráðin fyrirfram.¹⁷⁶ Og það eru einmitt minningar um forna frægd, forfeður og mikilmenni, gildin sem þau standa fyrir, ásamt goðsögnum um uppruna þjóðarinnar og landið sem hún byggir sem setja þjóðarsjálfsmyndina í rétt samhengi.¹⁷⁷ Sigríður Matthíasdóttir vitnar í orð félagsfræðingsins Anthony Giddens: „Þjóðernishyggju má skilgreina sem kerfi tákna og trúarsetninga sem í sameiningu gefa mannum þá tilfinningu að hann sé hluti af einu pólitísku samfélagi.“¹⁷⁸ Hún bendir síðan á að þessi tákn skapi þjóðinni sjálfsmynd sem oft verði ómeðvituð, þannig að: „Það að tilheyra sjálfstæðri þjóð verður hluti af

¹⁷¹ Aðrir þættir sem gjarnan eru nefndir eru t.a.m. landsvæðið, menningin, réttindi þegnanna og sameiginlegt hagkerfi. Sjá m.a. í Smith, *National Identity*, bls. 14 og Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 73-74.

¹⁷² Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 59.

¹⁷³ Sjá í Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 63-64 og einnig í Smith, *Nationalism*, bls. 30.

¹⁷⁴ Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 73. Guðmundur Hálfðanarson kemur einnig inn á það hvernig ýmsar stofnanir ríkisins hafa mótað þessa sögu í „Collective Memory, History, and National Identity“, bls. 97-98.

¹⁷⁵ Smith, *Nationalism*, bls. 84.

¹⁷⁶ Sama heimild, bls. 30.

¹⁷⁷ Sama heimild, bls. 119.

¹⁷⁸ Giddens, *Sociology*, bls. 303. Hér í Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 22-23.

sjálfsmynd einstaklingsins.¹⁷⁹ Það verður ómeðvitað og eitthvað sem ekki þarf að hugsa um, eða með orðum sagnfræðingsins John R. Gillis: „Sjálfsmyndir og minningar eru ekki hlutir sem við hugsum *um* heldur hlutir sem við hugsum *með*.“¹⁸⁰ Við höfum mótast af minningunum og þjóðarsjálfsmyndinni og þróað þannig okkar sjálfsmynd, sem hluti af ákveðinni þjóð. Þjóðernishyggja spilar gjarnan á tilfinningalega þætti og leggur áherslu á að þjóðin sé eitt, ein stór fjölskylda, eins og endurspeglast t.a.m. í þjóðernislegri umræðu um *móðurmálið* og *föðurlandið*.¹⁸¹ Einstaklingarnir mynda þannig *þjóðina*, en um leið er þjóðin gjarnan persónugerð þannig að hún fær sjálfsmynd rétt eins og einstaklingur,¹⁸² eða nokkurs konar þjóðarsál.¹⁸³

Minningarnar sem þjóðin deilir verða grundvöllur fyrir sjálfsmynd hennar í nútímanum og móta hana. Þannig verður til ákveðinn þjóðarbragur eða þjóðmenning. Auk þess að eiga augljósar tengingar við söguna og minningarnar telja margir grundvöllinn fyrir sameiginlegri sjálfsmynd að finna í menningunni og tungumálinu. Móðernistar telja margir að menningin sem þjóðin deilir sameiginlega sé grunnurinn að þjóðarsjálfsmyndinni.¹⁸⁴ Einstaklingarnir eru meðvitaðir um þessa menningu og rækta hana samviskusamlega í gegnum tákni og goðsagnir sem lærast m.a. í gegnum skólakerfið.¹⁸⁵ Tækniþróun hefur lagt sitt af mörkum í útbreiðslu hugmynda um þjóðerni og þjóðernishyggju og var þróun prentmiðla fyrsta skrefið í því.¹⁸⁶ Í seinni tíð hafa fjölmiðlar og tölvutækni bæst við þá flóru miðla sem koma upplýsingum á framfæri. Það tengist einnig umræðunni um áhrif fræðimanna á ritun sögunnar og þeirra upplýsinga sem t.d. koma fram í sögu- bókum eða kennslubókum og komið var inn á hér á undan. En þar kemur einnig að hlut tungumálsins. Tungumálið er sterkt tákni um sameiginlega menningu, og gjarnan nefnt sem einn þeirra þátta sem hafa áhrif á menningu og sameiginlega sjálfsmynd. Tungumálið var einmitt helsta forsenda þess að hópur teldist þjóð að mati Herders, eins og komið var inn á í kaflanum hér á undan. Og þó margir vilji

¹⁷⁹ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 23.

¹⁸⁰ John R. Gillis, „Memory and Identity: The History of a Relationship“, bls. 5.

¹⁸¹ Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 107.

¹⁸² Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 63.

¹⁸³ Eriksen talar um ímynd þjóðarinnar sem lifandi veru með sál. Sjá Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 107.

¹⁸⁴ Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 69.

¹⁸⁵ Sama heimild, bls. 70.

¹⁸⁶ Sjá m.a. í Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 105 og Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 70.

kannski ekki ganga jafn langt og Herder, er tungumálið engu að síður ákveðinn lykill að menningunni og arfleifðinni því það geymir sögurnar og goðsagnirnar, og verður þannig sterkt sameiningartákn fyrir þjóðina.

Sameiginleg sjálfsmynd hóps eins og þjóðar hlýtur þó alltaf að þýða að einhverjir falli utan hópsins. Ef hinir sameinandi þættir eru tungumálið, sagan, menningin og landsvæðið, þá falla ekki allir undir þá. Þá má velta fyrir sér hópum eins og innflytjendum, brottfluttum, þá sem eiga foreldra af ólíkum uppruna o.s.frv. Eriksen hefur kallað slíka hópa „ethnic anomalies,“ þ.e. þeir sem falla utan rammans, eru hvorki né eða bæði og.¹⁸⁷ Hann nefnir sem dæmi börn annarrar og þriðju kynslóðar innflytjenda, sem gætu ýmist talið sig sama þjóðernis og foreldrararnir eða litið svo á að þeirra sjálfsmynd væri fyrst og fremst bundin landinu sem þau eru fædd og alin upp í. Slíkir einstaklingar eru gjarnan tvítyngdir og hafa jafnvel tvöfaldan ríkisborgararétt.¹⁸⁸ Þó eru einnig dæmi um að þeim finnist þau í raun tilheyra hvorugum hópnum fyllilega. Að sama skapi getur viðhorf heildarinnar skipt máli, þ.e. hvernig þjóðfélagið lítur á þau og þar geta margir þættir spilað inn í, t.a.m. kynþáttur og jafnvel trúarbrögð. Mannfræðingurinn Thomas H. Eriksen telur þau viðmið (e. boundaries) sem aðskilja slíka hópa frá heildinni alltaf hljóta að vera óskýr þar sem aldrei sé um fullkomna samsvörun milli hugmyndafræði og raunveruleikans að ræða. Hugmyndafræðin, í þessu tilfelli þjóðernishyggjan eða sjálfsmyndin, sé alltaf kenning sem alhæfi og einfaldi raunveruleikann.¹⁸⁹ Það er því að hans mati ekkert alltaf ljóst nákvæmlega hverjir eru þjóðin. Að sama skapi er ekki víst að öll ríki eða allar þjóðir falli undir þessar skilgreiningar um það hvað skýri sameiginlega sjálfsmynd. Og oftast en ekki virðist það spurning um það hvernig henni er viðhaldið, því sjálfsmyndin er ekki meitluð í stein heldur er hún endursköpuð á hverjum degi.¹⁹⁰

Á heildina litið má segja að þjóðernisleg sjálfsmynd sé einhvers konar vitund um það að tilheyra einni þjóð frekar en annarri. Hún er hluti af því hvernig maður skilgreinir sig og myndar tengsl við aðra.¹⁹¹ Scholte vill meina að langt fram eftir 20. öldinni, áður en farið var að tala um hnattvæðingu, hafi þjóðerni verið helsta

¹⁸⁷ Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 62 og 173.

¹⁸⁸ Sama heimild, bls. 62-63.

¹⁸⁹ Sama heimild, bls. 113.

¹⁹⁰ Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 59-61.

¹⁹¹ Scholte, *Globalization*, bls. 224.

sameiginlega sjálfsmyndin á heimsvísu. Þannig hafi fólk almennt ekki samsamað sig öðrum þjóðum á grundvelli t.d. kyns, trúarbragða eða stétta nema að litlu leyti.¹⁹² Og í dag, þrátt fyrir aukið flæði fólks á milli landa, virðist hugmyndin um þjóðernið lifa góðu lífi og fólk tengir sig enn sterkt við sína þjóð eða sitt upprunaland. Engu að síður hafa orðið miklar breytingar á síðastliðnum fimmtíu árum og í kjölfar hnattvæðingar hafa komið fram á sjónarsviðið annars konar tengingar milli fólks sem voru ekki eins áberandi áður, a.m.k. ekki á heimsvísu. Samsömun fólks á grundvelli trúarbragða, stétta eða kyns fremur en landsvæði hefur rutt sér til rúms í kjölfar aukinnar fjölmennningar. Það er því athyglisvert að skoða stöðu þjóða og þjóðernis í þeim nútíma sem við lifum í og velta fyrir sér framtíðarhorfum.

2.3 Þjóðerni á tímum hnattvæðingar

Fyrst er kannski rétt að velta því aðeins fyrir sér hvað átt er við þegar talað er um hnattvæðingu, og hvaða breytingar hún hefur haft í för með sér. Umræðan um hnattvæðingu er tiltölulega nýleg og fer hugtakið ekki að verða áberandi fyrr en undir lok 20. aldar. Hugtakið hnattvæðing (e. globalization) hlaut fyrst athygli í fræðaheiminum eftir útgáfu bókar félagsfræðingsins Roland Robertson *Globalization: Social Theory and Global Culture*, sem kom út árið 1992 og náði fljótt nokkurri útbreiðslu.¹⁹³ Þrátt fyrir það eru ekki allir á eitt sáttir um það hvað hnattvæðing í raun stendur fyrir né hvenær hún hófst. Á meðan margir telja hana nútímafyrirbæri sem hafi hafist á síðari hluta 20. aldarinnar, eru aðrir sem vilja meina að hún hafi byrjað að þróast á 19. öld. Það má í sjálfu sér færa rök fyrir hvoru tveggja og jafnvel að hún eigi sér enn lengri sögu. Kannski var Marco Polo maðurinn sem færði hnattvæðinguna til Evrópu,¹⁹⁴ eða jafnvel Kólumbus, Vasco da Gama og Magellan.¹⁹⁵ Hugsanlega væri hægt að horfa enn lengra aftur í tímann og líta til þróunar borgríkja í Mesópótamíu eða Rómarveldis.¹⁹⁶ Það má að minnsta kosti finna dæmi um samskipti og jafnvel viðskipti milli landa og heimsálfa á nánast öllum stigum heimssögunnar að einhverju leyti.¹⁹⁷ En þarna ræður

¹⁹² Sama heimild, bls. 225.

¹⁹³ Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 166.

¹⁹⁴ Michael Mussa, „Meeting the Challenges of Globalisation,“ bls. 15.

¹⁹⁵ Asle Sween og Svein A. Aastad, *Heimsbyggðin 2*, bls. 44.

¹⁹⁶ Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, *Hnattvæðing og þekkingarþjóðfélag*, bls. 27.

¹⁹⁷ Chase-Dunn og félagar, „Trade Globalization since 1795,“ bls. 78.

kannski úrslitum hvaða augum menn líta hnattvæðinguna og á hverju þeir byggja skilgreiningar sínar. Auk þess má segja að ekki sé rétt að líta á hnattvæðingu sem ástand eða fyrirbæri sem megi tímasetja, heldur miklu frekar að hún sé ferli sem hefur verið í mótun í langan tíma.¹⁹⁸

Hvaða skoðun sem menn kunna að hafa á þessu virðast fræðimenn flestir sammála um að á síðari hluta 20. aldar hafi eitthvað breyst. Eftir lok kalda stríðsins má segja að nýtt tímabil hafi hafist í sögu hnattvæðingar. Sumir vilja jafnvel meina að þá fyrst hafi hún hafist. Þróunin sem hafði farið rólega af stað eftir seinna stríð tók þá heldur betur við sér,¹⁹⁹ einkum eftir hrun Sovétríkjanna og svo hið táknræna fall Berlínarmúrsins 1989²⁰⁰; eða eins og segir í auglýsingu fjármálafyrirtækisins Merrill Lynch frá árinu 1998: „Heimurinn er 10 ára gamall. Hann fæddist þegar múrinn hrundi árið 1989.“²⁰¹ Fræðimenn, hvort sem þeir aðhyllast þá skoðun að hnattvæðing sé gömul þróun eða ný, eru flestir sammála um að á þessum tíma, á milli 1980 og 1990, hafi eitthvað breyst. Umfang og útbreiðsla hnattvæðingar jókst til muna, og hún jókst hratt. Líkt og gerðist á 19. öld þegar iðnvæðingin glæddi hnattvæðinguna lífi hafa tækniframfarir á síðastliðnum þrjátíu árum verið gífurlegar,²⁰² einkum í formi fjarskipta- og upplýsingatækni,²⁰³ og sett sitt mark á þróunina. Sú bylgja hnattvæðingar sem við upplifum í dag er því að mörgu leyti mjög ólík þeirri bylgju sem gekk yfir heiminn í kringum aldamótin 1900. Hún hefur farið stigvaxandi, og frá 1980 hefur hraði breytinganna nánast verið ótrúlegur.²⁰⁴

Flestir virðast sammála um það að hnattvæðing standi að einhverju leyti fyrir opnari heimi, að henni fylgi opnun landamæra og aukið streymi hugmynda, fólks, vara og fjármagns á milli landa. Þannig lítur Scholte á hnattvæðingu sem ferli þar sem félagsleg samskipti eru minna tengd landsvæðum en þau voru áður.²⁰⁵ Hann

¹⁹⁸ Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 159. Undir þetta tekur Guðmundur Hálfðanarson sem segir hnattvæðinguna einungis kafla í meira en aldarlöngu ferli. Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 227.

¹⁹⁹ Chase-Dunn og félagar, „Trade Globalization since 1795,“ bls. 83.

²⁰⁰ Jarle Simensen, „Democracy and Globalization,“ bls. 391.

²⁰¹ Auglýsing frá Merrill Lynch. Hér í inngangi bókar Thomas L. Friedman, *The Lexus and the Olive Tree*. bls. xvi.

²⁰² Jessica T. Mathews, „The Information Revolution,“ bls. 63.

²⁰³ Simensen, „Democracy and Globalization,“ bls. 399.

²⁰⁴ James Petras, „Globalization: A Critical Analysis,“ bls. 12 og Chase-Dunn og félagar, „Trade Globalization since 1795,“ bls. 84.

²⁰⁵ Scholte, *Globalization*, bls. 16-17.

talar um yfirþjóðlegt eða þverþjóðlegt (e. supraterritorial)²⁰⁶ rými, óháð landamærum, og að heimurinn sé þannig að *afsvæðavæðast* (e. deterritorialize). Landamæri skipta nú minna máli, en samgöngur og samskipti eru þeim mun mikilvægari. Anthony Giddens lýsir þessari félagslegu landafræði á svipaðan hátt. Hann telur hnattvæðinguna fela í sér aukin félagsleg tengsl á heimsvísu sem tengja saman fjarlægga staði þannig að þeir fara að hafa áhrif á þróun mála hvers annars.²⁰⁷ Þjóðir séu þannig í auknum mæli háðar hver annari (e. interdependent).²⁰⁸ Heimurinn er að mörgu leyti orðinn eitt hagkerfi þar sem fjármagn flæðir frjálst og fólk flytur sig á milli landa í leit að vinnu.²⁰⁹ Þannig hafa orðið til ný félagstengsl, í tíma og rúmi, sem gera það að verkum að menn skynja heiminn sem eina heild.²¹⁰ Þessi breytta heimsmynd hefur haft áhrif á umræðuna um þjóðernisstefnu, þjóðernislegar sjálfsmyndir og framtíð þjóðríkisins. Sumir vilja meina að hnattvæðingin grafi undan þjóðerniskennnd með því að sjálfsmyndir verði blandaðri og ekki eins skýrar.²¹¹ Þessar hugmyndir tengjast einnig umræðunni um *heimsporpið* (e. global village)²¹² og fjölþjóða samfélög sem nánar verður vikið að síðar.

Margir telja aðaldrífjöldur hnattvæðingarinnar vera kapítalismann en að tæknivæðingin hafi ýtt undir og hraðað henni til muna. Alþjóðleg viðskipti hafa gert það að verkum að ríki eiga í auknum samskiptum sín á milli og eru orðnar hver annari háðar efnahagslega.²¹³ Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson tala um í bók sinni *Hnattvæðing og þekkingarþjóðfélag* að hnattvæðing tengist einkum þróun í upplýsingatækni og tilkomu hins svokallaða þekkingarhagkerfis, og að hún birtist á ýmsum sviðum þjóðfélagsins, einkum í efnahagslífi, stjórnámálum, félagsgerð og menningu.²¹⁴ Þetta er í takt við þá skoðun „glóbalista“ að um

²⁰⁶ Orðið *yfirþjóðlegt* virðist gjarnan notað bæði fyrir enska orðið „supraterritorial“ og „suprastate“. Það er þó greinarmunur á merkingu þeirra, þar sem *supraterritorial* á við að samskipti takmarkist ekki af landsvæði t.d. ákveðins ríkis á meðan *suprastate* er notað um stjórnarfar og á við yfirþjóðlegar stofnanir eins og t.d. Evrópusambandið og Atlantshafsbandalagið.

²⁰⁷ Giddens, *The Consequences of Modernity*, bls. 64.

²⁰⁸ Karl Marx og Friedrich Engels, *The Communist Manifesto*, bls. 13.

²⁰⁹ Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 159.

²¹⁰ Giddens, *Consequences of Modernity*, bls. 17-21.

²¹¹ Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 158.

²¹² Scholte, *Globalization*, bls. 218.

²¹³ Sjá m.a. í Scholte, *Globalization*, bls. 136-140.

²¹⁴ Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, *Hnattvæðing og þekkingarþjóðfélag*, bls. 253.

einhverja mikilvægustu félagsþróun okkar tíma sé að ræða,²¹⁵ og að hún sé á góðri leið með að breyta eða jafnvel umbylta félagskerfinu, því þjóðfélagi sem við þekkjum.²¹⁶

Framtíð þjóðríkisins

Það eru margir sem telja að hlutverk og valdsvið þjóðríkisins í hinum hnattræna heimi fari dvínandi og að hnattvæðingarferlið sjálft grafi undan getu þess til að vera sú pólitíska eining sem það hefur verið.²¹⁷ Segja má að það ríkjaform sem hefur verið við lýði frá miðri 19. öld og fram yfir miðja 20. öld sé að breytast og stjórnarfar orðið flóknara og lagskiptara en áður. Þjóðríkin, sem áður höfðu einokunarstöðu á valdi og voru hinar ráðandi einingar í alþjóðakerfinu, gegna ekki sama hlutverki og áður.²¹⁸ Heimsskipulag þar sem hin klassísku þjóðríki eru helstu gerendur virðist því vera orðin tímaskekkja. Þjóðríkin eru of lítil til þess að takast á við erfið og aðkallandi hnattræn vandamál, eins og umhverfisvá, en um leið of stór til að takast á við önnur.²¹⁹ Með tilkomu alþjóðlegra stofnana og ríkjasambanda hefur orðið til ákveðin tegund yfirþjóðlegs valds sem er ofar valdi þjóðríkja. Með þeim breytingum sem orðið hafa á síðastliðnum þrjátíu árum eru jafnvel fyrrsjáanlegar ákveðnar breytingar á fullveldi ríkja þar sem yfirþjóðlegar stofnanir fara að einhverju leyti inn á verksvið sem áður tilheyrðu þeim eingöngu.²²⁰ Raddir sem spá því að leiðir ríkja og þjóða muni skilja eru orðnar fleiri og háværari og sumir spá jafnvel fyrir endalokum þjóðríkisins, í það minnsta í þeirri mynd sem við þekkjum það í dag.²²¹

Margir eru á öndverðum meiði við þessar skoðanir og telja þjóðríkjaformið síður en svo á undanhaldi. Scholte álitur til að mynda að endalok þjóðríkjakerfisins marki ekki endalok þjóðríkjanna sjálfra.²²² Anthony Smith er einlægur talsmaður þjóðríkisins og telur það þvert á móti vera að verða miðstýrðara og valdameira, að

²¹⁵ Scholte, *Globalization*, bls. 22.

²¹⁶ Van Wishard, „Understanding our Moment in History,“ bls. 442. Sjá einnig fyrirlestur Giddens „Globalisation – London,“ (rafræn útgáfa).

²¹⁷ Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 160-161.

²¹⁸ Ágætt yfirlit um breytingar á stöðu þjóðríkja er að finna í 6. kafla bókar Scholte, *Globalization*, bls. 185-223.

²¹⁹ Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 166 og Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 25 og 235.

²²⁰ Scholte, *Globalization*, bls. 189.

²²¹ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 41, Mathews, „Power Shift,“ bls. 50 og James N. Rosenau, „The Challenges and Tensions of a Globalized World,“ bls. 10.

²²² Scholte, *Globalization*, bls. 191.

í gegnum eftirlit og skrifræði séu möguleikar þess til afskipta meiri en nokkru sinni fyrr.²²³ En þó ekkert bendi til þess að þjóðríkin séu að hverfa af sjónarsviðinu þá virðast flestir sammála um að ákveðnar breytingar séu að eiga sér stað í alþjóðakerfinu. Hnattvæðingin og yfirþjóðlegt vald hafa valdið ýmsum breytingum á stjórnarfari. Áherslan á þjóðríkin og landsvæði þeirra (e. territorialism) hefur minnkað og heimurinn í raun afsvæðavæðst. Dregið hefur úr miðstýringu ríkja og samfélagið í hinum hnattvædda heimi orðið *margmiðja* (e. polycentric), eða lagskiptara (e. multi-layered)²²⁴ en það áður var, þannig að fleiri en ríkið sjálft hafa áhrif á stjórnun þess. Dæmi um það eru ýmsir alþjóðlegir sáttmálar og svæðabandalög sem ríki geta verið aðilar að.²²⁵ Scholte telur þó ekki að hnattvæðing hafi grafið undan stöðu ríkisins, heldur frekar breytt ákveðnum þáttum þess þannig að því er nú stjórnað á mörgum sviðum og stigum, bæði milli undirstofnana ríkja sín á milli og svo milli ríkja í gegnum alþjóðlegar stofnanir.²²⁶ Það má því kannski segja að breytingin sé sú að frá því að vera milliríkjakerfi (e. inter-state) að hætti Vestfalen-kerfisins, þar sem ríki höfðu ákveðin samskipti sín á milli en áttu ekki að hafa bein afskipti hvert af öðru og deildu ekki valdi, sé kerfið í síauknum mæli að verða yfirþjóðlegt (e. supracstate), þar sem samskipti fara fram þvert á landamæri, innan stofnana og bandalaga sem í sumum tilvikum geta haft vald ofar valdi þjóðríkjanna.²²⁷ Enn sem komið er eiga ríki þó vissulega að hafa full yfirráð yfir sínu landsvæði, en dæmin sýna að svo er ekki. Þannig hafa alþjóðastofnanir ályktað og í raun haft afskipti af innanríkismálum ýmissa þjóða og eru Sómalía, Júgóslavía og Afganistan nærtæk dæmi. Hér er auðvitað rétt að hafa í huga, eins og Guðmundur Hálfðanarson bendir á, að það fer oft eftir hagsmunum stórveldanna hvort alþjóðastofnanir eða einstök ríki blandi sér í slík mál.²²⁸ Vaxandi viðurkenning á skyldum alþjóðasamfélagsins til að stilla til friðar í átökum sýna þó engu að síður að staða þjóðríkisins sé að veikjast og sambandið milli fullveldis og þjóðar að slitna.²²⁹

²²³ Smith, *Nationalism*, bls. 125.

²²⁴ Guðmundur Hálfðanarson orðar það þannig að fullveldið verði „lagskipt og sundurgreint fremur en eitt og ódeilanlegt“ sjá í Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 244

²²⁵ Scholte, *Globalization*, bls. 185-186.

²²⁶ Sama heimild, bls. 187-188.

²²⁷ Mathews, „Power Shift,“ bls. 50.

²²⁸ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 242.

²²⁹ Sama heimild. Eriksen tekur einnig undir þetta í *Ethnicity and Nationalism*, bls. 169-170.

Af ofansögðu er ljóst að ekki eru allir sammála um framtíð þjóðríkisins. Engu að síður virðast fræðimenn flestir sammála um að þó hlutverk þeirra sé hugsanlega að breytast, þá sé staða þeirra enn sterk í alþjóðasamfélaginu.²³⁰ Samkvæmt kenningum margra svokallaðra raunsæismanna (e. realists) er þjóðerniskennd ein helsta ástæða þess að ríki munu halda áfram að vera til. Þjóðernissinnar hafa ekki áhuga á því að færa vald og fullveldi í hendur alþjóðlegra stofnana og eru oft tortryggir gagnvart svæðabandalögum.²³¹ Undir þetta taka fræðimennirnir Viotti og Kauppi sem telja ríkið fjarri því að hverfa. Það muni verða helsta forsenda sjálfsmýndar fólks um ókomna tíð og þar af leiðandi sé þjóðerniskennd enn eitt áhrifamesta aflið í alþjóðastjórn málum.²³² Og þó franskur heimspekingurinn og borgarfræðingurinn Paul Virilo hafi spáð fyrir um endalok landafræðinnar,²³³ benda aðrir á að einmitt vegna þessara breytinga hafi þjóðernishyggja að vissu leyti eflst.²³⁴ Eriksen hefur skýrt þetta á þann veg að þjóðernishyggja bjóði hugsanlega upp á öryggi og stöðugleika á tímum þegar heimurinn er svo sundurgreindur (e. fragmented). Hugmyndafræði þjóðernishyggjunnar gengur því út á það að endurskapa þá tilfinningu að þjóðin sé heil og hafi tengsl við ræturnar. Hún yfirvinnur þannig skilin sem hafa orðið milli einstaklingsins og samfélagsins.²³⁵ Smith telur að hnattvæðingin hafi síst dregið úr þjóðernishyggju, hún hafi miklu frekar eflt hana. Þjóðernishyggja sé ekki bara pólitísk hugmyndafræði heldur einnig pólitískt form af menningu.²³⁶ Ekki taka þó allir jafnt djúpt í árinna og Smith, en vissulega má sjá dæmi um ákveðna tilhneigingu til að leggja áherslu á gömul gildi og hið þjóðlega. Það má því segja að með hnattvæðingunni og þeim breytingum sem í henni felast, verði um leið ákveðið afturhvarf til áttahaganna.²³⁷ Heimurinn er því í senn bæði hnattrænn (e. global) og

²³⁰ Simensen, „Democracy and Globalization,“ bls. 407 og Mathews, „The Information Revolution,“ bls. 64.

²³¹ Viotti og Kauppi, *International Relations and World Politics*, bls. 486-487.

²³² Sama heimild.

²³³ Paul Virilo, „Un monde surexposé: fin de l’histoire, ou fin de la géographie“, bls. 17. Hér í Guðmundur Hálfðanarson, „Collective Memory, History, and National Identity,“ bls. 83.

²³⁴ Guðmundur Hálfðanarson bendir á þetta m.a. í grein sinni „Collective Memory, History, and National Identity,“ bls. 83. Sjá líka Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 157 og Peter Kivisto, *Multiculturalism in a Global Society*, bls. 2.

²³⁵ Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 104. Guðmundur Hálfðanarson talar líka um þjóðina sem „tilfinningalegt akkeri“ í *Íslenska þjóðríkið*, bls. 235.

²³⁶ Smith, *Nationalism*, bls. 137-142.

²³⁷ Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 170-171.

staðbundinn (e. local), eða það sem stundum hefur verið nefnt *glocal*.²³⁸ Víða um heim má einnig sjá viðbrögð til að sporna við hnattvæðingu sem birtast í endurvakningu þjóðernishyggju.²³⁹ Í því samhengi má nefna ýmsar hreyfingar sem komu fram á 20. öld og kallaðar voru *nýþjóðernishreyfingar* (e. neo-nationalist movements) og kröfðust sjálfstjórnar eða sjálfstæðis eins og frönskumælandi íbúar Quebec, Baskar, Katalónar og Skotar, svo dæmi séu nefnd.²⁴⁰ Nærtækari dæmi er aukinn stuðningur við stjórnmalahreyfingar á hægri kantinum sem byggja hugmyndafræði sína á þjóðernislegum grunni. Dæmi um slíkt má finna bæði í Ástralíu, Frakklandi og Austurríki.²⁴¹ Þá hefur slíkra hreyfinga einnig orðið vart í bæði Danmörku og Hollandi.²⁴² Giddens hefur einnig tekið upp þessa umræðu en hann telur að stjórnmal snúist í auknum mæli um sjálfsmýndir (e. politics of identity), og tengist þá t.a.m. ýmsum réttindamálum og umhverfisvernd. Stjórnmalin séu lagskiptari og skiptist í þrjú meginsvið; innri málefni ríkja, mál á grundvelli þjóðríkisins og yfirþjóðlegt svið alþjóðasamfélagsins.²⁴³

Þjóðerni og sjálfsmýnd á tímum hnattvæðingar

Sumir telja að þjóðerninu sé ógnað ofan frá af alþjóðlegum stofnunum, en ekki síður innan frá þar sem ákveðnar breytingar séu að eiga sér stað innan ríkja á hugmyndum um sjálfsmýndir og pólitíska einingu.²⁴⁴ Það er áhugavert að velta fyrir sér hvað verði um þjóðernið og sjálfsmýndina á þessum tímum. Opnari landamæri gera það að verkum að fólk færir sig meira til en áður hefur þekkst svo samfélög eru orðin mun blandaðri en áður, einkum í hinum vestræna heimi. Fólk flyst búferlum vegna náms, starfa eða fjölskylduáðstæðna og áhrif fjölmenningar því greinileg víða um heim. Þetta er eitt af áhyggjuefnum þjóðernissinna, að með frjálsu flæði fólks og því sem kallað hefur verið alþjóðavæðing (e. internationalization) eða vesturvæðing (e. westernization) séu menningareinkenni að fletjast út

²³⁸ Hugtakið *glocalization* kemur einna fyrst fram í félagslegri umræðu hjá Roland Robertson í grein hans „Globalisation or Glocalisation“ frá 1994. Skemmtilegur orðaleikur, sem mætti hugsanlega útfæra sem *hnattbundinn* (fyrir hnattrænn og staðbundinn).

²³⁹ Sjá umfjöllun Giddens í „Globalization – London,“ (rafræn útgáfa).

²⁴⁰ Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 157 og 170-171.

²⁴¹ Sama heimild.

²⁴² Reyndar má deila um hversu þjóðernissinnaðar þessar hreyfingar eru því þær nærast fyrst og fremst á innflytjendahatri.

²⁴³ Í Smith, *Nationalism*, bls. 137.

²⁴⁴ Sjá m.a. í Smith, *Nationalism*, bls. 127, Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 161 og Giddens, „Globalisation – London,“ (rafræn útgáfa).

og allt að verða eins.²⁴⁵ Sumir ganga jafnvel svo langt að tala um Ameríkuvæðingu (e. Americanization) þar sem bandarísk áhrif séu yfirgnæfandi í hinum hnattvædda heimi t.a.m. í kvikmynda- og sjónvarpsheiminum, veitingahúsa- og hótélkeðjum.²⁴⁶ Þessi vestrænu, og þá einkum bandarísku, áhrif eru oft einnig talin ný menningarleg heimsvaldastefna, þ.e. heimsvaldastefna McDonalds, Hollywood og CNN.²⁴⁷ Guðmundur Hálfðanarson bendir einmitt á að:

... sérstaða og afmörkun þjóða á meginlandi Evrópu verður sífellt óljósari í heimi frjálsra viðskipta og hraðari samgangna ... lífnaðarhættir fólks verða líkari um allan hinn iðnvædda heim með ári hverju. Bandarískar skyndi-bitakeðjur, engilsaxnesk dægurtónlist og kvikmyndir úr draumaverksmiðjum vestur í Hollywood tengja stóran hluta jarðarbúa saman í net neyslu-menningar sem þekkir engin landamæri eða þjóðernismismun.²⁴⁸

Það er þannig mat margra að hnattvæðingin breiði út „alheimsmenningu sem snúist um neysluhyggju, fjölmiðla, amerísk áhrif og enska tungu.“²⁴⁹ Þessi menningaráhrif, ásamt þeirri þróun sem orðið hefur í samskiptum og á hagkerfum í tengslum við hnattvæðinguna, hafa breytt hugmyndum um þjóðina, að mati Fabio Dei, sem er doktor í mannfræði við háskólann í Písa á Ítalíu. Hann telur að hraður uppgangur heimsmarkaða, flæði fólks á milli landa, fjölmiðlar og netnotkun, ásamt sífellt minnkandi áhrifum og styrks þjóðríkisins, sé um það bil að breyta hinum gömlu hugmyndum rómantíkurinnar um samspil lands, þjóðar og tungu.²⁵⁰ Scholte bendir einmitt á að allt að helmingur þeirra tungumála sem töluð eru í heiminum í dag séu í hættu á að deyja út.²⁵¹ Fjölmiðlar hafi ýtt undir þessa þróun og ekki síður tölvurnar, en árið 2004 fóru t.a.m. 90% allrar notkunar á netinu fram á einungis níu tungumálum.²⁵² Þessar áhyggjur af framtíð „litlu tungumálanna“ og enskum áhrifum á tungumál víða um heim kemur einnig fram

²⁴⁵ Gjarnan er talað um „homogenization“ sem mætti útleggja sem *einsleitni* og andstaðan er þá „heterogenization“ eða *samleitni*. Scholte talar líka um „cultural synchronization“ Sjá í Scholte, *Globalization*, bls. 25-26.

²⁴⁶ Scholte gerir einnig vel grein fyrir þessum hugtökum, og fleirum sem notuð hafa verið til að skilgreina hnattvæðinguna í bók sinni *Globalization* á bls. 16-17.

²⁴⁷ Sama heimild bls. 16-17 og 32.

²⁴⁸ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska Þjóðríkið*, bls. 249-250.

²⁴⁹ Scholte, *Globalization*, bls. 26.

²⁵⁰ Fabio Dei, „Language, Culture, Identity,“ bls. 8.

²⁵¹ Bent skal á að þetta eru þó yfirleitt ekki „þjóðtungur“, eða tungumál sem styðjast við ríkisvald eins og t.d. íslenska. Yfirleitt er um að ræða tungumál minnihlutahópa innan ríkja sem hverfa þegar ríki vinna markvisst að því að samræma tungumál innan landamæra sinna, líkt og gert var í Mexíkó upp úr 1990.

²⁵² Scholte, *Globalization*, bls. 306.

hjá Guðmundi Hálfðanarsyni í kafla sem birtist í bókinni *Languages and Identities in Historical Perspective*.²⁵³ Þar vísar Guðmundur í upplýsingar frá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, sem gefa vísbendingar um að u.þ.b. helmingur þeirra 6000 tungumála sem töluð eru í heiminum séu í hættu.²⁵⁴ Áhyggjurnar snúast um það hvort *endalok landafræðinnar* muni leiða til þess að talað verði eitt alheimstungumál. Skýrsla UNESCO hefst á þessum orðum:

Mannlegri arfleifð er mikilvægt að eiga mörg tungumál. Tungumál geyma menningarlegu visku sem er einstök hverri þjóð. Sérhvert tungumál sem glatast er því mannkyninu mikill missir.²⁵⁵

Skýrslan leggur þannig áherslu á sérkenni einstakra tungumála og mikilvægi þeirra fyrir menningu og arfleifð þjóða. Tungumálin virðast því enn vera einn af þeim þáttum sem fólk tengir sterkt við þjóðir, minningar, sögu og ekki síst sjálfsmynd.²⁵⁶

Eins og oft vill vera, þá eru menn á öndverðum meiði í þessum fræðum. Og rétt eins og færa má rök fyrir því að hnattvæðingin leiði af sér menningarlega einsleitni má um leið sjá í henni aukna fjölbreytni, ekki hvað síst í menningu. Þannig verða þjóðir líkari og frábrugðnari í senn, eða með orðum Gellners: „nú tíma þjóðfélag er *bæði* einsleitara og fjölbreyttara en þjóðfélög fyrri tíma.“²⁵⁷ Hnattvæðingin ýtir vissulega undir menningarlega fjölbreytni sem sést t.d. í veitingahúsaflóru víða um heim. Þrátt fyrir að bandarískar keðjur séu áberandi eru austurlenskir og indverskir veitingastaðir það ekki síður. Sömu sögu má segja í tónlist, þar eru bresk og bandarísk markaðsáhrif greinileg, en á sama tíma má vel merkja nýjar áherslur og stefnur sem komnar eru frá fjarlægari slóðum. Sumir hafa bent á þessa þróun til stuðnings því að menning sé síst að verða meira vestræn. Þá hefur netið ekki síður haft jákvæð áhrif fyrir ýmsa hópa, t.a.m. minnihlutahópa, uppruna- og trúarhópa sem hafa notað tölvutæknina til að halda

²⁵³ Guðmundur Hálfðanarson, „From Linguistic Patriotism to Cultural Nationalism: Language and Identity in Iceland,“ bls. 55-56.

²⁵⁴ Skýrslan sem Guðmundur vísar í kom út í mars 2003 og er aðgengileg á vefsíðu UNESCO.

²⁵⁵ Skýrsla UNESCO, „Language Vitality and Endangerment“.

²⁵⁶ Bæði Guðmundur og Dei benda á það að tungumál séu enn mikilvæg og kannski einn mikilvægasti þátturinn í sjálfsmynd fólks. Guðmundur Hálfðanarson, „From Linguistic Patriotism to Cultural Nationalism,“ bls. 63 og Dei, „Language, Culture, Identity,“ bls. 6.

²⁵⁷ Gellner, „Scale and Nation,“ bls. 141.

utan um sína menningu og sérkenni.²⁵⁸ Þá hefur Eriksen komist að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að mest allt netefni sé á ensku hafi það ekki leitt af sér einsleitari menningu. Hann nefnir sem dæmi að Norðmenn horfi t.a.m. enn á norskar sjónvarpsstöðvar þrátt fyrir aðgang að erlendum stöðvum og telur netnotkun miklu frekar staðfesta þær sjálfsmyndir sem fyrir eru.²⁵⁹ Einnig má finna dæmi þess að rétt eins og viðbrögð við hnignun þjóðríkisins hafa á stundum falist í aukinni þjóðernishyggju, valdi óttinn við það að sérkenni þjóða séu að þurrkast út og verða einsleitari ákveðinni upphafningu á gömlum, þjóðlegum gildum.²⁶⁰

Hnattvæðingin hefur haft þau áhrif að sjálfsmyndir mótast ekki í jafn ríkum mæli og áður á grundvelli þjóðernisins. Þær hafa þróast á öðrum sviðum bæði innan ríkisins og eins ofar ríkinu. Þannig eru sjálfsmyndir í dag ólíkar því sem þekktist á 20. öldinni að því leyti að þær eru blandaðri og bera vott um þau fjölþjóðlegu samfélög sem víða hafa myndast. Einnig hefur hnattvæðingin ýtt undir sjálfsmyndir sem eru óháðar landsvæði eða ríki. Þverþjóðleg tengsl hafa orðið til þess að menn skilgreina sig einnig út frá trúarbrögðum, stétt, kyni, kynþætti, aldri eða kynhneigð, svo einungis fáein dæmi séu nefnd, samhliða og í sambandi við þjóðernið.²⁶¹ Scholte telur þjóðernið ekki endilega vera að hverfa úr sjálfsmyndinni heldur sé breytingin sú að það sé ekki sá ráðandi þáttur sem það var áður.²⁶² Að sama skapi er sjálfsmyndin ekki endilega bundin við upprunaland heldur jafnvel einungis við búsetu eða ákveðið svæði.²⁶³ Sjálfsmyndir hafa því orðið breytilegri og fólk hefur ekki einungis margar sjálfsmyndir heldur einnig blandaðri sjálfsmyndir.²⁶⁴ En rétt eins og hnattvæðingin hefur breytt sjálfsmynd fólks og þjóða, hafa sjálfsmyndir líka haft áhrif á hnattvæðinguna.²⁶⁵ Áherslan á þjóðernið er ekki eins mikil og hún var á blómaskeiði þjóðríkisins á 19. og fram á 20. öld. Þannig hefur aukin fjölhyggja að einhverju leyti komið í stað þjóðernishyggju. Þjóðernishyggja ýtti undir sterkari tengsl við landsvæði,

²⁵⁸ Scholte ræðir um ýmis áhrif sem sýna aukna fjölbreytni í kjölfar hnattvæðingar í *Globalization*, bls. 81.

²⁵⁹ Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 105.

²⁶⁰ Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 163. Íslenska lopapeysan er gott dæmi um þetta, en hún hefur gengið í gegnum endurnýjun lífdaga í efnahagskreppunni eftir bankahrun.

²⁶¹ Scholte, *Globalization*, bls. 26 og 224-225.

²⁶² Sama heimild, bls. 225.

²⁶³ Eriksen talar um „territorial identity“ eða svæðisbundna sjálfsmynd. Í *Ethnicity and Nationalism*, bls. 155.

²⁶⁴ Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 162.

²⁶⁵ Scholte, *Globalization*, bls. 149.

kapítalísma og ríkið á meðan fjölbreyttari og blandaðri sjálfsmyndir hafa alið á hnattrænum tengslum, ofurkapítalísma og opnari stjórnsýslu.²⁶⁶ Scholte bendir réttilega á að þjóðernislegar sjálfsmyndir hafi mótast af hugmyndum um *hina*, þ.e.a.s. *við*, þjóðin, höfum aðgreint okkur frá *hinum* þjóðunum. Þessu fylgir að *þjóðin* þarf að eiga ýmis samskipti við aðrar þjóðir, hvort sem er í stríði eða friði. Hann telur að það megi færa rök fyrir því að þjóðernislegar sjálfsmyndir hafi í raun ýtt undir frekar en dregið úr hnattrænum tengslum. Hann nefnir sem dæmi brottflutta upprunahópa (e. diaspora)²⁶⁷ sem hafa nýtt sér tæknina til að hafa samskipti sín á milli og lagt þannig sitt af mörkum til að auka á hnattræn tengsl. Sjálfsmyndin hafi þannig ýtt undir ákveðna útrás í hnattrænum tengslum, en að sama skapi hafi slíkir hópar og ýmiss konar yfirþjóðleg bandalög ekki síður lagt sitt af mörkum í því að breyta samsetningu sjálfsmyndarinnar frá því að byggjast fyrst og fremst á þjóðerni í átt til aukinnar fjölhyggju.²⁶⁸

Fjölmennningarleg samfélög

Í kjölfar hnattvæðingar hafa miklar breytingar orðið á samfélögum víða um hinn vestræna heim. Mikill straumur flóttamanna, hælisleitenda og farandverkamanna sem leitað hafa vestur og norður á bóginn hafa breytt íbúaflóru margra þjóðríkja og þar með hugmyndafræðinni um hina sameinuðu þjóð.²⁶⁹ Innflytjendur hafa þannig haft töluverð áhrif á menningarlega fjölbreytni ríkja ekki síður en aðrir fylgifyrirlitarnir hnattvæðingar, eins og samgöngur, samskipti og tækni. Gamlar goðsagnir um menningarlega samheldni ganga ekki lengur upp og til verða ný fjölmennningarleg samfélög.²⁷⁰ Í skýrslu Philip Martin og Gottfried Zürcher frá árinu 2008 kemur fram að fjöldi fólks sem flyst búferlum milli landa (e. migrants) er í sögulegu hámarki. 191 milljón manna var á faraldsfæti árið 2005 sem þýðir að 3% íbúa heims hafi yfirgefið sín upprunalönd í meira en eitt ár.²⁷¹ Fjöldi fólks sem fluttist búferlum í hinum iðnvædda heimi meira en tvöfaldaðist á tímabilinu 1985 og 2005, úr tæpum 55 milljónum í 120 milljónir. Martin og Zürcher benda

²⁶⁶ Sama heimild, bls. 147.

²⁶⁷ Benda má á skemmtilega þýðingu Steinunnar Haraldsdóttur, en hún notaði orðið *tvíheimar* um hugtakið „diaspora“ í þýðingu sinni á grein bandaríska mannfraeðingsins James Cliffords, sem birtist í *Ritinu*, tímariti Hugvísindastofnunar árið 2007.

²⁶⁸ Scholte, *Globalization*, bls. 146-149.

²⁶⁹ Sjá m.a. í Smith, *Nationalism*, bls. 127.

²⁷⁰ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 232-233.

²⁷¹ Philip Martin og Gottfried Zürcher, „Managing Migration,“ bls. 3-7. Skýrslan er unnin af stofnun sem kallast *Population Reference Bureau* og er nokkurs konar upplýsingastofa um íbúafjölda og búsetu í heiminum. Skýrslan er aðgengilega á vefsíðu PRB.

ennfremur á að þrátt fyrir að hlutfallið sé hátt, megi ekki gleyma því að fæstir hinna 6,6 milljarða íbúa jarðarinnar flytjast milli landa og að flestir þeir sem fara flytja til nærliggjandi landa. Það kemur ekki á óvart í samantekt þeirra að stærsti hópurinn kemur frá minna þróuðum löndum. Þessar breytingar hafa breytt menningarlegri samsetningu íbúa í mörgum ríkjum, einkum í hinum vestræna heimi. Lönd eins og Bandaríkin, Bretland, Ástralía, Frakkland og Þýskaland hafa tekið á móti miklum fjölda innflytjenda, eða u.þ.b. þriðjung af heildarfjölda þeirra.²⁷²

Þessar breytingar hafa orðið til þess að flestöll ríki í hinum vestræna heimi eru nú að einhverju leyti fjölmennningarleg (e. multicultural).²⁷³ Það eru ekki síst breytingar á vinnumarkaði sem hafa hrundið þessari þróun af stað. Innflytjendur hafa streymt til landa í Evrópu þar sem efnahagsástand er betra og auðveldara að fá vinnu. Stórir hópar flóttafólks og farandverkafólks hafa flykkst inn á vinnumarkaði á tiltölulega stuttum tíma, sem hefur sett mark sitt á ýmsar starfsgreinar. Rannsóknir sem sprottnar eru úr marxískri hugmyndafræði hafa sýnt fram á það að fordómar gagnvart útlendingum tengjast oft stéttskiptingu. Útlendingar vinna gjarnan láglounastörf þar sem menntunar og tungumálakunnáttu er ekki endilega krafist, og ekki er óalgennt að þeir safnist saman í ódýrari hverfum borga og bæja. Í sumum tilfellum er um farandverkafólk að ræða sem flýr heimahagana í leit að atvinnu og flyst til landa sem eru í efnahagslegri uppsveiflu og næga vinnu er að fá. Það er því oft litið á þessa einstaklinga sem aukamannskap sem þörf er fyrir í góðæri, þegar eftirspurn eftir vinnuafli er mikil. Um leið og efnahagsástand versnar má sjá dæmi um neikvæðari umfjöllun og tilhneigingu til að yta þessum starfsfólki út af markaðnum.²⁷⁴ Félagsfræðingurinn Peter Kivisto hefur einnig velt fyrir sér þessari tengingu kapítalisma og kynþáttafordóma en er ekki sannfærður um að hún skýri málið að öllu leyti,²⁷⁵ og nefnir sem dæmi að stéttskipting hafi ekki skýrt átök milli hópa í Bretlandi eftir þá miklu bylgju sem varð á innflytjendum upp úr 1950 eða t.d. átökum á Norður-Írlandi eða í Rúanda. Engu að síður er þetta áhugaverður punktur og má í raun færa rök fyrir því að átökin á

²⁷² Sjá töflu í Kivisto, *Multiculturalism in a Global Society*, bls. 4.

²⁷³ Kivisto bendir á að öll ríki Vestur-Evrópu, nema Ísland, séu orðin mun blandaðri/misleitari (e. heterogenic) en þau voru fyrir fjórum áratugum síðan. Kivisto, *Multiculturalism in a Global Society*, bls. 115.

²⁷⁴ Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 131-132.

²⁷⁵ Kivisto, *Multiculturalism in a Global Society*, bls. 24-26.

Norður-Írlandi og Rúanda hafi einmitt að miklu leyti tengst stéttskiptingu og valdbeitingu ekkert síður, og jafnvel miklu frekar, en uppruna eða kynþætti.²⁷⁶ Kivisto hefur einnig bent á að það sé ekki óalgengt að innflytjendur flykkist í ákveðin störf sem veldur því að í sumum starfsgreinum verður meirihluti starfsmanna útlendingar.²⁷⁷ Þetta getur einnig valdið ákveðinni stéttskiptingu og því miður sýna dæmin að launum slíkra stétta er oft haldið niðri, sem aftur eykur á frekari stéttskiptingu í samfélaginu. Margir mannfræðingar hafa tekið undir þetta og bent á að aðskilnaður hópa innan samfélags verði ekki endilega vegna mismunandi menningareinkenna heldur miklu frekar vegna ólíkra félagslegra aðstæðna.²⁷⁸

Farandverkamenn og flóttamenn taka sér oft bólfestu utan heimalanda sinna á þeim forsendum að þeir muni snúa heim aftur, ef og þegar ástandið þar batni. Dæmin sýna þó að þetta gerist ekki endilega þar sem margir festa rætur í hinu nýja samfélagi. Fólki eignast nýja vini, börnin fara í skóla og þannig þróast smátt og smátt ný sjálfsmynd í bland við þá gömlu.²⁷⁹ Margir eiga einnig fjölskyldur og ættingja í hinu gamla heimalandi og eru þannig að sumu leyti þátttakendur í tveimur samfélögum. Sjálfsmynd þeirra *afsvæðavæðist*²⁸⁰ að vissu leyti þar sem hún er ekki lengur bundin við eitt ákveðið ríki. Þannig geta sjálfsmyndir innflytjenda, hvort sem um er að ræða flóttamenn, farandverkafólk eða brottflutta upprunahópa, spilað stórt hlutverk í því að breyta viðteknum hugmyndum um þjóðerni og þjóðernislegar sjálfsmyndir.²⁸¹ Engu að síður geta margir hópar innflytjenda átt erfitt með að falla inn í flokkunarkerfi samfélagsins af ýmsum ástæðum, og viðbrögðin geta verið margvísleg. Ýmsir menningarlegir þættir, eins og tungumál og trúarbrögð, geta spilað þar inn í og haft áhrif á sjálfsmynd einstaklinganna, og að sama skapi geta þeir afmarkað hópa innan samfélagsins.²⁸² Börn innflytjenda er hópur sem athyglisvert er að skoða í þessu samhengi. Þau

²⁷⁶ Átök Hútúa og Tútsa snerust að miklu leyti um það að belgískir nýlenduherrar festu minnihluta Tútsa í sessi sem valdstétt. Átökin komu því hvorki beinlínis á óvart, né heldur tengdust þau eingöngu átökum þjóðernishópa. Sömu sögu má segja á N-Írlandi þar sem átökin snerust upphaflega fyrst og fremst um yfirráð yfir landsvæði en ekki kynþátt eða trúarbrögð.

²⁷⁷ Kivisto, *Multiculturalism in a Global Society*, bls. 38-39.

²⁷⁸ Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 138.

²⁷⁹ Sama heimild, bls. 154.

²⁸⁰ Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 164.

²⁸¹ Sama heimild, bls. 165-166.

²⁸² Dei, „Language, Culture, Identity,“ bls. 8. Þó Dei sé ekki á sömu línu og Herder eða Fichte þegar kemur að mikilvægi tungumálsins, er það engu að síður skoðun hans að tungumál og trúarbrögð séu meginuppistaðan í sjálfsmynd einstaklinga.

geta lent í sjálfsmýndarkrísu og ekki fundist þau tilheyra neinum samfélagshópi fyllilega. Þau eru ekki útlendingar, en engu að síður lítur samfélagið gjarnan á þau sem útlendinga.²⁸³ Eriksen telur þau hafa val um að móta sína sjálfsmýnd út frá heimalandinu, upprunalandinu, eða einhvers konar blöndu af hvoru tveggja.²⁸⁴ Almennt séð virðist staða þeirra í samfélaginu geta haft áhrif á það hvaða leið þau velja sér. Þannig er líklegra að þau tengi sig sterkara við upprunann ef þau upplifa sig sem minnihlutahóp sem ekki er fyllilega samþykktur inn í samfélagið. Það er mat Eriksens að þetta sé algengara í samfélagi þar sem mikil áhersla er lögð á þjóðernið og upprunann.²⁸⁵

Það má velta fyrir sér hvaða leiðir séu skynsamlegastar til að skapa samstöðu innan fjölmenningsarlegs samfélags. Margir hafa áhyggjur af þeirri stöðu sem upp er komin og líta á innflytjendur sem ógn við samfélagið. Ýmis ríki hafa hert á löggjöf sem tengist málefnum innflytjenda, t.a.m. hafa Danir hert innflytjendalöggjöf sína, Ástralir íhuga að herða löggjöf um hælisleitendur og nokkur ríki hafa bannað eða íhuga að banna slæður eða búrkur múslíma.²⁸⁶ Skiptar skoðanir eru á því hvernig taka eigi á þessum málum, en fræðimenn virðast þó margir þeirrar skoðunar að boð og bönn séu ekki líkleg til árangurs. Bent hefur verið á að fæst ríki séu í raun *þjóðríki* í bókstaflegri merkingu þess orðs þar sem þjóðir hafi oftast verið blandaðar að einhverju leyti.²⁸⁷ Því telja margir eðlilegt að horfa frekar til ríkis en þjóðar þegar sjálfsmýndin er sköpuð. Einhvers konar heimsborgaramening (e. cosmopolitanism) hefur verið nefnd í því samhengi, þar sem ríkisfangið (e. citizenship) er í raun aðskilið þjóðerninu og ný sjálfsmýnd byggð á hugmyndinni um heimsborgarameningu.²⁸⁸ Eins má nefna kenningar um samfélagshyggju (e. communitarianism) þar sem einstaklingurinn finnur tilgang með lífi sínu vegna aðildar að pólitísku samfélagi. Með henni er reynt að auka samstöðu einstaklings

²⁸³ Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 137.

²⁸⁴ Eriksen talar um „purist identities, hyphenated identities og hybrid or creole identities“ í þessu samhengi, sjá Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 167. Hér er talað um heimaland og upprunaland, þó víða í fræðunum gefi ensku orðin tilefni til að tala frekar um búsetuland. Orðið heimaland á þó betur við um þennan hóp, þ.e. aðra og þriðju kynslóð innflytjenda, þar sem þau þekkja ekki annað heimaland.

²⁸⁵ Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 137.

²⁸⁶ „Franska þingið samþykkti slæðubann“, *Fréttablaðið*, 14. júlí 2010, bls. 8. Sjá einnig fréttaskýringar á mbl.is, „Hert lög um hælisleitendur“, „Belgar banna búrkur á almannafæri“ og „Neðri deildin samþykkti slæðubann“. Einnig má benda á grein á vef CNN um innflytjendamál í Danmörku.

²⁸⁷ Sjá m.a. Smith, *Nationalism*, bls. 123.

²⁸⁸ Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 191 og Kivisto, *Multiculturalism in a Global Society*, bls. 192.

og samfélagsins sem hann býr í og mikil áhersla er lögð á siðferðislegar skyldur.²⁸⁹ Eins hafa hugmyndir um margþætt ríkisfang náð nokkurri útbreiðslu en þær felast í einhvers konar samþættingu á hugmyndinni um fósturjörðina, blóðböndin og búsetu – *ius soli, ius sanguinis, ius domicili*.²⁹⁰ Félagsfræðingurinn Yasemin Soysal telur að þessi þróun sé í raun hafin og að ný tegund af ríkisfangi hafi þróast á síðastliðnum árum sem byggir á almennri tilvist manna frekar en að þeir tilheyri ákveðnum ríkjum. Skilin á milli þeirra sem hafa ríkisborgararétt og þeirra sem hafa hann ekki séu þannig að hverfa.²⁹¹ Þó deila megi um hvort slíkt umburðarlyndi sé að aukast, falla þessar hugmyndir ágætlega undir borgaralega þjóðernisstefnu, sem fyrr hefur verið nefnd, þ.e. að ríkið sé pólitísk eining borgaranna frekar en lífræn heild. Félagsfræðingurinn Talcott Parsons kom fram með þessa hugmynd árið 1971, en hann taldi að ríkisfang væri mikilvægasti grundvöllur sameiningar í þjóðfélaginu þar sem ríkisfangið mætti aftengja frá hinu lífræna sem hefði of sterkar þjóðernislegar tengingar. Hann taldi að þjóðir eða upprunahópar (e. ethnic groups) gætu deilt sama ríkisfangi sem byggðist á borgaralegri þjóðernisstefnu ef hugmyndin um ríkisfangið yrði ráðandi þátturinn í samfélaginu frekar en upprunatengslin.²⁹² Þó ekki taki allir undir þessi sjónarmið og margir hræðist í raun þá þróun sem almenn borgararéttindi geti haft, eru aðrir á þeirri skoðun að fjölmenningarleg samfélög séu staðreynd sem ekki verði litið framhjá og því verði að finna aðrar leiðir til að sameina þegna ríkja en þær sem byggjast á hugmyndinni um þjóðríkið.

2.4 Þjóðin í ríkinu – íslensk þjóð og þjóðernishyggi

Í augum Íslendinga hefur hugtakið *þjóð* lengst af verið nokkuð skýrt. Staðsetning og afmörkun landsins hefur gert það að verkum að landamærin hafa verið augljós. Þjóðin hefur þar af leiðandi verið fólkið sem í landinu býr. Yfirráð yfir landinu hafa þó ekki alltaf verið í höndum þjóðarinnar og því hafa sögur um sjálfstæðisbaráttu tvinnast saman við þjóðarsöguna, og orðið hluti af henni. Þetta hefur mótað þjóðina og þjóðernið að miklu leyti. Einangrunin, fámennið og staðsetning landsins lengst norður í höfum hefur skapað hér ákveðnar aðstæður sem finnast

²⁸⁹ Um heimsborgaramenningu og samfélagshyggi má m.a. lesa í Chris Brown, *International Relations Theory*.

²⁹⁰ Sjá t.d. í David Held, *Democracy and the Global Order*, bls. 232-233.

²⁹¹ Yasemin N. Soysal, *Limits of Citizenship*, bls. 130.

²⁹² Talcott Parsons, *The System of Modern Societies*, bls. 92.

ekki víða annars staðar. Þetta er ólíkt sögu margra annarra þjóða þar sem landamæri eru sjaldnast skýr og hafa færst til í gegnum tíðina, oftar en ekki vegna átaka um landsvæði.²⁹³ Sömuleiðis er sjaldnast skýr afmörkun á milli fólks sem býr á mörkum tveggja landa eða ríkja. Þá deila sumar þjóðir einnig tungumálum og skilin á milli þeirra eru því ekki alltaf jafn augljós og hér. Taka má Þýskaland sem dæmi, en fyrir sameiningu voru Þjóðverjar dreifðir á mörg sjálfstæð ríki, og að sama skapi tala bæði Austurríkismenn og hluti Svisslendinga þýsku, en teljast þó ekki Þjóðverjar í dag, þó þar hafi landamæri færst til í gegnum tíðina. Eins mætti nefna Kúrda sem dreifast á landsvæði a.m.k. fjögurra landa og sömu sögu má segja um þjóðarbrot á Balkanskaga.²⁹⁴

Það sem gerir aðstæður á Íslandi sérstakar er að þjóð og ríki hafa verið svo nátengd. Í upphafskafla þessarar ritgerðar var á það minnst að þessi hugtök væru lík en á þeim væri sá grundvallarmunur að *ríkið* tengdist hugmyndum um fullveldi og yfirráð yfir landsvæði á meðan *þjóðin* varðaði fólkið í landinu, samskipti þess og sjálfsmynd.²⁹⁵ Hér hefur þetta tvennt farið saman og í hugum margra er því þjóð og ríki eitt og hið sama, óaðskiljanlegt.²⁹⁶ Sigríður Matthíasdóttir segir að ein grundvallarforsenda þjóðernishyggju sé „sú hugmynd að samræmi skuli ríkja milli landamæra þjóðar og ríkis, þ.e. að þjóðir skuli mynda sérstök ríki.“²⁹⁷ Eriksen bendir þó á að hugmyndafræð geti aldrei verið annað en leiðbeinandi, nokkurs konar kort sem einfaldar heildarmyndina, en sýnir hana ekki svart á hvítu.²⁹⁸ Aðstæður hér hafa þó einmitt hagað því þannig að Íslendingar hafa lengi vel litið á sig sem eina þjóð í einu landi, eins og Kolbeinn Óttarsson Proppé hefur bent á.²⁹⁹ Hann segir ennfremur: „Lega landsins og sú staðreynd að það á ekki landamæri að neinu öðru ríki spilar þar inn í. Hér hafa heldur ekki verið stórir minni-

²⁹³ Smith nefnir þetta í inngangi að bók sinni *Nationalism*, þar sem hann segir margar alþjóðlegar deilur í seinni tíð einmitt tengjast átökum um þjóðir og landsvæði (sjá bls. 1-2).

²⁹⁴ Smith, *Nationalism*, bls. 1-2 og Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 112-113.

²⁹⁵ Sjá m.a. í Viotti og Kauppi, *International Relations and World Politics*, bls. 464 og Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 2.

²⁹⁶ Kivisto hefur einmitt bent á að öll ríki Vestur-Evrópu nema Ísland hafi breyst mikið hvað varðar menningarlega samsetningu íbúanna á síðustu fjórum áratugum. Kivisto, *Multiculturalism in a Global Society*, bls. 116. Sjá einnig Eiríkur Bergmann Einarsson, „Íslenskt þjóðerni og óttinn við innflytjendur,“ bls. 71.

²⁹⁷ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 22. Sigríður vísar þarna í hugmyndir Gellners um þjóðernishyggju. Í reynd hefur þessu jafnvel verið öfugt farið, þ.e. að ríkið myndi þjóðina líkt og í Frakklandi þar sem franska ríkið bjó til þjóð úr mörgum þjóðarbrotum.

²⁹⁸ Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 113.

²⁹⁹ Kolbeinn Óttarsson Proppé, „Hetjudýrkun á hátíðarstundu,“ bls. 151. Guðmundur Hálfðanarson bendir einnig á þessa sérstöðu í *Íslenska þjóðríkið*, bls. 17.

hlutahópar sem tala annað tungumál en meirihlutinn eða aðhyllast önnur trúarbrögð ... Þetta gerir það að verkum að mörgum finnst að Íslendingar hafi ávallt verið meðvitaðir um að þeir væru þjóð.³⁰⁰ Í ljósi alls þessa er kannski ekki óeðlilegt að hér hafi myndast sterk þjóðerniskennd, ekki síst þegar skoðað er hvernig sjálfstæðisbaráttan hefur tvinnast inn í sögu þjóðarinnar og minningar um fortíðina. Og einmitt vegna þessarar sérstöðu fellur Ísland vel að skilgreiningum frumlægra kenninga um tungumál, sögu og trúarbrögð.³⁰¹

Þjóðernishyggja á Íslandi

Vegna þessarar sérstöðu landsins hefur þjóðerniskennd hér haft á sér efnískan blæ. Katrín Jakobsdóttir, íslenskufræðingur og núverandi ráðherra mennta- og menningarmála, bendir á það í grein sem hún ritaði í bókinni *Þjóðerni í þúsund ár* hvernig fámennið og smæðin hafa haft áhrif á það hvernig við skiljum hugtök eins og þjóð og þjóðerni, og hvernig það hefur í raun mótað íslenska þjóðernisstefnu.³⁰² Þessar hugmyndir um þjóðernið falla undir frumlægar, eða eðlislægar kenningar sem kynntar voru í upphafskafli. Þjóðin er frumlæg, náttúruleg eining sem á sér skýra fortíð og samfellda sögu.³⁰³ Saga þjóðarinnar nær aftur til gullaldartímabils á 9. og 10. öld og helst óslitin fram til dagsins í dag með tilheyrandi hnignun, baráttu fyrir sjálfstæði og endurreisn.³⁰⁴ Íslensk þjóðernisstefna er einnig undir áhrifum menningarlegrar þjóðernisstefnu að hætti Herders og Fichte sem fyrir hafa verið nefndir. Þjóðin er þannig „ekki aðeins stjórnmalaleg eining sem deilir sameiginlegu landsvæði, menningu og lögum. Hún er auk þess náttúrulegt fyrirbæri, þjóðarpersóna sem gædd er ákveðnum persónulegum eðliseinkennum.³⁰⁵ Þessi hugmyndafræði hefur verið áberandi í íslenskri þjóðernishyggju og hafa ýmsir fræðimenn bent á áhrif þýskra þjóðerniskenninga á forkólfa sjálfstæðisbaráttunnar.³⁰⁶ Áherslan á frumlægt eðli þjóðarinnar mótaði í raun alla stjórnmalaumræðu langt fram eftir 20. öldinni, og gerir að mörgu leyti enn.³⁰⁷ Það

³⁰⁰ Kolbeinn Óttarsson Proppé, „Hetjudýrkun á hátíðarstundu,“ bls. 151.

³⁰¹ Sjá m.a. Hutchinson, *Modern Nationalism*, bls. 3 og Smith, *Nations and Nationalism in a Global Era*, bls. 30-35.

³⁰² Arnar Guðmundsson, „Mýtan um Ísland,“ bls. 104-105.

³⁰³ Sjá m.a. í Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 16.

³⁰⁴ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 50.

³⁰⁵ Sama heimild, bls. 47.

³⁰⁶ Sjá m.a. Gunnar Karlsson, „Icelandic Nationalism,“ bls. 81, Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 197-198 og Eiríkur Bergmann Einarsson, „Íslenskt þjóðerni og óttinn við innflytjendur,“ bls. 70-71.

³⁰⁷ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 216.

er ekki fyrr en undir lok þeirrar aldar sem fer að draga úr þeim áherslum í fræðasamfélaginu.³⁰⁸

Menningarleg þjóðernisstefna leggur ríka áherslu á mikilvægi tungumála. Herder taldi það einn mikilvægasta þáttinn í eðli þjóðarinnar, og í raun forsendu þjóðernis, eins og fyrr hefur verið nefnt. Tungumálið sýndi hið sanna þjóðareðli og geymdi sögu þjóðarinnar. Áhersla Fichtes á þátt tungumálsins var síst minni, en hann taldi einungis þær þjóðir sem töluðu upprunaleg tungumál vera „lifandi“ og þar af leiðandi sannar. Þær einar væru í beinu sambandi við menningu sína og sögu. Þessar áherslur á tungumálið eru greinilegar í íslenskri þjóðerniskennd allt frá 19. öld. Guðmundur Hálfðanarson gerir grein fyrir því hversu mikilvægt hlutverk hugmyndin um hina fornu tungu Íslendinga spilaði í því að skilgreina þjóðina í sjálfstæðisbaráttunni og hvernig tungumálið var markvisst notað í pólitískum tilgangi til að sýna fram á sérstöðu hennar og frumlægt eðli.³⁰⁹ Íslensk tunga féll vel að skilgreiningum Fichtes þar sem hún var talin hin upprunalega norræna tunga sem geymdi arfleifð þjóðarinnar í fornsögunum. Þar komu því saman menning og tunga sem urðu lykilþættir í sjálfstæðisbaráttunni.³¹⁰ Þjóðin barðist fyrir náttúrulegum rétti sínum sem byggði á menningu og tungumáli íbúanna.³¹¹

Áherslan á tungumálið hefur verið sterk, allt frá dögum sjálfstæðisbaráttunnar. Tungumálið var sett á oddinn í sjálfstæðisbaráttunni og við erum minnt á mikilvægi þess reglulega, einkum við hátíðleg tækifæri. Páll Pétursson, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, minnti landsmenn á þetta á lýðveldishátíðinni 1994: „Hvað er það sem gerir Íslendinga að þjóð? Það er öðru fremur tungan. Hún tengir okkur saman og gerir okkur að sérstökum hópi í samfélagi veraldarinnar.“³¹² Við sama tækifæri minnti Vigdís Finnbogadóttir, þáverandi forseti, á að tungumálið hafi verið helsta réttlætning þess að Íslendingar fengu talist þjóð.³¹³ Enn þann dag í dag er þessi staða tungumálsins skýr. Tungumálið er því enn þá mikilvægur þáttur í sjálfsmyndinni og það sem menn skilgreina sig út frá. Að mati Fabio Dei er hin heilaga þrenning – land, þjóð og tunga – grundvöllur nútíma þjóðernishyggu,

³⁰⁸ Sama heimild, bls. 186. Sjá einnig grein Guðmundar „Collective Memory, History, and National Identity,“ bls. 95-96.

³⁰⁹ Sjá grein Guðmundar „From Linguistic Patriotism to Cultural Nationalism,“ bls. 55-63.

³¹⁰ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 197-198.

³¹¹ Sama heimild, bls. 142.

³¹² Páll Pétursson, „Tungan gerir Íslendinga að þjóð,“ bls. 29.

³¹³ Vigdís Finnbogadóttir, „Gleði og þakklæti er efst í huga,“ bls. 11.

einkum í vestrænni og evrópskri menningu, og hefur áhrif á það hvernig við lítum á samfélög okkar.³¹⁴ Tungumálið hefur t.a.m. orðið afgerandi þáttur í aðlögun innflytjenda í mörgum Evrópuríkjum, m.a. á Íslandi og er ein forsenda þess að útlendingar fái ríkisborgararétt.³¹⁵ Lög þess lútandi tóku gildi hér í ársbyrjun 2009.

Þjóðernisgoðsagnir og sjálfsmynd

„Hvenær urðu Íslendingar til?“ spyr Ármann Jakobsson íslenskufraeðingur í grein sinni „Konungurinn og ég. Sjálfsmynd Íslendinga á 13. öld“.³¹⁶ Og hann svarar því þannig: „Um leið og hingað voru komnir til að vera nokkrir tugir manna sem greindu sig frá öðrum mönnum með því að búa á þessu útskeri ... Að lokum stofnuðu þeir alþingi, stofnun þeirra sem bjuggu á þessari eyju. Þeir voru Íslendingar.“³¹⁷ Þarna vísar Ármann allt aftur til upphafs Íslandsbyggðar og alþingisstofnunarinnar.³¹⁸ Þetta fellur vel að þeirri hugmyndafræði sem gengið var út frá í sjálfstæðisbaráttunni þar sem sagan var kynnt sem heil og samfelld allt frá 9. og 10. öld. Lýðveldið sem stofnað var á Þingvöllum 1944 var þannig íslenskt fyrirbæri, en ekki byggt á erlendri fyrirmynd.³¹⁹ Guðmundur Hálfðanarson bendir einnig á að lögð hafi verið áhersla á hinar fornu rætur og óbrotna samfellu sögunnar.³²⁰ Áhrif þýsku þjóðernissinnanna eru því greinileg í þessari umræðu um þjóðina. Með því að sýna fram á samfellu sögunnar var þjóðin upprunaleg og heil, og það var þjóðin sem myndaði ríkið en ekki öfugt.³²¹

Tungumálið var mikilvægur þáttur í því að sýna fram á þessa samfellu sögunnar. Með tungumálinu varðveittust fornsögurnar og minningar um gullöld þjóðarinnar. Fornbókmenntirnar urðu þannig stór þáttur í þjóðerniskennd Íslendinga fyrir það að geyma sögur um gullöldina og ekki síður að varðveita tungumálið, hina upp-

³¹⁴ Dei, „Language, Culture, Identity,“ bls. 5-6.

³¹⁵ Sjá m.a. frétt á mbl.is frá 6. maí 2009, „Ásókn í íslenskupróf fyrir umsækjendur um ríkisborgararétt“.

³¹⁶ Greinina er að finna í bókinni *Þjóðerni í þúsund ár* sem áður hefur verið vísað til.

³¹⁷ Ármann Jakobsson, „Konungurinn og ég,“ bls. 39.

³¹⁸ Einnig má lesa um sköpunarsögu íslenskrar þjóðar í bók Sigurðar Nordal, *Íslensk menning*, þar sem hann leggur áherslu á landnám Íslands sem mesta viðburð íslenskrar sögu og rekur þjóðareinkennin aftur til sköpunar hennar á 9. og 10. öld. Sjá einnig umfjöllun Sigríðar Matthíasdóttur um þessa nálgun Sigurðar í *Hinn sanní Íslendingur*, bls. 95.

³¹⁹ Guðmundur Hálfðanarson, „Collective Memory, History, and National Identity,“ bls. 89-90.

³²⁰ Sama heimild, bls. 93.

³²¹ Sama heimild, bls. 90-93.

runalegu norrænu tungu.³²² Þær voru hinn menningarlegi þjóðarauður sem brýnt var að varðveita.³²³ Tilvísanir í gullöldina eiga sér einnig tengingu í menningarlega þjóðernisstefnu sem skiptir þjóðarsögunni í þrjú tímabil, gullöld, niðurlægingartímabil og endurreisnartímabil. Um þessi tímabil segir Sigríður Matthíasdóttir: „Á gullöldinni lifðu þjóðirnar í samræmi við hið sanna eðli sitt, þjóðirnar voru „þær sjálfar“. Á niðurlægingartímabilinu hnignaði þeim og þær lágu í eynd og vesöld en á endurreisnartímabilinu vöknudðu þjóðirnar af „lögum svefni“, hreinsuðust af erlendri afskræmingu og urðu þær sjálfar á ný.“³²⁴ Auðvelt var að fella Ísland inn í þetta módel. Gullöldin var þjóðveldistíminn þegar þjóðin réði sér sjálf og niðurlægingartímabilið sá tími þegar Íslendingar voru settir undir erlendan konung. Endurreisnin kom svo með sjálfstæðisbaráttunni þar sem íslenska þjóðin var „komin heim“, hreinsuð af erlendum yfirráðum og kúgun.³²⁵ Lýðveldið hafði verið endurreist, það var ekki nýtt, heldur endurreist á grunni þjóðveldisins.³²⁶

Eins og Guðmundur Hálfðanarson hefur bent á féll þessi sögusýn vel í kramið hjá íslensku þjóðinni á þessum tíma og hentaði vel sem sameiginleg minning.³²⁷ Helstu menntamenn þjóðarinnar og forkólfar sjálfstæðisbaráttunnar höfðu þannig skapað þjóðinni nýja minningu. Þar var dregin fram ástin á landinu og sögunni, þar sem tengslin við gullöldina voru skýr. Minningarnar voru tengdar í tíma og rúmi og sköpuðu samfellu í sögu þjóðarinnar. Þær sýndu og staðfestu að Íslendingar væru vissulega þjóð, afmörkuð frá öðrum þjóðum.³²⁸ Sigríður Matthíasdóttir hefur sagt að árin í kringum aldamótin 1900 hafi verið miklir umbrotatímar í sögu Íslendinga, ekki bara vegna „pólítískra umskipta, heldur voru þau mótunarár þjóðernislegrar sjálfsmyndar landsmanna.“³²⁹ Hún bendir á að alþýðufyrirlestrar Jóns Jónssonar Aðils sem haldnir voru í Reykjavík á fyrstu

³²² Umræður um mikilvægi fornþókmennntanna má m.a. finna í Guðmundur Hálfðanarson, „Collective Memory, History, and National Identity,“ bls. 93-94 og Kolbeinn Óttarsson Proppé, „Hetjudýrkun á hátíðarstundu,“ bls. 158-159.

³²³ Guðmundur Hálfðanarson, „Collective Memory, History, and National Identity,“ bls. 93-94.

³²⁴ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 50. Sjá einnig bls. 26-7. Sigríður kemur einnig inn á þetta í grein sinni „Þjóðerni og karlmennska á Íslandi við upphaf 20. aldar,“ bls. 120.

³²⁵ Sjá ávarp Ólafs Thors á útifundi í Reykjavík hinn 18. júní 1944 í *Lýðveldishátíðin 1944*, bls. 263.

³²⁶ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 7-8. Guðmundur bendir á þessa orðræðu framámanna þjóðarinnar þar sem þeir tengdu nýfengið lýðræði við þjóðveldistímann, þrátt fyrir að það ætti augljóslega fátt sameiginlegt með hinu gamla goðaveldi þess tíma.

³²⁷ Guðmundur Hálfðanarson, „Collective Memory, History, and National Identity,“ bls. 90-91.

³²⁸ Sama heimild, bls. 85-87.

³²⁹ Sigríður Matthíasdóttir, „Þjóðerni og karlmennska á Íslandi við upphaf 20. aldar,“ bls. 119.

árum 20. aldarinnar hafi haft áhrif bæði á sjálfsmynd og sögusýn fólks.³³⁰ Þar hafi komið fram tvær hugmyndir sem urðu grundvallarþættir í íslenskri þjóðerniskennd, annars vegar mikilvægi tungumálsins í því að skilgreina þjóðina sem lífræna heild og hins vegar goðsögnin um gullöldina.³³¹ Ennfremur segir Sigríður: „Gullöldin var þannig gerð að fyrirmynd þess nútímaþjóðríkis sem hér átti að reisa og var m.a. haldið á lofti sem hugmyndafræðilegum grundvelli lýðveldisstofnunarinnar 1944.“³³² Áhrif fræðimanna á söguna eru augljós þar sem helstu fræðimenn þjóðarinnar á tímum sjálfstæðisbaráttunnar við upphaf 20. aldar áttu sinn þátt í því að móta söguvitund þjóðarinnar og sjálfsmynd.³³³ Hin sameiginlega minning um fornar rætur, tungumálið og samfellu sögunnar var óspart nýtt í sjálfstæðisbaráttunni. Nýstofnað lýðveldi hvíldi á grunni fortíðar og því var mikilvægt að varðveita þau sérkenni sem fólust í tungumálinu og sögunni.³³⁴ Einungis á þeim grunni væri hægt að byggja framtíð sjálfstæðrar þjóðar. Áherslan á tengsl fortíðar og nútíðar til að byggja sameiginlega framtíð er áberandi í orðræðu fræði- og framámanna í kringum lýðveldisstofnunina, og í raun allar götur síðan við tækifæri þar sem hennar er minnst.³³⁵

Ástin á landinu er einnig mikilvægur þáttur í þjóðarsjálfsmyndinni. Land forfeðranna sem geymir söguna um gullöldina, baráttumenn og -konur, sigra og ósigra. Land elds og ísa þar sem hlíðarnar eru svo fagarar að menn fórna sér frekar en flýja af hólmi. Sjálfsmyndin er mótuð í gegnum þessar minningar. Ættjarðarljóð eru ort landinu til heiðurs og málverk máluð af stórbrotnu landslaginu. Allt þetta minnir landsmenn stöðugt á tengslin við land sitt og þjóð.³³⁶ Þannig er hinna

³³⁰ Um fyrirlestra Jóns Jónssonar Aðils má lesa í Jón Jónsson [Aðils]: *Íslenzkt þjóðerni*.

Alþýðufyrirlestrar.

³³¹ Sigríður Matthíasdóttir, „Þjóðerni og karlmennska á Íslandi við upphaf 20. aldar,“ bls. 119-120.

³³² Sama heimild, bls. 120

³³³ Sigríður telur þessa fyrstu kynslóð háskólamenntaðra sagnfræðinga hafa haft afgerandi áhrif á söguvitund þjóðarinnar og nefnir Jón Jónsson Aðils sérstaklega í því sambandi sem áhrifamesta fulltrúa „hinnar þjóðernissinnuðu söguskoðunar.“ Sjá Sigríður Matthíasdóttir, „Þjóðerni og karlmennska á Íslandi við upphaf 20. aldar,“ bls. 125. Sjá einnig sérstakan kafla um fyrirlestra Jóns í bók Sigríðar, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 44-50.

³³⁴ Sjá umræðu Guðmundar Hálfðanarsonar í „Collective Memory, History, and National Identity,“ bls. 93-94 þar sem hann bendir m.a. á þá ofuráherslu sem Sigurður Nordal, einn helsti sérfræðingur þjóðarinnar í miðaldabókmenntum snemma á 20. öldinni, lagði á mikilvægi þess að vernda sérkenni þjóðarinnar.

³³⁵ Kolbeinn Óttarsson Proppé bendir á nokkur slík dæmi m.a. ávarp frú Vigdísar Finnbogadóttur forseta á Þingvöllum á 50 ára afmæli lýðveldisins, alþýðufyrirlestra Jóns Jónssonar Aðils og ræðu Ólafs Jóhannessonar frá afmælishátíðinni 1974. Sjá Kolbeinn Óttarsson Proppé „Hetjudýrkun á hátíðarstundu,“ bls. 159.

³³⁶ Smith kemur inn á umræðu um ástina á föðurlandinu m.a. í *Nationalism*, bls. 31-32 og *National Identity*, bls. 14.

hversdagslegu þjóðernishyggju viðhaldið í gegnum kveðskap, hátíðahöld og minnismerki. Mörg þessara tákna minna um margt á trúarbrögð, enda þjóðernishyggjan á ýmsan hátt komið í staðinn fyrir trúna. Guðmundur Hálfðanarson bendir m.a. á að þjóðríkið hafi að mörgu leyti tekið við af kirkjunni með því t.d. að „bera ábyrgð á andlegri velferð þegna sinna“³³⁷ og sömuleiðis er það mat ástralska fræðimannsins John Hutchinsons að þjóðernishyggja hafi leitt til þess að þjóðir setji sig á guðlegan stall og tilbiðji sig.³³⁸ Þessi hugmynd endurspeglar að mörgu leyti hugmyndir Herders og menningarlegrar þjóðernisstefnu um að guð hafi ætlað þjóðinni sérstakt hlutverk.³³⁹ Kolbeinn Óttarsson Proppé telur þjóðhátíðir Íslendinga t.a.m. alltaf hafa verið nátengdar kristinni trú og að sú þjóðerniskennnd sem hér hafi þróast í kjölfar lýðveldisstofnunarinnar sé í raun sterkari trúarbrögðum.³⁴⁰

Af íslenskum goðsögnum hljóta Þingvellir og Jón Sigurðsson að skipa sérstakan sess. Sem holdgervingur sjálfstæðisbaráttunnar hefur Jón verið settur á stall sem helsta frelsishetja og leiðtogi þjóðarinnar, „hinn ókrýndi konungur Íslands“ svo vitnað sé í orð forseta sameinaðs Alþingis, Ásgeirs Ásgeirssonar á Alþingishátíðinni 1930.³⁴¹ Staða hans í sögu þjóðarinnar er slík að margur Íslendingurinn í dag telur hann hafa verið fyrsta forseta lýðveldisins.³⁴² Við lýðveldisstofnunina var t.a.m. enginn ágreiningur um það hvaða dagur yrði valinn sem stofndagur lýðveldisins.³⁴³ Hið sama var uppi á teningnum þegar kom að því að velja stað fyrir hátíðahöldin,³⁴⁴ enda Þingvellir ein helsta goðsögn íslenskrar þjóðernishyggju. Þingvellir eru okkar *lieu de mémoire*, eða staður minninga, „afbragð annarra staða á Íslandi, hinn fullkomni „staður minninga“ íslenskrar þjóðar,“³⁴⁵ Þar slær hjarta þjóðarinnar, á þessum helga reit þar sem landið og sagan mætast.³⁴⁶

³³⁷ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 116-117.

³³⁸ Hutchinson, *Modern Nationalism*, bls. 39.

³³⁹ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 83.

³⁴⁰ Kolbeinn Óttarsson Proppé, „Hetjudýrkun á hátíðarstund,“ bls. 159-162.

³⁴¹ Ásgeir Ásgeirsson í: Magnús Jónsson, *Alþingishátíðin 1930*, bls. 161-162.

³⁴² Sá misskilningur kemur þó einnig til af viðurnefni Jóns „forseti“ og skýrist af störfum hans sem þingforseti á Alþingi Íslendinga.

³⁴³ Kolbeinn Óttarsson Proppé, „Hetjudýrkun á hátíðarstund,“ bls. 154-155.

³⁴⁴ Sama heimild, bls. 157.

³⁴⁵ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 174.

³⁴⁶ Guðmundur Hálfðanarson, „Collective Memory, History, and National Identity,“ bls. 97 og Kolbeinn Óttarsson Proppé, „Hetjudýrkun á hátíðarstund,“ bls. 159.

Þjóðhátíð á Þingvöllum (1994) var því ætlað að staðfesta þá trú að a.m.k. á ákveðnum töfrastundum myndi allir núlifandi Íslendingar eins konar myndhverfðan einstakling, með einn líkama og eina sál, um leið og sagan réttlætir tilveru þjóðarheildarinnar í nútíð og framtíð. Alveg eins og raunverulegir, lifandi einstaklingar á þjóðin sér upphaf og þroskasögu sem skýrir einingu hennar og einkenni í nútímanum, og þar með væntanlega einnig vilja hennar til að standa saman um ókomin ár. ... Þjóðhátíðin á Þingvöllum var því opinber staðfesting á vilja íslenskrar þjóðar til að viðhalda hinu „ímyndaða samfélagi“ ...³⁴⁷

Goðsögnunum er þannig ætlað að sameina þjóðina með minningum um sameiginlega fortíð og sameiginleg örlög. Með því að halda minningunum lifandi ákveður þjóðin með *daglegri atkvæðagreiðslu* að hún ætli að standa saman og vera þjóð. Páll Skúlason heimspekingur sagði í erindi sem hann flutti árið 1994 að einstaklingar sem mynda þjóð geti átt sér sameiginlega vitund og vilja

... vegna þess að hugur þeirra er mótaður af og nærast á sömu menningu þar sem sagan geymir siði forfeðranna, landið geymir verk þeirra og tungan hugsanir þeirra.

Þjóðin sem ein heild með vitund og vilja er möguleg af því að við vitum að við deilum sömu sögu, sama landi og sömu tungu.³⁴⁸

Páll tekur þar með undir hugmyndir Renans sem hér hafa verið nefndar um mikilvægi minninga í því að móta þjóðarsjálfsmynd og viðhalda einingu þjóðarinnar. Að viljinn til að búa saman byggist fyrst og fremst á minningunum sem þjóðin á sameiginlega. Hann leggur áherslu á mikilvægi þess að halda minningum og sérkennum þjóðarinnar á lofti, og að ef við ætlum ekki að verða „rótlaus reköld í stórsjó alþjóðastjórnmalanna, hljótum við að hnýta á ný þær festar sem binda okkur við landið og söguna.“³⁴⁹ Hinu ímyndaða samfélagi er þannig viðhaldið með því að minna í sífellu á meginstoðir íslenskrar þjóðerniskenndar: „Land, þjóð og tunga, þrenning sönn og ein.“³⁵⁰ Þessa sameiginlegu minningu hefur þjóðin varðveitt alla tíð síðan. Og eins og fyrr hefur verið nefnt, er það ekki fyrr en undir lok 20. aldar sem ferð að verða vart við áherslubreytingar hjá hópi fræðimanna sem þá var að koma fram á sjónarsviðið. Þá fyrst fór að bera á öðrum kenningum en frumlægum til að skilgreina þjóðernið.

³⁴⁷ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 176.

³⁴⁸ Páll Skúlason, „Forsendur sjálfstæðis,“ bls. 77.

³⁴⁹ Sama heimild.

³⁵⁰ Úr ljóði Snorra Hjartarsonar, „Marz 1949“.

Ísland í dag – fjölmennning, hnattvæðing og framtíð

Hugmyndin um þjóðríkið lifir enn góðu lífi á Íslandi sem og annars staðar og þjóðerniskennd virðist nokkuð sterk. Þetta helgast kannski af þeim sérstöku aðstæðum sem við búum við og nefndar hafa verið áður í þessum texta. Auk þess er lýðveldið tiltölulega ungt og stofnun þess enn í fersku minni margra þeirra sem eldri eru. Þá er minningunum einnig vel viðhaldið í gegnum goðsagnir og tákn. Það er mat margra að stjórn málaumræðan á Íslandi hafi einkennst öðru fremur af þjóðerniskennd og að það skýri afstöðu stjórnmalamanna til ýmissa mála er tengjast stöðu Íslands á tímum hnattvæðingar. Umræðan um aðild Íslands að Evrópusambandinu er gott dæmi um þetta. Lengi framan af virtust stjórnmalamenn og -flokkar óttast að taka afstöðu í málinu og málflutningurinn hefur einkennst af varkárni og tilfinningaþrungnum ræðum um framsal fullveldis og arðrán auðlinda. Að mati Guðmundar Hálfðanarsonar hafa stjórnmalamenn á Íslandi í raun látið sem staða þjóðríkisins hafi ekkert breyst frá því að lýðveldið var stofnað og að orðræðan öll sé „sprottin úr jarðvegi þjóðfrelsisbaráttunnar.“³⁵¹ Baldur Þórhallsson prófessor í stjórnmálafræði tekur undir þetta en hann hefur skoðað ýmsar breytur sem að hans mati geta haft áhrif á afstöðu stjórnmalamanna á Íslandi. Hann nefnir t.d. að tengsl Íslands við Bandaríkin og varnarsamstarfið hafi haft ákveðin áhrif á viðhorf stjórnmalamanna og fest ákveðið raunsæi í sessi í utanríkismálum. Aðrar breytur sem geta skýrt afstöðu ráðamanna telur Baldur vera ytri þætti eins og staðsetningu landsins sem jaðarríkis, fámennið og smæð stjórnsýslunnar, en einnig innri þætti eins og hina sérstöku þjóðernisvitund og afstöðu stjórnmalaelítunnar.³⁵²

Á Íslandi, rétt eins og hinum Norðurlöndunum, hefur Evrópuumræðan að miklu leyti snúist um mikilvægi þjóðareinkenna. Hugmyndir um sameinaða Evrópu mega ekki ganga svo langt að þær ógni hugmyndinni um þjóðina eða ríkið.³⁵³ Sjálfsákvörðunarrétturinn sem fékkst með sjálfstæðisbaráttunni verður ekki auðveldlega látinn af hendi og honum má alls ekki fórna fyrir skammtímahagsmuni. Guðmundur Hálfðanarson hefur sýnt fram á áhrif þjóðernishugmynda á orðræðuna um Evrópumál og hvernig andstæðingar Evrópusambandsaðildar hafa sett

³⁵¹ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 251.

³⁵² Baldur Þórhallsson, „Towards a new theoretical approach,“ bls. 199.

³⁵³ Eiríkur Bergmann Einarsson, „Fiskurinn eða fullveldið?“ bls. 120.

hana fram sem ógn við sjálfstæði þjóðarinnar.³⁵⁴ Þjóðernishyggja hefur þannig sett mark sitt á alla umræðu um utanríkismál á Íslandi og orðræðan hefur í raun ekki breyst ýkja mikið á hálfri öld.³⁵⁵ Nýfengnu sjálfstæði fylgdi ákveðin orðræða sem er enn mjög sterk og endurspeglast í umræðunni um Evrópumálin. Þau rök sem beitt er gegn aðild að Evrópusambandinu eru um margt lík þeim sem andstæðingar við aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu beittu á sínum tíma og einkenndust einnig mjög af þjóðerniskennnd. Fylgjendur aðildar eru sakaðir um föðurlandssvik og framsal á fullveldi.³⁵⁶ Þetta kom t.a.m. berlega í ljós þegar kom að því að taka aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu fyrir þann 17. júní síðastliðinn, á sjálfan þjóðhátíðardaginn, fæðingardag þjóðhetjunnar Jóns Sigurðssonar. Litið var á það sem augljósa sönnun þess að slík aðild væri aðför að fullveldi þjóðarinnar.³⁵⁷ Guðmundur Hálfðanarson telur þessa afstöðu gagnvart Evrópusambandsaðild edlilega í ljósi þess lykilhlutverks sem þjóðernisstefnan hefur leikið í stjórn mála umræðunni.

Málflutningur sjálfstæðisbaráttunnar, goðsagnir hennar og hugsjónir, móta enn hugsunarhátt íslenskra stjórnámálanna og almennings, ... Óttinn við að glata hluta fullveldisins úr landi hefur því markað íslensk stjórn mála frá upphafi, enda benda landsforeldrarnir oft á heilaga skyldu sína til að standa vörð um sjálfstæði þjóðarinnar.³⁵⁸

Það er ennfremur mat Guðmundar að þróun Evrópusambandsins muni hafa mikil áhrif á þjóðríkishugtakið á næstu árum³⁵⁹ og hefur auðvitað gert það nú þegar. Það mun því skipta miklu máli hvernig þessi mál þróast hér á landi og hvaða afstöðu stjórnvöld og almenningur munu taka við afgreiðslu aðildarumsóknarinnar og hvaða áhrif það mun hafa í framhaldinu.

Það er nokkuð ljóst að á Íslandi lifa goðsagnirnar enn góðu lífi, staða tungumálsins er sterk og Þingvellir hafa skýra tengingu við þjóðarsálina. Þar hafa hátíðir til minninga um lýðveldisstofnunina og kristnitökuna verið haldnar, síðast árið 2000. Mörgum þótti það því táknrænt þegar Hótel Valhöll brann fyrir rúmu ári síðan, sem eins konar lokapunktur á tilfinningalegu hruni landsmanna í kjölfar

³⁵⁴ Guðmundur Hálfðanarson, „Discussing Europe,“ bls. 138.

³⁵⁵ Gunnar Helgi Kristinsson og Baldur Þórhallsson, „The Euro-sceptical political elite,“ bls. 151.

³⁵⁶ Baldur Þórhallsson og Hjalti Þór Vignisson, „Evrópustefna íslenskra stjórnvalda fyrstu þrjá áratugi lýðveldisins,“ bls. 772.

³⁵⁷ Andstæðingar ESB-aðildar tjáðu sig um þessa aðför að fullveldinu á ýmsum vettvangi á vordögum 2010.

³⁵⁸ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 246.

³⁵⁹ Sama heimild, bls. 249.

efnahagshrunsins.³⁶⁰ Allt fram að hrúni hafði þjóðarsjálfsmyndin verið nokkuð sterk. Við vorum sérstök. „Ísland, best í heimi“ var t.a.m. vinsælt auglýsinga-slagorð í góðærinu. Þjóðin virtist ósigrandi í útrás sinni og kannski örlaði á hroka í samskiptum við aðrar þjóðir.³⁶¹ Ummerki hversdagslegrar þjóðernishyggju og hinnar daglegu atkvæðagreiðslu þjóðarinnar voru víða sjáanleg. Árangri Íslendinga á erlendri grundu var haldið á lofti hvort sem um var að ræða íþróttir, menningarviðburði eða í viðskiptalífínu. „Íslandsvinir“ voru dregnir í viðtöl hjá fjölmiðlum til að lýsa ást sinni á landi og þjóð með hinni klassísku spurningu „How do you like Iceland?“ Það má velta fyrir sér hvenær slík þjóðernisstefna verður að þjóðrembingi, en mörkin eru ekki alltaf skýr og stundum stutt þar á milli.³⁶² Ritstjórnarpistillinn „Staksteinar“ sem birtur er í *Morgunblaðinu* gaf skemmtilega mynd af þessu í ágústlok árið 2008, undir fyrirsögninni „Gjöfin að vera Íslendingur“.³⁶³ Þar er komið inn á æðið sem greip þjóðina þegar Íslendingar urðu í öðru sæti í handbolta á Ólympíuleikunum. Þar segir pistlahöfundur m.a.: „Óþjóðlegasta fólk hreifst með í stemmningunni“ og gagnrýnir „úrtöllumenn“ sem fannst uppákoman „hallærisleg“ þegar hún var að hans mati „fyrst og fremst rammíslenzk.“ „Menningarmálaráðherrann var búin að lofa þjóðhátíð og það varð þjóðhátíð; með ótal fánum, margendurteknum Öxar við ána og skrúðgöngu. Íslenzk menning eins og hún gerist bezt.“ Það má greina kaldhæðnistón í pistlinum, en engu að síður gefur hann góða mynd af ástandinu sem skapaðist. Í lokin bendir pistlahöfundur réttilega á að „rétt þegar útrásin hafði klikkað og efnahagsundrið tekið dýfu kom handboltalandsliðið og stappaði stálinu í þjóðina á nýjan leik. Sýndi að íslenzki sköpunarkrafturinn nýtist áfram til að breyta heiminum.“³⁶⁴

Í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 hefur sú þjóðarsjálfsmynd sem Íslendingar höfðu skapað sér beðið hnekki og ímynd þjóðarinnar skaðast út á við. Þjóðin leitar inn á við og áherslur á gömul gildi verða meira áberandi.³⁶⁵ Slíkt er ekki óalgengt og í raun vel þekkt að þegar þjóðir ganga í gegnum erfiðleikatímabil þá bregðist

³⁶⁰ Allir fjölmiðlar landsins færðu fréttir af brunanum í Valhöll sem varð þann 10. júlí 2009.

³⁶¹ Dæmi um það gætu verið viðhorf Íslendinga til þess þegar Íslendingar keyptu dönsk fyrirtæki af miklum móð á árunum 2005 og 2006 við lítinn fögnuð Dana.

³⁶² Katrín Jakobsdóttir talar um þetta í grein sinni „Ísland í aðalhlutverki“, bls. 175-176 og nefnir nokkur dæmi úr fyrirsögnum dagblaða.

³⁶³ Staksteinar „Gjöfin að vera Íslendingur“, *Morgunblaðið* 28. ágúst 2008.

³⁶⁴ Sama heimild.

³⁶⁵ Eins og fyrr hefur verið nefnt hefur t.a.m. íslenska lopapeysan fengið endurnýjun lífdaga og þrjónaskapur orðin hin vinsælasta dægradvöl. Það má hins vegar velta fyrir sér hversu langlíft það ástand verði.

þær við með því að horfa inn á við og finna ræturnar.³⁶⁶ Eins fellur þetta vel undir þær kenningar um hnattvæðingu að hún kalli á ákveðið afturhvarf og endurvakningu þjóðernishyggju, eins og nefnt var í kafla 2.3. Engu að síður virðist sem yngri kynslóðir fræðimanna hafi áttað sig á því að þjóðrembingur er ekki leiðin út úr vandanum, heldur þurfi að sýna vilja til samstöðu og samvinnu við aðrar þjóðir. Íslenski stíllinn gengur ekki mikið lengur. Í þessu samhengi er vert að nefna tvær greinar sem birtust í *Fréttablaðinu* mánudaginn 21. júní 2010, önnur eftir Guðmund Andra Thorsson rithöfund, en hina ritar Bergur Ebba Benediktsson lögfræðingur. Í greinum sínum taka þeir á ýmsum málum er varða samskipti Íslands á erlendum vettvangi og hina endalaus áherslu á sérstöðuna og sértækar lausnir þjóðinni til handa, ásamt þeirri þráhyggju sem Íslendingar virðast stundum haldnir að vita hvað útlendingum finnist um þá.³⁶⁷ „Ó svo kunnuglegt: þessi blanda af vanmetakennd og sjálfsupphafningu, þessi þörf að sjá sig með augum útlendinga, þessi hugmynd að fólk víða um lönd sé að bollaleggja fram og aftur um Íslendinga.“ Og Guðmundur Andri bendir á lausn: „Við þurfum að hugsa þetta öðruvísi. Allt þetta úti/inni – útrás/innrás – þeir/við: þetta gengur ekki lengur ... við verðum að hætta að sækja sjálfsmýnd okkar til útlendinga. Við eigum að hætta að vera hinn athyglissjúki krakki Evrópu. Hætta að ýkja afbrigðin og útúrdúrana í eigin fari, hætta að vegsama óhófið.“³⁶⁸ Bergur Ebba tekur í sama streng: „Við höfum leyft okkur að halda að við séum sérstök.“ Hann ræðir um íslenska stíllinn og þau verkefni sem ráðist hefur verið í með misjöfnum árangri og endar pistil sinn á því að segja „En mikið er ég orðinn þreyttur – og ég veit það elsku Fjallkona og eldgamla Ísafold að þið móðgist ekki – mikið er ég orðinn þreyttur á þessum íslenska stíl.“³⁶⁹ Báðir vísa óbeint í undanþágur og afstöðu Íslendinga til Evrópusambandsins, og báðir taka þann pól í hæðina að Íslendingar hafi notfært sér sérstöðuna í alþjóðlegu samstarfi og nýtt þannig ákveðna möguleika án þess að taka á sig þær skuldbindingar sem í slíku samstarfi felast. Sérstaðan er þannig nýtt sem afsláttarmiði í alþjóðlegu samstarfi.

Í kjölfar hnattvæðingar hefur Ísland ekki farið varhluta af þeim samfélagsbreytingum sem orðið hafa í löndum Evrópu. Fyrir utan fyrstu bylgju innflytjenda

³⁶⁶ David Miller, *On Nationality*, bls. 20.

³⁶⁷ Nægir að nefna sjónvarpsauglýsingu Flugleiða sem sýnd var í sjónvarpi á vordögum 2010 sem sýnir fólk víða um heim í samræðum um Íslendinga.

³⁶⁸ Guðmundur Andri Thorsson, „Í útlöndum er einmitt skjól,“ bls. 15.

³⁶⁹ Bergur Ebba Benediktsson, „Íslenski stíllinn,“ bls. 16.

við landnám Íslands, voru innflytjendur hér lengi framan af fáir, en á síðustu árum hefur orðið mikil breyting á. Í góðærinu sem ríkti við upphaf 21. aldar streymdi erlent vinnuafli til landsins frá löndum Evrópu þar sem atvinnuleysi ríkti. Í grein sem birtist í tímaritinu *Mannlíf* vorið 2007 kemur fram að árið 2006 hafi ríflega fimm þúsund erlendir ríkisborgarar fengið dvalarleyfi á Íslandi og að mikill meirihluti þessara dvalarleyfa, eða rúmlega 90% hafi verið vegna atvinnuþátttöku hér á landi.³⁷⁰ Nýjustu tölur frá Hagstofu Íslands sýna að erlendir ríkisborgarar eru nú tæplega 22.000 eða 6,8% íbúa landsins.³⁷¹ Erlendum ríkisborgurum fjölgaði hratt á milli ára á árunum 2005-2008 og fóru upp í 7,6% þegar mest var, en nú hefur þeim tekið að fækka aftur. Engu að síður er hægt að taka undir með Guðmundi Hálfðanarsyni þegar hann segir hugmyndina um eina þjóð og sameiginlegar minningar ekki standast mikið lengur, a.m.k. ekki nema við útilokum ákveðna hópa sem uppfylla ekki þau skilyrði sem við teljum nauðsynleg til þess að teljast Íslendingur.³⁷² Hann bendir á að næstum einn af hverjum tíu Íslendingum séu fæddir erlendis og að stór meirihluti fólks í þessum hópi geti ekki rakið menningarlega eða erfðafræðilega arfleifð sína aftur til frækinnna forfeðra á þjóðveldistímanum. Þjóðin deilir því ekki sameiginlegum minningum lengur. Innflytjendur hafa komið með sinn bakgrunn og sínar minningar, og þannig sett svip sinn á samfélagið og þjóðina.³⁷³

Í kjölfar þessara breytinga á samfélaginu hefur þróast þjóðernisleg umræða sem ber vott um fordóma og hræðslu, þar sem innflytjendur eru taldir ógna hagsmunum og menningu þjóðarinnar. Margir hafa hræðst þann mikla fjölda fólks sem hingað kom á stuttum tíma og setti fljótt mark sitt á samfélagið. Aðrir hafa óttast að útlendingar taki störf frá Íslendingum eða að þátttaka þeirra í íslensku atvinnulífi haldi niðri launum. Eins hefur komið fram hræðslan við að útlendingar hafi hópast hingað á vafasömum forsendum sem ógni grunngildum íslensks samfélags og þjóðmenningar. Þessi umræða var einkum áberandi á árunum 2006 og 2007 þegar straumur erlends verkafólks var hvað mestur, en hefur dalað jafnt og þétt frá efnahagshruninu, enda erlendu vinnuafli fækkað umtalsvert.³⁷⁴ Í umfjöllun um

³⁷⁰ Sveinn Waage, „Útlendu Íslendingarnir,“ bls. 20.

³⁷¹ Hagstofa Íslands. Upplýsingar um ríkisfang, fæðingarland og uppruna íbúa.

³⁷² Guðmundur Hálfðanarson, „Collective Memory, History, and National Identity,“ bls. 96.

³⁷³ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 174.

³⁷⁴ Erlendir verkamenn tóku að yfirgefa landið og halda heim á leið strax haustið 2008 eins og sjá má í grein á mbl.is frá 30. ágúst 2008, „Hópast heim til Póllands“.

málefni innflytjenda og svari við spurningunni hvort útlendingar séu ógn við íslenskt samfélag sem birtist í *Ritinu*, tímariti Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands, skiptir Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, sagnfræðingur og þáverandi varaþingmaður, orðræðunni í nokkra þætti sem hafa verið áberandi í umræðunni: Meinta ógn við efnahagslífið, velferðarkerfið, íslenska menningu, íslenska tungu, kristni og grunnildi.³⁷⁵ Það er hins vegar niðurstaða hennar að ógnin sem af innflytjendum stafi sé ímynduð og snúist alltaf „á einhvern hátt um sjálfsmynd okkar Íslendinga.“³⁷⁶ Hún telur enn fremur að „sjálfsmynd þjóðar sem ekki breytist í takt við nýja tíma“ verði „hamlandi og að lokum ógnandi ef hún nær ekki utan um alla íbúa landsins.“³⁷⁷ Að hennar mati er hin raunverulega ógn í tengslum við innflytjendur einmitt sú að misrétti og fordómar skjóti rótum í íslensku samfélagi.³⁷⁸

Sjálfsmyndin er þannig meginsteff í umræðunni um fjölmenningu, rétt eins og hún er í skilgreiningunni á þjóðum. Það hvernig við lítum á okkur sjálf hlýtur alltaf að hafa áhrif á það hvernig við sjáum aðra. Þjóðir eru ekki einsleitar, og hafa í raun aldrei verið.³⁷⁹ Minningar og sjálfsmynd eru ekki föst og óumbreytanleg fyrirbæri. Minningar og saga hafa verið snyrtar, oft í pólitískum tilgangi,³⁸⁰ og sjálfsmyndin er sömuleiðis að mörgu leyti mannanna verk.³⁸¹ Á meðan sjálfsmyndin er afmörkuð við hina heilögu þrenningu, land, þjóð og tungu, mun fjölmenningarlegt samfélag aldrei dafna, ekki á Íslandi frekar en í öðrum löndum sem hafa brennt sig á aðgreiningu hópa. Heimsmyndin hefur tekið miklum breytingum síðastliðin fimmtíu ár og mikilvægt að vinna úr þeim á skynsamlegan hátt. Þjóðarsjálfsmynd þarf að ná til allra þegna ríkisins jafnt, hvert svo sem þeir sækja uppruna sinn.

³⁷⁵ Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, „Ísaðar gellur með harðan, hrjúfan hreim,“ bls. 11.

³⁷⁶ Sama heimild, bls. 19.

³⁷⁷ Sama heimild. Guðmundur Hálfðanarson tekur upp svipaða umræðu í grein sinni „Collective Memory, History, and National Identity,“ bls. 98, þar sem hann bendir á mikilvægi þess að sjálfsmyndin nái jafnt yfir alla þegna.

³⁷⁸ Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, „Ísaðar gellur með harðan, hrjúfan hreim,“ bls. 20.

³⁷⁹ Guðmundur Hálfðanarson, „Collective Memory, History, and National Identity,“ bls. 98.

³⁸⁰ Sama heimild.

³⁸¹ Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, „Ísaðar gellur með harðan, hrjúfan heim,“ bl. 19.

3. Aðferðafræði og úrvinnsla

3.1 Rannsóknin – Hvað er Íslendingur?

Íslenskt samfélag hefur breyst mikið á stuttum tíma. Aukinn fjöldi innflytjenda og erlends verkafólks hefur sett mark sitt á samfélagið sem var lengst fram eftir 20. öldinni fremur einsleitt. Umræðan sem þróaðist í kjölfarið einkenndist af fordómum og ótta, og ákveðin tilhneiging var til að líta á útlendinga sem ógn við þjóðina.³⁸² Í stað þess að rannsaka þá umræðu sérstaklega er hér lögð áhersla á að skoða hugmyndir um þjóðina sem mönnum fannst vera ógnað og í hverju sú ógn er fólgin. Orðræðan sem varð áberandi í samfélaginu á árunum 2006-2008 einkenndist af aðgreiningunni, *við* og *hinir*.³⁸³ Út frá þeim hugmyndum er athyglisvert að skoða hverjir þessir *hinir* eru og sömuleiðis hver *við* erum. Geta *hinir* aldrei orðið hluti af *okkur* eða *við* hluti af *hinum*? Til að fá svör við þessum spurningum er mikilvægt að skoða nánar hverjir „Íslendingar“ eiginlega eru og hverjir eru það ekki? Hvað gerir einstakling að Íslendingi? Hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að teljast Íslendingur? Með rannsókninni er leitast við að fá svör við þessum spurningum.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir aðferðafræðilegri nálgun rannsóknarinnar og niðurstöðum hennar. Í umræðukafla eru helstu niðurstöður dregnar saman og settar í samhengi við fræðin á þann hátt að úr verði upplýsandi samantekt á því hver sjálfsmynd Íslendinga er, og hversu mikilvægur hluti af sjálfsmyndinni þjóðernið er nú við upphaf 21. aldar.

³⁸² Guðfríður Lilja Grétarsdóttir fjallar um meintar ógnir sem íslensku samfélagi stafar af innflytjendum í grein sinni „Ísaðar gellur með harðan, hrjúfan hreim,“ bls. 9-20. Einnig má benda á málflutning margra fulltrúa Frjálslynda flokksins, einkum á árunum 2006 og 2007, og blaðaskrif frá þeim tíma. Sjá einnig í Eiríkur Bergmann, „Íslenskt þjóðerni og óttinn við innflytjendur,“ bls. 57 og 64-66.

³⁸³ Aðgreiningin *við* og *hinir* kom fram í ýmsum blaðagreinum á árunum 2006 og 2007 þar sem gerður var greinarmunur á *okkur* Íslendingum og *hinum* sem voru útlendingar. Þessi afstaða kemur t.a.m. greinilega fram í grein Jóns Magnússonar, „Ísland fyrir Íslendinga?“ sem birtist í *Blaðinu*, þann 1. nóvember 2006.

3.2 Aðferðafræðileg nálgun

Í rannsókninni er eigindlegri aðferðafræði beitt. Með eigindlegri nálgun gefst tækifæri til að kafa dýpra og fá persónulegri upplýsingar en gjarnan fást með meginlegri aðferð. Á meðan meginlegar aðferðir byggjast á raunhyggju þar sem leitað er að staðreyndum og mælanlegum orsökum, leggja eigindlegar rannsóknar- aðferðir frekar áherslu á að skilja félagsleg fyrirbæri út frá sjónarhorni þátttakenda, með því að lesa í reynslu fólks og aðstæður.³⁸⁴ Eigindlegar rannsóknar- aðferðir byggja á aðleiðslu, þ.e. að þróa skilning út frá því sem kemur fram í gögnunum frekar en að safna gögnum til að sanna tilgátu eða kenningu.³⁸⁵ Í eigindlegum rannsóknum er ekki eins mikil áhersla lögð á endurtekningu og áreiðanleika og gert er í meginlegum rannsóknum, heldur er frekar lögð áhersla á merkingu rannsókna sem slíkra.³⁸⁶ Þar er frekar verið að skoða mannlega hegðun og það hvernig fólk skynjar og skilgreinir sinn reynsluheim.³⁸⁷

Það er gjarnan talað um að í eigindlegum rannsóknum sé meiri sveigjanleiki en meginlegum. Eigindlegir rannsakendur forðast það að fara af stað með fyrirfram fastmótaða tilgátu eða spurningu heldur líta þeir svo á að rannsóknin sé í mótun allt ferlið.³⁸⁸ Eigindleg rannsóknarviðtöl líkjast oft venjulegum samtölum þar sem rannsakandi reynir að skapa þægilegt andrúmsloft og sem eðlilegastar aðstæður.³⁸⁹ Spurningar í eigindlegum rannsóknum eru yfirleitt ekki staðlaðar, heldur er gengið út frá ákveðnum atriðum til að spyrja um, en viðtölin þróast gjarnan eftir áherslum viðmælenda. Viðtölin eru því bæði sveigjanleg og „dýnamísk.“³⁹⁰ Rannsóknin er þannig í stöðugri mótun og rannsóknarspurningarnar geta tekið breytingum eftir því hvaða stefnu rannsóknin tekur.

Innan eigindlegra rannsókna er að finna nokkrar ólíkar aðferðir. Það er síðan háð viðfangsefninu hvaða aðferð er heppilegust hverju sinni. Algengustu aðferðirnar eru þó þátttökuathuganir og opin einstaklingsviðtöl.³⁹¹ Þátttökuathuganir byggja á því að rannsakandinn fylgist með félagslegum samskiptum þátttakenda í þeirra

³⁸⁴ Taylor og Bogdan, *Introduction to Qualitative Research Methods*, bls. 3.

³⁸⁵ Sama heimild, bls. 7.

³⁸⁶ Sama heimild, bls. 9.

³⁸⁷ Sama heimild, bls. 10.

³⁸⁸ Bogdan og Biklen, *Qualitative Research for Education*, bls. 49.

³⁸⁹ Taylor og Bogdan, *Introduction to Qualitative Research Methods*, bls 7-9.

³⁹⁰ Sama heimild, bls. 88.

³⁹¹ Sama heimild.

eigin umhverfi á meðan opin viðtöl byggja á persónulegu viðtali, eða samtali, milli rannsakanda og þátttakanda.³⁹² Opin viðtöl eru góð leið til að fá fram mörg ólík sjónarhorn og ná til breiðs hóps þátttakenda. Þau geta veitt mikið magn af upplýsingum á stuttum tíma, á meðan þátttökuathuganir eru oft tímafrekari en gefa þó gott aðgengi að rannsóknarefni.³⁹³

Í þessari rannsókn var gerð ein þátttökuathugun, en að öðru leyti var valin sú leið að taka opin viðtöl við einstaklinga, og fá þá til að segja frá reynslu sinni, þ.e. ræða um það hvaða merkingu þeir legðu í það að vera Íslendingur og segja frá viðhorfum sínum til breytts samfélags og fjölmeningar. Ákveðið var að taka opin viðtöl við fólk með ólíkan bakgrunn og fá það til að lýsa reynslu sinni og skoðunum. Að baki þessarar skýrslu liggja til grundvallar fimmtán viðtöl og ein þátttökuathugun. Fyrstu átta viðtölin voru tekin út frá þrengri viðtalsramma en hin síðari sex, sem voru tekin með markmið eigindlegra rannsókna að leiðarljósi. Niðurstöðurnar eru engu að síður nokkuð sambærilegar, enda um opin viðtöl að ræða í báðum tilvikum og umfjöllunarefnið hið sama. Og þó spurningarnar í fyrri áfanganum væru sumar lokaðri en þær sem notaðar voru í hinum seinni, þá þróuðust viðtölin yfirleitt á þann veg að úr urðu *samtöl* frekar en bein *viðtöl*.

Algennt er að talað sé um fimm ólíkar nálganir í eigindlegum rannsóknum. Frásögurannsóknir (e. narrative research) beinast að reynslu einstaklinga og frásögnum þeirra af lífi sínu og aðstæðum. Í fyrirbærafræðilegum (e. phenomenology) rannsóknum er áhersla lögð á reynslu eða hugmyndir einstaklinga um ákveðið hugtak eða fyrirbæri. Markmiðið með grundaðri kenningu (e. grounded theory) er að þróa eða uppgötva nýjar kenningar eða fræðilega innsýn og byggir á skipulegri gagnagreiningu og stöðugum samanburði (e. constant comparative method). Etnógrafía (e. ethnography) er lýsing og túlkun á félagslegum hópi þar sem rannsakaðir eru lífshættir, atferli og samskipti hóps sem deilir ákveðinni menningu. Að lokum ber að nefna tilviksrannsókn (e. case study) en þá er gerð ítarleg rannsókn á ákveðnu tilviki sem afmarkað er í tíma eða rúmi, t.d. ákveðnum atburði, stofnun eða einstaklingi.³⁹⁴

³⁹² Taylor og Bogdan, *Introduction to Qualitative Research Methods*, bls. 24 og 88.

³⁹³ Sama heimild, bls. 90.

³⁹⁴ Creswell, *Qualitative Inquiry and Research Design*, bls. 47-68. Einnig er hér stuðst við glósur Rannveigar Traustadóttur úr námskeiðinu *Eigindlegar rannsóknaraðferðir I*.

Þessi rannsókn flokkast að mestu leyti undir það að vera fyrirbærafræðileg rannsókn. Það er hins vegar alltaf einhver skörun á milli þessara nálgana og því er vel hægt að finna ákveðna þætti sem ættu við bæði úr grundaðri kenningu, tilvixsathugun og jafnvel etnógraffíu. Sem fyrirbærafræðileg nálgun leggur rannsóknin áherslu á hugmyndir einstaklinga um hugtökin *þjóð*, *þjóðerni* og *sjálfsmynd*. Þátttakendur í fyrirbærafræðilegri rannsókn eru oft sérstaklega valdir með tilliti til þess hvernig reynsla þeirra varpar ljósi á fyrirbærið,³⁹⁵ en það á vel við marga þá viðmælendur sem tóku þátt í þessari rannsókn. Viðtöl í fyrirbærafræðilegri rannsókn eru gjarnan byggð upp eins og samtöl, en hafa þó skýran tilgang. Ákveðin þemu sem tengjast rannsókninni eru lögð til grundvallar án þess þó að ramminn sé of þröngt sniðinn, þar sem svigrúm þarf að gefa fyrir nýjar víddir og nálganir sem koma upp í viðtölunum.³⁹⁶

Úrvinnsla rannsóknarinnar hefur að mestu farið fram með stöðugum samanburði (e. constant comparative method) þar sem upplýsingum úr viðtölum hefur verið safnað saman og þær bornar saman jafnt og þétt.³⁹⁷ Í gegnum þann stöðuga samanburð hefur sjónarhornið skerpst og rannsóknarspurningarnar örlítið slípast til. Við kóðun (e. coding) gagnanna komu fram ákveðin þemu sem móta framsetningu niðurstaðna. Í lokin ættu niðurstöðurnar þannig, undir áhrifum fyrirbærafræðilegrar rannsóknar, að varpa ljósi á fyrirbærið sem lá til grundvallar, þ.e. mikilvægi þjóðernis í sjálfsmynd einstaklinga og þjóða á tímum hnattvæðingar.

3.3 Framkvæmd rannsókna

Tvær aðferðir lágu til grundvallar vali á þátttakendum. Fræðilegu úrtaki (e. theoretical sampling) var beitt til að velja einstaklinga með ákveðna reynslu og veltiúrtaksaðferð (e. snowballing) notuð til að nálgast fleiri viðmælendur. Í fræðilegu úrtaki skiptir fjöldinn ekki meginmáli, heldur upplýsingarnar sem fást út úr hverju tilviki fyrir sig og mikilvægi þeirra fyrir rannsóknina.³⁹⁸ Þátttakendum er bætt við eftir því sem það þykir þjóna tilgangi rannsóknarinnar. Veltiúrtak felst í því að þátttakendur benda á aðra einstaklinga sem þeir telja geta lagt eitthvað af

³⁹⁵ Creswell, *Qualitative Inquiry and Research Design*, bls. 51-55.

³⁹⁶ Sjá um viðtöl samkvæmt fyrirbærafræðilegri rannsóknaraðferð í Kvale og Brinkmann, *Interviews*, bls. 26-32.

³⁹⁷ Creswell, *Qualitative Inquiry and Research Design*, bls. 57 og Bogdan og Biklen, *Qualitative Research for Education*, bls. 66.

³⁹⁸ Taylor og Bogdan, *Introduction to Qualitative Research Methods*, bls. 93.

mörkum til rannsóknarinnar.³⁹⁹ Þessi aðferð reyndist að flestu leyti vel og margir voru fúsir til að taka þátt í rannsókninni. Hins vegar er það kannski einn af ókostum veltiúrtaksaðferðarinnar að þátttakendahópurinn getur orðið of einsleitur.⁴⁰⁰ Í þessari rannsókn eru 11 af 15 viðmælendum með háskólamenntun og gjarnan hefði mátt fá þátttakendur úr fleiri stigum þjóðfélagsins til að fá víðara sjónarhorn. Það var þó ákveðið að leita ekki lengra að þessu sinni.

Viðmælendurnir fimmtán komu engu að síður úr ýmsum áttum. Í fyrri áfanga var rætt við níu Íslendinga á aldrinum 29 ára til 61 árs, fimm konur og fjóra karla. Í seinni áfanga var ákveðið að fá einnig inn sjónarhorn einstaklinga sem höfðu flutt af landi brott eða flust hingað erlendis frá og búið hér um skeið. Af þeim sex einstaklingum eru þrír sem hafa alist upp hér á landi. Tvö þeirra eiga hér sínar fjölskyldur, þó annar einstaklingurinn, sem er kona á fertugsaldri, hafi unnið um skeið erlendis og sé í sambúð með manni sem er af erlendu bergi brotinn. Þriðji viðmælandinn í þessum hópi er kona sem bjó í tuttugu ár í öðru landi en hefur nú snúið heim aftur með hluta fjölskyldu sinnar. Tveir viðmælendur voru einstaklingar af erlendu bergi brotnir, sem hafa búið hér um lengri tíma. Að lokum var einn viðmælenda kona sem á íslenska móður en erlendan föður. Rætt var við hana og manninn hennar saman, en hann er af erlendu bergi brotinn. Í þessum hópi voru tveir karlar og fjórar konur á aldrinum 35–49 ára. Í þessum 14 manna hópi er að finna nokkra kennara bæði við grunn- og framhaldsskóla, smið, félagsráðgjafa, viðskiptafræðing, þroskaþjálfara, kerfisstjóra, nema, skrifstofu- og verslunar fólk. Alls samanstóð hópurinn af níu konum og fimm körlum. Nánari útlitun á samsetningu þátttakenda má sjá í töflum 1 og 2.

Gagnasöfnun fór fram í tveimur áföngum, vorið 2007 og haustið 2008. Viðtölin voru flest um það bil klukkutími að lengd og fóru fram á ýmsum stöðum. Fyrstu níu viðtölin voru tekin á skrifstofu sem rannsakandi hafði aðgang að, en seinni lotan fór fram á ýmsum stöðum. Tvö viðtöl voru tekin á hlutlausu svæði, kaffihúsi úti í bæ, tvisvar voru vinnustaðir viðkomandi heimsóttir og í tilviki hjónanna var rannsakanda boðið inn á heimili þeirra. Ein þátttökuathugun var gerð í þessu ferli, og fór hún fram á lokahófi rússneskrar menningarhátíðar sem haldið var í húsa- kynnum MÍR (Menningartengsl Íslands og Rússlands) í Reykjavík í nóvember-

³⁹⁹ Taylor og Bogdan, *Introduction to Qualitative Research Methods*, bls. 93.

⁴⁰⁰ Sama heimild.

byrjun 2008. Viðtölin voru hljóðrituð, með leyfi viðmælenda, og síðan afrituð þar sem nöfnum var breytt, ásamt ýmsu öðru sem gæti gefið vísbendingar um það hverjir ættu í hlut, s.s. vinnustöðum, hverfum borgarinnar o.fl. í þeim dúr.

Tafla 1 – Fyrri þátttakendahópur – „Íslendingar“

Nafn	Aldur	Uppruni	Búseta í öðru landi	Starf
Trausti	47	Íslenskur		Kerfisstjóri
Hrefna	59	Íslensk		Starfsmannastjóri
Kristján	61	Íslenskur		Smiður
Brynhildur	35	Íslensk		Félagsráðgjafi
Jónína	31	Íslensk	Danmörk 3 ár	Í framhaldsnámi
Tómas	33	Íslenskur		Kennari
Guðrún	42	Íslensk	Bretland 2 ár	Kennari
Bjarni	33	Íslenskur		Verslunarmaður
Karen	29	Íslensk		Nemi

Tafla 2 – Seinni þátttakendahópur - Blandaður

Nafn	Aldur	Uppruni	Búseta í öðru landi	Starf
Sæmundur	49	Íslenskur		Kennari
Ylfa	35	Íslensk	Bretland / Skotland 3 ár	Kennari
Kristín	47	Íslensk	Danmörk 20 ár	Þroskaþjálfari
Olga	55	Rússnesk	Rússland 45 ár	Kennari
James	53	Breskur	Bretland 30 ár	Viðskiptafræðingur
Ada	48	Íslensk-ítölsk	Bretland 5 ár Ítalía/Ísland	Skrifstofustúlka

Viðtalsramminn þróaðist og breyttist nokkuð í ferlinu. Það kom á daginn að ramminn sem lagt var upp með í fyrri áfanga hafði verið settur upp með of megindlegu sniði, þ.e. spurningarnar voru of lokaðar og leiddu stundum af sér einföld „já“ og „nei“ svör. Honum var því breytt eftir fyrsta viðtal í seinni lotunni og spurningarnar aðlagðar betur að eigindlegri rannsóknaraðferð. Einnig var dæmahluti, þar sem þátttakendur voru beðnir um að taka afstöðu til ákveðinna aðstæðna, tekin út. Þrátt fyrir þessar breytingar voru megináherslurnar efnislega þær sömu.⁴⁰¹ Markmiðið var að fá fólk til að ræða um mikilvægi þjóðernis í sjálfsmynd einstaklinga og hvaða áhrif breytt heimsm mynd hefur haft á sjálfsmynd

⁴⁰¹ Viðtalsrammarnir og dæmin eru í viðaukum 1 og 2.

þjóðarinnar. Ákveðinn áherslumunur þróaðist í viðtölunum eftir því hver bakgrunnur viðmælanda var. Við þá sem eru fæddir hér á landi og eiga hér sinn uppruna var rætt um skoðun þeirra á innflytjendamálum, skilyrðum tengdum ríkisborgararétti og fleira í þeim dúr. Það fólk, af erlendu bergi brotið, sem flutt hefur hingað til lands og búið hér um lengri tíma sagði frá reynslu sinni af því að komast inn í íslenskt samfélag, tengslum sínum við upprunalandið, ásamt því að ræða um innflytjendamál á Íslandi almennt og skilyrðum tengdum ríkisborgararétti. „Snúbúinn“⁴⁰² sem rætt var við talaði um reynslu sína af því að setjast að í öðru landi, og hvernig var að koma til Íslands aftur tveimur áratugum síðar.

Í fyrstu tilraun til greiningar komu strax ákveðnir þættir sterkt fram hjá öllum viðmælendum, og þannig mynduðust fljótt ákveðin þemu í rannsókninni. Í næsta hluta verður gerð grein fyrir þessum þemum og helstu niðurstöðum rannsóknarinnar.

⁴⁰² Orðið *snúbúi* er notað um Íslendinga sem flust hafa af landi brott um lengri tíma en síðan snúið heim aftur.

4. Niðurstöður rannsóknar

Ákveðnir þættir komu strax sterkt fram í viðtölunum og því varð fljótt nokkuð ljóst hvaða þemu yrðu ráðandi í umfjölluninni. Greining gagnanna og kóðun staðfesti þessi þemu enn frekar. Þar sem rannsóknin er unnin undir formerkjum eigindlegra aðferða eru tölfræðilegar upplýsingar ekki settar fram sérstaklega, heldur er leitast við að draga saman ummæli viðmælenda og þau sett í samhengi við þessi þemu. Í rannsókninni kemur fram ákveðinn munur á því hvernig viðmælendur líta á sjálfsmynd einstaklinga og sjálfsmynd þjóða. Sjálfsmynd einstaklinga virðist síður tengjast þjóðerninu en mörgu öðru á meðan þeir líta mjög ákveðið á sjálfsmynd þjóðarinnar. Niðurstöðurnar eru því settar fram í tveimur meginköflum, einum sem fjallar um *mikilvægi þjóðernis í sjálfsmynd einstaklinga* og öðrum um *sjálfsmynd þjóðar á tímum hnattvæðingar*. Þemun birtast sem undirkaflar í þessari flokkun. Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðunum samkvæmt þessari greiningu. Umræður um niðurstöðurnar verða teknar fyrir í sérstökum umræðukafla.

4.1 Mikilvægi þjóðernis í sjálfsmynd einstaklinga

Þjóðernið sem slíkt virðist ekki vera meðvitaður þáttur í sjálfsmynd fólks í daglegu lífi.⁴⁰³ Það er ekki fyrr en þjóðernið er dregið fram sem andstaða einhvers annars, oftast annars þjóðernis, sem fólk raunverulega veltir því fyrir sér. Það virðist t.a.m. vera meira áberandi í sjálfsmyndinni þegar fólk er erlendis, flyst til annars lands eða þegar það á samskipti við útlendinga sem sest hafa að hér á landi.

Ein sjálfsmynd eða margar?

Í umræðum um sjálfsmyndir og hlutverk var ekki mikil áhersla lögð á þjóðernið. Það var t.a.m. ekki efst í huga viðmælenda í fyrri viðtalalotunni þegar þeir voru beðnir um að skilgreina sína sjálfsmynd. Ekkert þeirra skilgreindi sig sérstaklega

⁴⁰³ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 23 og Gillis, „Memory and Identity“, bls. 5.

sem Íslending, heldur frekar sem konu eða karl, móður eða föður, afa eða ömmu. Sjálfsmyndin virtist því fyrst og fremst tengjast kyni og fjölskyldustöðu. Starf viðkomandi var yfirleitt í einu af fyrstu þremur sætunum. Þegar spurt var nánar um samsömun sögðust þó margir samsama sig frekar með öðrum Íslendingum en t.d. öðrum konum eða körlum. Nokkrir veltu því þó aðeins fyrir sér hvort móðurhlutverkið, og í einu tilelli afahlutverkið, væri hugsanlega sterkara en það að vera Íslendingur, en tóku ekki beina afstöðu til þess. Það var helst þegar kom að starfinu sem fólki fannst það frekar geta samsamað sig með öðrum á sama sviði en Íslendingum yfir höfuð. Þetta var t.d. áberandi í máli kennaranna í hópnum, en þeim fannst þeir jafnvel eiga meira sameiginlegt með öðrum kollegum sínum en Íslendingum almennt. Viðmælendur virtust þannig almennt telja sjálfsmyndina margþætta og aðstæður hverju sinni geta haft mikið um það að segja hvaða sjálfsmynd væri ráðandi.

Þegar sami hópur var spurður „Hvað er Íslendingur?“ voru svörin í flestum tilvikum tengdari þjóðerninu eða uppruninum. Þannig skilgreindu flestir Íslendingur á þann veg að það væri einhver sem hefði fæðst og alist upp á Íslandi og ætti hér sinn uppruna. Þó voru þrír sem töldu það nóg að hafa sest hér að og tveir töluðu sérstaklega um að ríkisborgararéttur gerði fólk að Íslendingum. Bjarni vildi gera þann greinarmun að maður gæti orðið *íslenskur ríkisborgari*, þ.e. innflytjendur eða flóttamenn gætu sótt um slíkt, en maður yrði ekki *Íslendingur* nema eiga hér sinn uppruna. Hann taldi engu að síður það að vera ríkisborgari gera fólk að fullgildum samfélagsþegnum og sagðist ekki vera að draga fólk í dilka, heldur væri einfaldlega eðlismunur á, viðkomandi einstaklingar myndu væntanlega ekki líta á sig sem Íslendinga.

Hlutur þjóðernis í sjálfsmyndinni

Viðmælendur í seinni lotunni virtust einnig upplifa það misjafnlega hversu stórt hlutverk þjóðerni þeirra spilaði í mótun sjálfsmyndarinnar. Þeir Íslendingar sem rætt var við töluðu um að þjóðernið skipti þá ekki máli dags daglega, en í stærra samhengi gæti það skipt meira máli. Sæmundur hafði orð á því að það væri ekki fyrir en komið væri út fyrir landsteinana að honum fyndist það skipta máli að vera Íslendingur. Ylfa nefndi þetta líka, og sagði að það skipti hana engu máli að

vera íslensk þegar hún væri á Íslandi, en um leið og komið væri út fyrir landsteinana yrði tilfinningin fyrir þjóðerninu sterkari.

... ég verð alltaf meiri Íslendingur í hvert skipti sem ég stíg út úr vélinni einhvers staðar annars staðar. Ég mundi aldrei vera í einhverjum fánabol á Íslandi, en ég mundi alveg vera í einhverjum fánabol úti í útlöndum, skilurðu.

Það er svona, þannig að ég held að sko uppruninn hann kannski skipti máli þegar þú ferð, þegar það teygist á naflastrengnum. Þá ferðu að, að fatta hvaðan þú ert.

Þetta sama kom fram í máli Kristínar, sem bjó erlendis í tuttugu ár. Hún taldi þjóðernið koma sterkara fram þegar maður væri í öðru landi og nefndi, eins og Ylfa, að maður kynni oft betur að meta hluti, eða sæi þá í öðru ljósi þegar maður væri kominn í burtu.

Það má segja að þetta sjónarmið hafi styrkst enn frekar í máli Olgu, sem kemur frá Rússlandi og hefur búið á Íslandi í rúm tíu ár. Hún var mjög meðvituð um þjóðerni sitt fyrstu árin, og fannst hún ekki falla vel inn í samfélagið. Það var henni því mikils virði að halda í ræturnar fyrst til að byrja með. Í dag segist Olga hins vegar vera heimsborgari, eða „cosmopolitan“ eins og hún orðaði það; hún sé auðvitað Rússi, þar séu hennar rætur, en henni finnst hún líka heilmikill Íslendingur. Hún er þess reyndar fullviss að þó að þetta sé hennar tilfinning þá muni íslenskt samfélag sennilega aldrei líta á hana sem Íslending. Hún er hins vegar ósammála Kristínu og Ylfu að því leyti að henni finnst hún hafa fjarlægst Rússland og virðist ekki horfa á það í rósrauðum bjarma, þó svo að henni finnist alltaf gott að koma þangað.

Hjá hjónunum James og Ödu kom þetta ekki fram alveg á sama hátt. Þau töluðu ekki mikið um það að þjóðernið væri mikilvægara á erlendri grund, sem er kannski skiljanlegt af því hvernig þeirra líf hefur þróast. Ada á íslenska móður en ítalskan föður. Hún er fædd og uppalin á Íslandi, en var mikið á Ítalíu á sínum yngri árum svo það var henni eðlilegt frá upphafi að tilheyra tveimur löndum. Hún heldur þó greinilega sterkt í sínar ítölsku rætur og lítur á sig sem blöndu af Íslendingi og Ítala. James er fæddur og uppalinn í Bretlandi, en er búinn að búa mjög lengi á Íslandi, og virðist að mörgu leyti vera ágætt dæmi um hina *cosmopolitan* manneskju. Hann er ekkert að velta sér sérstaklega upp úr þjóðerninu og telur sig alveg jafn mikinn Íslending og Breta. Honum var vel tekið þegar hann

kom hingað til lands, þrátt fyrir að Íslendingar hafi þá nýverið átt í stríði við Breta vegna útfærslu landhelginnar, og hefur ekki beinlínis litið á sig sem útlending hér. Ylfa tekur í sama streng og virðist ekki líta svo á að þjóðernið skipti miklu máli í daglegum samskiptum. Hún hefur komist í kynni við töluvert af útlendingum sem hér búa og er eiginlega hlutlaus gagnvart því hvort hún lítur á þá sem Íslendinga eða útlendinga. Það virðist einhvern veginn ekki skipta máli í hennar huga.

Þjóðernið verður hins vegar ekki umflúið, eins og kemur fram í máli Kristínar, sem segir að maður losi sig ekki við það eins og að leggja frá sér tösku. Bæði hún og Olga telja að þjóðernið verði alltaf hluti af einstaklingnum og móti hann að einhverju leyti. Flestir virðast sammála um að mikilvægt sé að halda í upprunann, en um leið öðlist maður eitthvað nýtt við það að búa í nýju landi. Þetta kom t.d. áberandi fram í máli Kristínar og Olgu.

Tengsl við upprunann

Þeir viðmælendur sem flust hafa á milli landa virðast allir halda nokkuð góðum tengslum við sín upprunalönd. Ada og James hafa haldið góðu sambandi við fjölskyldu James á Bretlandi, en samskiptin við Ítalíu hafa farið minnkandi með árunum. Það helgast reyndar af því að ekki eru margir fjölskyldumeðlimir eftir á lífi á Ítalíu og eini leggurinn sem virðist ætla að haldast við er hér á Íslandi. Olga hefur farið reglulega til Rússlands, en talar um að sér finnist vera komin ákveðin fjarlægð frá upprunanum þó henni þyki alltaf gott að koma og „upplifa landið og menninguna“. Í viðtalinu við Kristínu kemur þessi rækt við ræturnar einnig fram. Á meðan fjölskyldan bjó í Danmörku voru þau samt alltaf Íslendingar og það var þeim t.a.m. mikilvægt að dætur þeirra yrðu skírðar af íslenskum presti og nöfn þeirra færð í kirkjubækur á Íslandi. Hún sagði þau einnig hafa haldið í íslenskar hefðir og gjarnan haldið matarboð þar sem boðið var upp á íslenskan mat; reyktan lunda, hangikjöt o.þ.h., en eiginmaður Kristínar kemur frá Vestmannaeyjum.

Í þátttökuathuguninni komu fram athyglisverð sjónarmið þessu tengd. Þar var rætt við unga konu sem hafði mikinn áhuga á umræðunni og sagðist telja að það skipti máli við hvaða aðstæður fólk flyttist á milli landa, og eins gætu viðhorf fólks farið eftir aldri. Þannig taldi hún að eldra fólk héldi gjarnan fastar í ræturnar og hefðirnar en þeir sem yngri væru, og sama væri að segja um fólk sem flyttist með fjölskyldum sínum, þar væru tengslin oft sterkari en ef fólk stofnaði til fjölskyldu í

nýju landi. Þetta atriði kom einnig fram í viðtalinu við Kristínu. Hún sagði sögu af gamalli íslenskri konu sem hafði búið í Danmörku öll sín fullorðinsár, átti þar mann en engin börn. Eftir að hún var orðin ekkja og komin á elliheimili var það hennar heitasta ósk að fá að deyja á Íslandi. Það var ekkert sem hélt henni í Danmörku lengur, þrátt fyrir að hafa búið þar stærstan hluta ævinnar. Aðstæður geta því greinilega skipt máli, en ekki síður ástæður. Bæði Ylfa og Kristín töluðu um að það gæti líka haft áhrif hvers vegna fólk flyttist á milli landa. Þær nefndu báðar sem dæmi að flóttamenn eða aðrir sem flytjast af neyð halda kannski fastar í upprunann. Þá geti tengslin við gamla heimalandið verið sterk og kannski minni vilji til að aðlagast nýju samfélagi.

Viðmælendur virtust almennt sammála um að ræturnar væru mikilvægar og þær bæri að rækta. Eða eins og Kristín orðaði það: „... annars ertu bara eitthvað svona rekald.“

„Heima“ er þar sem heimilið er

Þeir viðmælendur sem flust hafa á milli landa voru nokkuð sammála um það að „heima“ væri þar sem heimilið er. Það er hins vegar athyglisvert að Kristín talaði um að bæði Ísland og Danmörk hafi verið *heima*. Hún sagðist vera að fara *heim* til Íslands þegar þau komu hingað, en svo voru þau líka að fara *heim* þegar þau fóru til baka til Danmerkur. Olga sagði að fyrir sér hefði þetta breyst. Fyrstu árin var Rússland *heima*. Núna hins vegar, væri *heima* hér, þar sem hún ætti sitt heimili, og hún færi í *heimsókn* þegar hún færi til Rússlands. Það virtist aðeins á reiki hvernig James og Ada litu á þetta. Í fyrstu talaði Ada um að þegar þau bjuggu í Bretlandi um fimm ára skeið hafi það verið *heima*, en James var ekki sammála því. Samkvæmt hans upplifun voru þau alltaf að fara heim þegar þau komu til Íslands, sem er athyglisvert þar sem hann er fæddur og uppalinn í Bretlandi. Hugsanlega stafar þetta viðhorf hans af því að þau voru ekki komin til Bretlands til að vera. James var sendur þangað vegna vinnu og það virtist einhvern veginn alltaf liggja í loftinu að þau færu aftur til Íslands.

Í nokkrum viðtölum var rætt um það hvar fólk vildi láta jarða sig eftir dauðann. Ágætur samnemandi gat þess eitt sinn, að það hvar maður vill láta grafa sig gefi vísbendingu um það hvert taugarnar raunverulega liggja. Í sögu gömlu konunnar á elliheimilinu virtust ræturnar samkvæmt þessu vera á Íslandi, þó það sé kannski

dálítið sérstakt miðað við að hún hafði ekki viljað búa þar. Það kom hins vegar fram í máli þeirra viðmælenda sem flust höfðu á milli landa, að almennt séð vildi fólk láta grafa sig þar sem einhverjir væru til að minnast þeirra, þ.e. nánasta fjölskylda, frekar en í upprunalandinu. Þetta rennir frekari stoðum undir það að *heima* sé kannski fyrst og fremst þar sem heimilið og fjölskyldan er.

Þessi sjónarmið um mikilvægi þjóðernisins og tengslin við upprunann sýna að þjóðernið virðist skipta máli í sjálfsmyndinni, en er þó ekki ráðandi þáttur nema fólk sé komið burt frá rótunum. Fólki finnst mikilvægt að halda í ræturnar og að uppruninn móti okkur alltaf sem persónur, en um leið geti maður, og eigi, að aðlagast því þjóðfélagi sem maður ákveður að setjast að í. Það virðist svo hins vegar vera misjafnt hversu mikið fólk gengst upp í því að halda þjóðerninu á lofti og þar geta aðstæður hvers og eins haft mikið að segja.

4.2 Sjálfsmynd þjóðar á tímum hnattvæðingar

Hér er fyrst og fremst verið að skoða sjálfsmynd þjóðar eins og hún tengist fjölmennningarumræðunni, þ.e. hvaða áhrif aukinn fjöldi innflytjenda hefur á sjálfsmyndina og þjóðerniskennd. Þegar kemur að sjálfsmynd þjóðarinnar eru nokkur atriði áberandi í umræðunni. Mikil áhersla er lögð á sérstöðuna, þ.e. smæðina og einsleitnina, að hana þurfi að vernda á tímum hnattvæðingar. Fjölmenningarleg áhrif telja viðmælendur að mörgu leyti jákvæð, en þau megi þó ekki ógna sérstöðunni. Lykilatriði sé því að fólk sem setjist hér að aðlagist vel að samfélaginu og þar er tungumálið grundvallaratriði.

Sérstaða Íslands

Viðhorfin um sérstöðu Íslands koma fram í allri umræðu um þjóðina og þjóðerniskenndina. Sú staðreynd að Ísland er eyja, tiltölulega einangruð í norðurhöfum, gerir það að verkum að hér hefur mótast nokkuð einsleitt samfélag fram til þessa. Hér búa ekki margir og heyrst hafa raddir um að það geri samfélagið viðkvæmara fyrir stórum hópum innflytjenda en mörg önnur. Viðmælendur í þessari rannsókn virðast flestir telja að þjóðerniskennd á Íslandi sé sterk, einmitt vegna þessarar sérstöðu, þ.e. að samkennd íbúanna sé mikil vegna einangrunar landsins, smæðarinnar og einsleitni íbúanna. Í kjölfar þeirra breytinga sem orðið

hafa á íslensku þjóðfélagi á seinustu árum hafa umræður um þjóðerniskennd því heyrst meira en oft áður.

Það kom á daginn að flestir viðmælendur töldu þjóðerniskennd sterka á Íslandi. Sumir gengu jafnvel svo langt að segja að þjóðerniskennd væri sterkari hér en víða annars staðar, og tengdu það einkum við fámennið og einsleitnina. Ylfa var ein af þeim sem töluðu um þetta. Hún sagði Íslendinga halda sterkt í ræturnar, það sýndi fjöldi Íslendingafélaga sem væru starfandi í öðrum löndum.⁴⁰⁴ Að hennar mati tengist þetta að einhverju leyti hugmyndum um sjálfstæði og að hljóta viðurkenningu á alþjóðavettvangi. Henni finnst margt líkt með þjóðerniskennd Íslendinga og t.d. Skota, sem hugsa á svipuðum nótum og vilja margir sjálfstæði frá bresku krúnunni. Kristín var reyndar ekki alveg sammála því að þjóðerniskennd hér væri eitthvað sterkari en annars staðar, t.a.m. hefðu Danir ekki síður sterka þjóðerniskennd en Íslendingar. Afstaða Sæmundar var þarna einhvers staðar á milli, í fyrstu taldi hann þjóðernisstolt Íslendinga sterkt vegna þess hve einangruð við værum, en við frekari umhugsun komst hann á þá skoðun að sama stoltið væri sjálfsagt að finna hjá öllum þjóðum.

Það sem einkennir hins vegar umræðuna um þjóðerniskennd öðru fremur er áherslan á sérstöðu okkar sem þjóð hvað varðar smæð samfélagsins. Þannig kom það fram í máli Sæmundar að við værum ólík mörgum öðrum þjóðum vegna einangrunar og þjóðin því mjög lokaður eða afmarkaður hópur. Hann taldi jafnvel að einangrunin og einsleitnin hefðu þau áhrif að hér væru meiri fordómar en víða annars staðar. Olga kom inn á þetta líka og sagðist telja að margt í hegðun Íslendinga mætti skýra með því að hér þekktu allir alla og það leiddi til þess að Íslendingar lokuðu frekar á þá sem kæmu nýir inn í samfélagið. Þessi áhersla á smæðina kom einnig fram hjá Ylfa sem sagði að við teldum okkur sérstök vegna þess hversu fá við værum. James og Ada komu inn á þetta sama í tengslum við umræður um breytingar á samfélaginu. Þau þekkja þróunina í Bretlandi og James nefndi það sérstaklega að hann vildi ekki sjá það sama gerast á Íslandi, einkum vegna þess að Ísland væri svo lítið land.

⁴⁰⁴ Ylfa talaði reyndar líka um kóra í þessu samhengi. Það virðist ríkja sterk sönghefð á Íslandi sem endurspeglast í því að Íslendingakórar eru nokkuð algengir á stöðum þar sem einhver fjöldi Íslendinga hefur sest að, t.a.m. víða á Norðurlöndunum og í Kanada. Benda má á grein Ingu Dóru Björnsdóttur, „Hin karlmannlega raust og hin hljóðlátí máttur kvenna,“ í tímaritinu *Sögu* þar sem hún fjallar um tengsl kórsöngs og þjóðerniskenndar.

Fjölmenningaráhrif

Umræður um þær breytingar sem orðið hafa á íslensku samfélagi síðastliðin ár komu fram í öllum viðtölunum. Aukinn fjöldi innflytjenda, verkafólks og flóttamanna hefur sett mark sitt á samfélagið og sýnist sitt hverjum. Kristín varð áþreifanlega vör við þetta þegar hún fluttist aftur til Íslands eftir tuttugu ára dvöl erlendis, en henni fannst samfélagið hafa breyst mikið á þeim tíma sem hún var í burtu. Þó mikill meirihluti þeirra útlendinga sem flust hefur til landsins sé hingað kominn í leit að vinnu eða betra lífi, hefur vissulega einnig komið fólk með miður góðar fyrirætlanir. Glæpir hafa verið tengdir við suma þessara hópa og það hefur því miður komið af stað neikvæðri umræðu, og þá er oft alhæft um heilar þjóðir.⁴⁰⁵

Það virðist vera samhljómur meðal viðmælenda um að sökum fámennis sé landið, eða öllu heldur þjóðin, sérstaklega viðkvæm fyrir miklum innflytjendastraumi. James hefur nokkuð sterkar skoðanir á þessu máli. Hann hefur upplifað ýmis vandamál í tengslum við innflytjendur í Bretlandi og hefur því ákveðinn samburð. Að hans mati eru útlendingar að verða hlutfallslega of margir hér á landi, og vísar þar í smæðina. Hann vill ekki sjá sömu breytingar hér og hann upplifði í Bretlandi, og hefur áhyggjur af stóriðju- og virkjanaframkvæmdum sem hafa haft í för með sér mikla aukningu erlendra verkamanna hér á landi.⁴⁰⁶

Kristín tók undir þetta sjónarmið, og sagði frá því að svipaðar umræður hefðu komið upp í Danmörku vegna mikils fjölda Pakistana þar í landi. Þar snerust áhyggjurnar um að þeir yrðu áður en langt um liði fleiri en Danirnir, einkum vegna þess að þeir voru duglegri að eignast börn.⁴⁰⁷ Ylfa lítur hins vegar á þetta öðrum augum. Hún er sammála því að við séum lítil þjóð og því að mörgu leyti sérstök, en hún virðist ekki hafa áhyggjur af því að hér verði of mikil blöndun með auknum fjölda innflytjenda. Hún talar um að Íslendingar séu alls ekkert

⁴⁰⁵ Benda má á fróðlega ritgerð Jóns Gunnars Ólafssonar í þessu samhengi, en hann skrifaði meistararitgerð í alþjóðasamskiptum haustið 2008 sem fjallar um orðræðu fjölmiðla í tengslum við útlendinga, og tekur sérstaklega fyrir þá orðræðu sem var ríkjandi í fjölmiðlum árið 2007.

⁴⁰⁶ Viðtalið var tekið haustið 2008 þar sem breytingar vegna bankahrunsins voru ekki farnar að skila sér fyllilega út í atvinnulífið.

⁴⁰⁷ Athyglisvert er að þau Kristín og James hafa bæði verið innflytjendur, hún í Danmörku og hann á Íslandi. Þau virtust hins vegar hvorugt líta sérstaklega á sig sem innflytjendur og það kom ekki fram í máli James að hann litið á sig sem ógn við hið einsleita samfélag á Íslandi á þessum tíma.

hreinræktaðir fyrir, og hafnar því að einhverju leyti hugmyndunum um einsleitni samfélagsins.

Já, sko við náttúrulega fæddumst ekkert hérna upp í tóftunum sko. Þannig að, við erum ekkert eitthvað hreinræktuð hérna á einhverjum túngarði fyrir norðan.

Það kemur þó reyndar fram hjá henni annars staðar að enn þann dag í dag sé lítað fólk ekki áberandi í íslensku samfélagi, sem ber vott um að enn sé töluverð einsleitni, í það minnsta hvað varðar ólíka kynþætti. Sæmundur kemur líka inn á þetta og segir að útlitið geti skipt máli í því hvort maður lítur á einstakling sem Íslending eða útlending og tengir það líka við einangrunina. Hann er í rauninni að tala um einsleitni samfélagsins og segir að fjölmenningslegt umhverfi sé enn svo nýtt á Íslandi.

Olga og Sæmundur virðast þó bæði telja að vegna þessara breytinga á samfélaginu, séu neikvæð viðhorf gagnvart útlendingum á undanhaldi. Að þeirra mati hafa aukin samskipti Íslendinga við útlendinga sem hafa sest hér að haft jákvæð áhrif á þetta. Sæmundur er einnig þeirrar skoðunar að eldra fólk sé oft neikvæðara gagnvart útlendingum heldur en þeir sem yngri eru. Yngri kynslóðin sé umburðarlyndari, og hafi líka kynnst útlendingum af eigin raun. Ylfa tekur undir þetta sjónarmið að eldri kynslóðir séu íhaldssamari. Hún telur okkur vera að þróast yfir í það að verða meira fjölmenningslegra samfélag og að þjóðfélagið sé að opnast frekar en lokast. Olga segist hins vegar hafa orðið vör við fordóma hjá nemendum sínum, sem eru á unglingsaldri, sem gefur þá ekki til kynna að umburðarlyndi sé að aukast. En eins og Ylfa benti réttilega á, þá endurspeglar börn og unglingar oft umræður sem eiga sér stað á heimilum landsins. Það eru því kannski ekki unglingarnir, heldur kynslóðin sem er komin aðeins út í lífið og hefur kynnst útlendingum í skóla eða starfi, sem er að sýna þetta umburðarlyndi sem Ylfa og Sæmundur tala um. En það verður áhugavert að fylgjast með þeirri þróun á næstu árum.

Hverjir eru þá „þjóðin“?

Skilgreiningar á hugtökunum *útlendingur*, *innflytjandi* og *nýbúi* voru lagðar fyrir Íslendingana níu í fyrri lotu. Auðveldast reyndist viðmælendum að skilgreina útlendinga, en þó vafðist fyrir mörgum hvenær einstaklingur hætti að vera útlendingur og verði eitthvað annað t.d. innflytjandi. *Útlendingur* á Íslandi, samkvæmt

skilgreiningum viðmælanda, er einstaklingur sem er hér á ferðalagi, búsettur í öðru landi eða stoppar stutt við, t.d. farandverkamenn. Viðmælendur töldu flestir innflytjanda og nýbúa vera það sama, en áberandi var hve mörgum fannst orðið *nýbúi* neikvætt og vildu frekar nota *innflytjandi*. Flestir voru sammála um að innflytjandi væri sá sem kæmi til lands með það fyrir augum að setjast þar að og hugsanlega sækja um ríkisborgararétt í kjölfarið. Það kom hins vegar að skilgreiningarvanda um það hvort og þá hvenær einstaklingar hættu að vera innflytjendur og yrðu Íslendingar, ef þeir yrðu það þá nokkurn tíma. Af þessum níu manna hópi töldu sex viðmælendur innflytjendur verða Íslendinga eftir tiltekinn tíma, góða aðlögun og að fengnum ríkisborgararétti. Þrír litu hins vegar svo á að innflytjandi gæti aldrei orðið Íslendingur, en gæti hins vegar orðið íslenskur ríkisborgari, uppruninn breyttist ekki. Mörgum fannst hins vegar erfitt að draga mörkin og töldu þau ekki skýr.

Eftir að hafa farið í gegnum þessa umræðu og reynt að skilgreina það hvað væri *Íslendingur*, *útlendingur*, *innflytjandi* og *nýbúi* fengu viðmælendur í fyrri hópnum nokkrar dæmisögur sem þeir áttu að taka afstöðu til. Þá kom á daginn að skilgreiningarnar gengu ekki alltaf upp og viðmælendur gerðu sér grein fyrir því að þeir voru komnir í mótsögn við sjálfa sig. Það var áberandi að fólk taldi útlendingana mögulega geta orðið Íslendinga, með góðum vilja og ríkisborgararétti, en að Íslendingar væru alltaf Íslendingar, burtséð frá ríkisborgararétti eða búsetu. Til að skýra þetta nánar þarf að fara yfir hvert dæmi fyrir sig.

Margir voru í upphafi búnir að skilgreina Íslending sem einhvern sem væri fæddur á Íslandi og/eða ætti íslenska foreldra. Það var hins vegar misjafnt hvort viðmælendur töldu litla son Paolo og Mariu vera Íslending, þó hann væri fæddur hér. Dæmið var eftirfarandi:

- *Paolo og Maria hafa verið búsett á Patreksfirði í 1½ ár, en eru ekki ríkisborgarar. Þau eignuðust lítinn dreng í nóvember sl. Er hann Íslendingur?*

Flestir viðmælendur töldu drenginn Íslending en fannst um leið að það væri foreldranna að ákveða það. Ef þeir ætluðu sér að vera áfram á Íslandi og ala barnið hér upp þá myndi hann verða Íslendingur, t.d. yrði litið á hann sem Íslending þegar kæmi að skólagöngu. Guðrún nefndi einnig að með því að fæðast hér bæri íslenskt samfélag ábyrgð á honum. Jónína tók fram að þó henni fyndist hann

Íslendingur þá gæti hann samt aldrei orðið „útlendingur í sinni eigin fjölskyldu“ og því skipti afstaða foreldranna miklu máli. Það voru einungis tveir viðmælendur sem töldu hann ekki Íslending. Hrefnu fannst hann ekki geta verið Íslendingur þar sem foreldrarnir væru ekki með íslenskan ríkisborgararétt og Bjarni lagði áherslu á að hann gæti verið íslenskur ríkisborgari en ekki Íslendingur, þar réði uppruninn úrslitum. Kristján, Tómas og Karen nefndu sérstaklega að það væri óvíst hvort samfélagið liti á hann sem Íslending. Tómas talaði einnig um að það gæti t.d. verið erfiðara í litlu samfélagi eins og kemur fram í dæminu heldur en á stærri stað. Af svörum viðmælanda má draga þá ályktun að þó fæðingarstaður sé mikilvægur þáttur því að skilgreina þjóðernið, þá spili ríkisborgararéttur, uppruni og ekki síst afstaða foreldra miklu máli.

Þegar kom að dæmisögum Tönju og Mahmouds voru viðmælendur ekki allir á sama máli.

- *Tanja hefur búið á Íslandi í 7 ár. Hún er gift íslenskum manni, er íslenskur ríkisborgari og á með honum eina dóttur. Er Tanja Íslendingur? ... En barnið?*
- *Mahmoud hefur búið á Íslandi í 25 ár. Hann er ógiftur og barnlaus, en er með íslenskan ríkisborgararétt. Er hann Íslendingur?*

Fjórir viðmælendur töldu þau Tönju og Mahmoud Íslendinga bæði vegna ríkisfangsins og hversu lengi þau höfðu dvalist hér. Þau ættu sterk tengsl á Íslandi og hefðu væntanlega aðlagast samfélaginu. Tómas nefndi sérstaklega að það að vera Íslendingur hlyti að vera samspil þess hvernig einstaklingurinn liti á sig sjálfur og svo hvernig samfélagið liti á hann. Þegar þetta tvennt kæmi saman væri viðkomandi orðinn Íslendingur. Nokkrir voru þó meira efins og töldu ríkisborgararéttinn ekki sjálfkrafa gera menn að Íslendingum heldur skiptu viðhorf og aðlögun líka máli. Kristján og Bjarni töldu þau augljóslega vera innflytjendur, en ekki Íslendinga. Allir viðmælendur nema Bjarni voru sammála um það að dóttir Tönju væri Íslendingur. Bjarni taldi það fara eftir því hvernig hún væri alin upp. Ef hún væri alin upp sem Íslendingur, án þess að kynnast menningu eða móðurmáli móður sinnar væri litið á hana sem Íslending, en ef þær mæðgur töluðu saman á móðurmáli móðurinnar myndi samfélagið alltaf líta á hana sem útlending, a.m.k. að hluta til.

Í næstu tveimur dæmisögum var aðstæðunum snúið við, og viðmælendur beðnir um að taka afstöðu til einstaklinga sem áttu íslenskan uppruna en höfðu flust héðan búferlum.

- *Margrét giftist bandarískum hermanni og fluttist til Bandaríkjanna 1950. Hún á með honum börn sem eru uppkomin og búa öll í Bandaríkjunum. Er hún Íslendingur? ... En börnin hennar, eða barnabörn?*
- *Dagný kynntist Marco þegar hún var við nám á Spáni. Hún fluttist þangað fyrir 2 árum og þau eignuðust saman barn í fyrrasumar. Er Dagný Íslendingur? ... En barnið?*

Þegar viðmælendur veltu þessum dæmum fyrir sér fóru skilgreiningarnar að koma þeim í vanda. Yfirgnæfandi meirihluti taldi Margréti og Dagnýju Íslendinga, það myndi aldrei breytast, þrátt fyrir það að Margrét hefði væntanlega bandarískan ríkisborgararétt og hefði búið þar í rúmlega fimmtíu ár. Einungis Hrefna taldi að Margrét væri ekki lengur Íslendingur, vegna ríkisborgararéttarins og árafjöldans. Viðmælendur voru reyndar flestir sammála um að það hvernig Margrét liti á sjálfa sig hefði vissulega áhrif en hér heima yrði alltaf litið á hana sem Íslending. Rúmlega helmingur taldi börnin hennar og barnabörn vera Bandaríkjamenn og hinir töldu það fara alfarið eftir því hvernig þau væru alin upp og hversu mikið þau héldu í tengslin. Dagnýju litu allir á sem Íslending og rúmlega helmingur taldi barnið það líka. Hjá Hrefnu kom það fram að barnið hlyti alltaf að fylgja móður. Einungis Karen og Trausti töldu barnið ekki Íslending þar sem það væri fætt erlendis. Fimm viðmælendum fannst barnið geta verið Íslendingur til háls og Tómas talaði um að það færi síðan eftir því hvernig það væri alið upp og hversu lengi þau yrðu á Spáni hvort yrði ráðandi. Velflestir nefndu það þó hér að þeir fyndu fyrir því að tilhneigingin væri að líta á fólk af íslenskum uppruna sem Íslendinga, eða eins og Jónína orðaði það „einu sinni Íslendingur, ávallt Íslendingur.“

Saga Mörtu var sú sem flestir voru sammála um og það vafðist ekki mikið fyrir viðmælendum að flokka hana sem Íslending.

- *Marta er 15 ára og fædd í Kóreu. Hún var ættleidd hingað 1 árs gömul. Er hún Íslendingur?*

Allir viðmælendur utan einn töldu Mörtu án efa vera Íslending. Vert er að skoða þrjú svör sérstaklega. Tómas tók það fram að Marta gæti hugsanlega valið sér sjálfsmynd, en það færi eftir því hversu mikið uppruna hennar væri haldið við.

Þar væri hugsanlega um að ræða samspil þriggja þátta; vilja foreldranna, vilja barnsins og svo álit samfélagsins. Álit samfélagsins var einnig ofarlega í huga Bjarna sem taldi kynþáttinn geta haft þarna eitthvað að segja, því það að Marta væri af öðrum kynþætti gæti gert það að verkum að ákveðinn hluti samfélagsins myndi alltaf líta á hana sem útlending. Kristján taldi Mörtu vera innflytjanda en var lengi hugsí yfir svari sínu og taldi þetta vekja sig til umhugsunar um eigin viðhorf.

Eftir þessar skilgreiningar og dæmisögur tóku við ýmsar vangaveltur um þjóðernið. Rætt var um hvort maður hætti einhvern tíma að vera Íslendingur eða, að sama skapi útlendingur, við það að flytjast á milli landa, og hvort hægt væri að vera bæði, þ.e. útlenskur Íslendingur eða öfugt. Einnig voru viðmælendur spurðir hvort þeir þekktu persónulega einhvern af erlendu bergi brotinn sem hefði flust til Íslands, eða einhvern af íslensku bergi brotinn sem hefði flust af landi brott. Flestir þekktu einhver slík dæmi og niðurstöðurnar voru nánast samhljóma; Íslendingarnir voru ennþá Íslendingar, en útlendingarnir ýmist, og þar spilaði íslenskukunnátta, ríkisborgararéttur og aðlögun stórt hlutverk. Margir nefndu það að aðlögun skipti máli og að hún sýndi vilja viðkomandi til að vera hér, þeir sem aðlagist síður teljist frekar útlendingar og lengur. Eins og áður kom fram töldu margir að uppeldið hefði töluvert að segja með aðlögunina, það hversu fast væri haldið í aðrar hefðir. Þrír viðmælendur töldu fæðingarlandið skipta miklu máli í sjálfsmynd einstaklingsins, en fleiri töldu þó upprunann hafa úrslitaáhrif, þ.e. hvaðan foreldrarnir kæmu. En viðmælendum bar flestum saman um það að við höldum greinilega fast í allt sem íslenskt er og hættum seint að vera Íslendingar þó við gerum á sama tíma ákveðnar kröfur til einstaklinga af erlendu bergi brotnu um að aðlagast vel og gerast Íslendingar vilji þeir búa hér.

Varðandi það hvort hægt væri að vera af fleiri en einu þjóðerni töldu sex af níu viðmælendum í fyrri lotu svo geta verið, eða þriðjungur. Bjarni var einn af þeim en hann tók reyndar fram að það gæti einungis átt við einstaklinga sem ættu foreldra frá sitt hvoru landinu. Löng búseta gæti ekki haft áhrif á þetta heldur réði þá uppruninn hvert þjóðernið væri. Þetta endurspeglast líka í viðhorfi hans til Margrétar sem hann taldi án efa Íslending og kemur einnig fram í þeirri skoðun hans að útlendingar geti orðið íslenskir ríkisborgarar en ekki Íslendingar. Hans

viðhorf er því það að þjóðernið sé útilokandi þáttur (e. exclusive), þ.e. að um leið og maður sé eitt geti maður ekki verið annað um leið. Þetta mun vera nokkuð áberandi í einsleitum þjóðfélögum þar sem innflytjendur eru fáir.⁴⁰⁸ Karen og Trausti voru óviss um þetta atriði og tóku ekki afstöðu. Sá eini sem svaraði spurningunni neitandi var Kristján en svör hans voru þó óljós og pössuðu ekki við skilgreiningarnar sem hann hafði áður gefið. Hann talaði um að það skipti máli að fólk byggi á viðkomandi stað um lengri tíma, en var þó áður búinn að segja að Margrét væri Íslendingur þrátt fyrir áratuga langa búsetu í öðru landi. Afstaða Jónínu endurspeglar viðhorf sem ekki eru óalgeng í fræðunum um hnattvæðingu: „Heimurinn er að minnka, samskipti, einstaklingar og fyrirtæki, allt svo alþjóðlegt. Merking þjóðernisins hverfur ekki en hún breytist, rétt eins og landamærin í heiminum.“

Viðmælendur í fyrri lotu voru að lokum beðnir um að segja hvað þeim væri efst í huga eftir viðtalið. Það kom á daginn að flestir töldu sig hafa farið í nokkra hringi í svörum sínum, og að þeir stæðu eftir með fleiri spurningar en svör. „Ráðvilltur“ sagði Trausti, „þörf umræða sem íslenskt samfélag þarf að taka fyrir eða síðar“ sagði Tómas. Brynhildur var á sama máli og taldi umræðuna mikilvæga í ljósi þeirra samfélagsbreytinga sem orðið hafa síðastliðin ár. Kristján nefndi það hversu sterkt honum fannst hann bundinn af ákveðnum viðhorfum sem þurfti að endurskoða í hverri spurningu. Jónína taldi það krefjandi að þurfa að hugsa þessi mál og koma skoðunum sínum í orð. Flestir töldu sig alls ekki með það á hreinu lengur hvernig ætti að skilgreina Íslendinga.

Aðlögun útlendinga – „nýir Íslendingar“

Í báðum lotum varð áherslan á aðlögun sterk og tengdist umræðum um skilyrði fyrir búsetu eða ríkisborgararétti. Þetta efni varð tiltölulega fyrirferðarmikið í viðtölunum og var því gert að sérstöku þema í rannsókninni. Það sem er athyglisvert er að viðmælendur voru nokkuð samstíga í skoðunum sínum, bæði þeir sem myndu teljast Íslendingar, en ekki síður þeir sem hafa annan uppruna, en hafa búið hér um einhvern tíma.

Bæði Ylfa og Kristín töluðu um mikilvægi þess að standa vel að aðlögun einstaklinga inn í samfélagið. Þær töldu báðar að einangrun gæti aukið á

⁴⁰⁸ Guðmundur Hálfðanarson (munnleg heimild, 20. ágúst 2010).

hópamyndun og aðskilnað. Kristín talaði um að meiri sveigjanleika þurfi í kerfið, og betri móttöku fyrir þá sem hingað koma. Ylfa tók undir þetta, en sambýllismaður hennar er Breti, og hún sagðist ekki hafa góða reynslu af því að eiga við yfirvöld útlendingamála hér á landi. Hún nefndi einnig aðgengi að tungumálanámskeiðum sem væru oft dýr, og eins væri takmarkað framboð af þeim. Jónína tók undir þetta og sagði mikilvægt að hafa íslenskukennslu aðgengilega fyrir útlendinga.

Það hverjir eiga að vera ríkisborgarar virtust Íslendingarnir í fyrri lotu nokkuð sammála um. Flestir nefndu að fyrir utan þá sem ættu hér sinn uppruna, þ.e. væru fæddir á Íslandi eða ættu íslenska foreldra, ættu þeir sem hingað koma með það að markmiði að setjast hér að til frambúðar rétt á að sækja um ríkisborgararétt. Tímamörkin fannst flestum eiga að vera á bilinu fimm til tíu ár, þó var það nokkuð misjafnt og nokkrir viðmælenda töldu það ekki þurfa að vera svo langt en áttu erfitt með að setja á það einhver ákveðin mörk. Hins vegar nefndu margir að fólk þyrfti að sýna vilja til að aðlagast samfélaginu, t.d. læra tungumálið, ekki síst sér sjálfum til hagsbóta. Jónína hafði ákveðnar skoðanir á þessu:

Ef þú ert ekki farinn að aðlagast eftir fimm ár þá hefur þú ekki áhuga á því eða átt ekki samleið með samfélaginu, og líður þá væntanlega betur annars staðar.

Hún lagði það ennfremur til að umsækjendur um ríkisborgararétt myndu skila inn umsögn, svipað og gert er við starfsumsókn, þar sem umsagnaraðili, hugsanlega vinnuveitandi, gæfi þeim meðmæli eða umsögn, t.d. um tungumálakunnáttu.

Umræðan um tungumálið varð mjög fyrirferðarmikil þegar rætt var um aðlögun að samfélaginu. Allir viðmælendur, óháð uppruna, voru sammála um að það væri lykilatriði í aðlögun útlendinga. Olga talaði einmitt um það að þegar hún fór að ná tökum á tungumálinu, geta lesið, horft á sjónvarp o.þ.h., hafi hún fallið betur inn í samfélagið. Að hennar mati eru ákveðnir fordómar ríkjandi gagnvart þeim sem tala ekki íslensku, þeir finni fyrir neikvæðum viðhorfum Íslendinga í sinn garð. Ylfa nefndi þetta líka og sagðist telja þá sem lærðu tungumálið upplifa mun jákvæðari viðhorf frá samfélaginu. Fólk líti nánast á þetta sem viljayfirlýsingu um það að tilheyra landi og þjóð. Hún sagðist reyndar ekki skilja af hverju fólk ætti að vilja búa hér án þess að læra málið og hefur skilning á sjónarmiðum þeirra sem

vilja setja tungumálakunnáttu sem skilyrði fyrir búsetu þar sem tungumálið sé lykillinn að því að blandast samfélaginu.

Í umræðunni um tungumálið kom einmitt fram þessi skoðun að tungumálakunnátta ætti að vera skilyrði fyrir ríkisborgararétti. James og Ada voru mjög ákveðin í þessu, eins og sést t.d. á orðum Ödu:

Mér finnst að við eigum að geta tjáð okkur og bera virðingu fyrir því landi sem við búum í og þeirra lögum, ef við ætlum að búa þar. Ef við viljum svo ekki gera það þá getum við náttúrulega bara verið heima hjá okkur.

James tók undir með konu sinni, og hafði sterkari skoðanir ef eitthvað var. Hann vildi að sett yrði upp próf fyrir þá einstaklinga sem vilja sækja um ríkisborgararétt þar sem prófuð yrði grunnkunnátta í málinu.⁴⁰⁹ Í hans máli kom einnig fram það sama og Kristín og Olga nefndu, að með tungumálakunnáttu væri hægt að koma í veg fyrir vandamál sem tengjast einangrun ákveðinna hópa innan samfélagsins. Hrefna, úr fyrri lotu, var á sama máli og James, og vildi setja tungumálakunnáttu sem skilyrði fyrir ríkisborgararétti. Sæmundur lítur á tungumálið sem einn stærsta þáttinn í því að tilheyra þjóð og sagðist vilja setja tungumálanámskeið sem skilyrði fyrir ríkisborgararétti, en nefndi ekki próf í því sambandi. Brynhildur og Jónína tóku svipaða afstöðu og töldu tungumálið lykilþátt í aðlöguninni, fólk þurfi að geta bjargað sér og átt samskipti við fólk í landinu. Þeim fannst þó erfitt að setja mælikvarða á það hvenær kunnátta teldist nægileg og hver ætti að meta það.

Kristín og Ylfa vildu ekki taka jafn sterkt til orða. Þær sýndu því líka skilning að mismunandi aðstæður útlendinga gætu haft áhrif á vilja þeirra til að læra málið. Þannig væri það sennilega ekki efst á listanum hjá verkamönnum að borga fyrir rándýr tungumálanámskeið, þegar þeir notuðu málið kannski ekki svo mikið til samskipta á vinnustað, og ætluðu sér auk þess ekki að setjast hér að. Engu að síður lögðu þær áherslu á mikilvægi tungumálsins í aðlöguninni rétt eins og hinir.

Í tengslum við umræðuna um aukna glæpatíðni í kjölfar fjölgunar á innflytjendum komu fram hugmyndir um sakavottorð sem skilyrði fyrir búsetu.⁴¹⁰ Í fyrri

⁴⁰⁹ Rétt er að minna á að viðtalið var tekið haustið 2008, en skilyrði um íslenskupróf voru sett inn í reglur um ríkisborgararétt í ársbyrjun 2009. Slík skilyrði voru reyndar komin inn áður sem skilyrði fyrir dvalarleyfi. Þetta breytti því litlu fyrir þá sem komu frá svæðum utan EES.

⁴¹⁰ Slík skilyrði eru fyrir hendi í íslenskum lögum. Þau má kynna sér á vef dómsmálaráðuneytis. Gott yfirlit yfir skilyrði tengd ríkisborgararétti er einnig að finna á heimasíðu Fjölmenningsseturs.

viðtölunum voru skiptar skoðanir um þetta. Trausti, Hrefna, Kristján og Jónína vildu gera hreint sakavottorð að skilyrði fyrir ríkisborgararétti, en Tómas, Anna og Bjarni vildu ekki taka svo skýra afstöðu. Þau töluðu hins vegar um að fólk mætti ekki hafa brotið verulega af sér eða eiga yfir höfði sér dóma. Í síðari hópn- um var þetta líka nokkuð misjafnt. Þannig tóku bæði Sæmundur og Olga nokkuð skýra afstöðu. Sæmundur sagðist vilja sakavottorð fyrir þá sem ætluðu sér að setjast hér að, en Olga gekk lengra og sagðist vilja krefjast sakavottorðs líka fyrir þá sem kæmu hingað til vinnu. Brynhildur, Kristín og Ylfa höfðu ekki velt þessu mikið fyrir sér. Ylfa var svolítið tvístígandi varðandi þetta atriði en sagðist þó ekki vilja glæpamenn hingað til lands. Hún benti líka á að þetta sneri í báðar áttir og það hefði ekki alltaf besta fólkið flust héðan til landa eins og t.d. Danmerkur. Kristín tók í sama streng. Hún sagðist ekki vilja „einhvern lýð“ til landsins og að kannski væri allt í lagi að fara fram á sakavottorð, en hún lagði um leið áherslu á að kerfið þyrfti engu að síður að vera mannlegt og sveigjanlegt.

Í öllum viðtölum koma fram ákveðnir lykilþættir varðandi útlendinga sem vilja setjast hér að. Viðmælendur taka þó missterkt til orða og vilja meta það eftir aðstæðum hverju sinni. Til dæmis geti það skipt máli hvort fólk sé komið til að vera um lengri eða skemmri tíma. Fyrir þá sem ætla sér að setjast hér að til frambúðar skiptir ríkisborgararéttur máli og til að öðlast hann þurfa einstaklingar að hafa nokkuð hrein sakavottorð og hafa dvalist hér í einhvern tíma. Vilji til að aðlagast samfélaginu skiptir miklu máli og þar er tungumálið lykilatriði.

5. Umræður

Það getur verið flókið að skilgreina sjálfsmyndir einstaklinga og þjóða. Skilgreiningar hafa tilhneigingu til að fela í sér alhæfingar og því oft of miklar einfaldanir til að allt rúmist innan þeirra. Þjóðernisvitund Íslendinga virðist þó vera sterk og við fyrstu sýn telja margir auðvelt að skilgreina hvað Íslendingur er. Það skýrist kannski af því að hér er auðveldara að afmarka þjóðina en víða annars staðar vegna aðstæðna, þ.e. einangrunar landsins og tungumálsins. Eða, svo vitnað sé í orð Guðmundar Hálfðanarsonar: „Það þarf ekki að koma á óvart að Íslendingum finnist flestum sem þjóðernið sé þeim í blóð borið ... Íslendingar tala fremur einsleitt tungumál, landamæri Íslands eru skýrt afmörkuð frá náttúrunnar hendi og trúarbrögð hafa ekki valdið neinum verulegum innbyrðis deilum í landinu frá tíma siðaskipta um miðja sextánda öld.“⁴¹¹

Í þessum kafla verða helstu niðurstöður rannsóknarinnar dregnar saman og settar í samhengi við fræðileg skrif um þjóðir, þjóðerni og sjálfsmyndir. Kaflanum er skipt í undirkafla eftir þeim meginþemum sem þróuðust í rannsókninni.

5.1 Hvað er Íslendingur? Mikilvægi þjóðernis í sjálfsmynd einstaklinga

Margir telja að sjálfsmyndir fólks hafi breyst á undanförunum árum og áratugum í kjölfar aukinnar hnattvæðingar og sterkari yfirþjóðlegra tengsla sem eru að myndast í heiminum.⁴¹² Þar af leiðandi sé þjóðerni ekki eins nátengt sjálfsmyndinni og áður hafi verið og aukin fjölhyggja komið í stað áherslunnar á þjóðernið.⁴¹³ Fólk horfir í auknum mæli til annarra þátta sem móta sjálfsmyndir einstaklinga, þar má

⁴¹¹ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 17.

⁴¹² Sjá m.a. í Scholte, *Globalization*, bls. 224-225, Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 155 og Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 162.

⁴¹³ Scholte, *Globalization*, bls. 146-149 og 225.

nefna kyn, starf, trú, aldur, kynhneigð og fleira í þeim dúr. Eins geta þessir þættir skipt mismiklu máli eftir aðstæðum⁴¹⁴ og umhverfi okkar og aðstæður geta haft áhrif á það hvaða sjálfsmynd er sterkust hverju sinni. Með auknum samskiptum yfir langan veg einkennist mótun sjálfsmynda af ákveðinni fjölhyggju. Við erum ekki eitthvað eitt, heldur er það margt sem mótar okkur sem einstaklinga.⁴¹⁵

Ein sjálfsmynd eða margar?

Eins og kom fram í 2. kafla geta einstaklingar átt fleiri en eina sjálfsmynd.⁴¹⁶ Hún getur verið margþætt og aðstæður hverju sinni geta ráðið því hvaða félagslegu hlutverk, eða sjálfsmynd, er í forgrunni.⁴¹⁷ Þetta kom skýrt fram í viðtölunum þegar viðmælendur voru beðnir að segja frá því *hvað* eða *hverjir* þeir væru. Eins og nefnt var í niðurstöðukafla var þjóðernið ekki það fyrsta sem kom upp í huga fólks, og í raun var það ekki nefnt fyrr en farið var að tala um *hina*, þ.e. útlendinga og innflytjendur. Umhverfið kann þó að hafa skipt hér máli því viðmælendur voru að tala við annan Íslending, á Íslandi, sem skýrir kannski að einhverju leyti af hverju sú sjálfsmynd kom ekki fyrst upp í hugann. Eins fellur þetta undir hugmyndir um ómeðvitaða sjálfsmynd sem nefndar voru í fræðihluta og það að sjálfsmyndir séu ekki hlutir sem við hugsum *um*, heldur *með*.⁴¹⁸ Kynhlutverk, fjölskyldustaða og starf voru viðmælendum efst í huga þegar þeir skilgreindu hlutverk sín og sjálfsmynd. En þegar kom að samsömun á breiðari grundvelli, þ.e. þegar spurt var hvort þau samsömuðu sig frekar með öðrum konum, körlum, öfum, kennurum eða smiðum en öðrum Íslendingum, þá virtist þjóðernið skipta meira máli. Þessar niðurstöður virðast því staðfesta það að þjóðernið skipti einstaklinga ekki svo miklu máli í daglegu lífi, enda sé hlutur þess í sjálfsmyndinni að miklu leyti ómeðvitaður. Það skiptir hins vegar máli þegar því er stillt upp andspænis öðru þjóðerni. Hugmyndin um *okkur* og *hina* virðist því fara eftir því hvar og hver *við* erum hverju sinni. Á heimilinu erum *við* fjölskyldan og í vinnunni erum *við* starfsfélagarnir, þann 17. júní erum *við* svo Íslendingar.

⁴¹⁴ Sen, *Identity and Violence*, bls. 25.

⁴¹⁵ Scholte, *Globalization*, bls. 225 og Sen, *Identity and Violence*, bls. 19.

⁴¹⁶ Scholte, *Globalization*, bls. 224-225, Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 31-32.

⁴¹⁷ Sen, *Identity and Violence*, bls. 25.

⁴¹⁸ Sigríður Matthíasdóttur, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 23 og Gillis, „Memory and Identity,“ bls. 5.

Þær hugmyndir sem koma fram um sjálfsmyndir á tímum hnattvæðingar virðast þannig standast að mestu leyti. Aðrir þættir en þjóðernið virðast ofarlega í hugum fólks þegar það skilgreinir sig. Engu að síður er ekki sjáanlegt að þjóðernið sé að hverfa sem skilgreinandi þáttur.⁴¹⁹ Það er hins vegar ekki sú sjálfsmynd sem einstaklingum er efst í huga dags daglega, eins og vikið hefur verið að. Eriksen talar einnig um að sjálfsmynd geti verið „svæðisbundin“, og þá ekki endilega tengd upprunalandi heldur jafnvel búsetu eða svæði. Dæmi um það kom fram í viðtalinu við Sæmund, en hann tók einmitt sérstaklega fram þegar hann skilgreindi sig að hann væri Vestmannaeyingur. Þetta var reyndar nokkuð algengt í íslensku samfélagi, að fólk kenndi sig við byggðarlög, en þær miklu breytingar sem orðið hafa á búsetu síðastliðin fimmtíu ár hafa gert það að verkum að sú tenging gæti verið á undanhaldi. Velta má fyrir sér hvort hugsunin um svæðisbundnar sjálfsmyndir sem fari frekar eftir búsetu en upprunalandi muni verða ofan á í framtíðinni. Viðhorf Olgu sýnir reyndar að svo geti verið þar sem henni finnst hún orðin heilmikill Íslendingur eftir tíu ára búsetu, en viðhorf Kristínar draga það hins vegar í efa þar sem hún varð aldrei Dani, heldur alltaf Íslendingur þrátt fyrir tuttugu ára búsetu þar. Hugsanlega getur munurinn á viðhorfum Olgu og Kristínar þó hafa stafað af því að rannsakandinn var Íslendingur.

Að vera, eða vera ekki Íslendingur

Umræðan um það hver er Íslendingur og hver er það ekki var áhugaverð. Þannig fannst viðmælendum í fyrstu að þeir hefðu nokkuð skýra hugmynd um það en lentu fljótt í vandræðum með sínar skilgreiningar. Það má segja að það hafi að hluta til verið markmiðið í fyrri viðtalalotunni að vekja fólk til umhugsunar um það hvað skilgreiningar geta verið þröngar og takmarkandi, og gangi sjaldan upp í raunveruleikanum. Það var t.d. áberandi að flestir voru sammála um að til þess að teljast Íslendingur þyrfti manneskja að hafa fæðst á Íslandi. Sumir töluðu um að viðkomandi þyrfti að eiga hér fjölskyldu og nokkrir nefndu upprunann sérstaklega. Þetta virtist hins vegar ekki alltaf ganga upp þegar kom að dæmisögunum. Margir efuðust um að barn sem fæddist á Íslandi, en ætti foreldra af erlendum uppruna, væri raunverulega Íslendingur, nema foreldrarnir væru með íslenskan ríkisborgararétt og hefðu aðlagast samfélaginu vel. Lykilatriði í þeirra huga var

⁴¹⁹ Sjá umræður um þetta í Scholte, *Globalization*, bls. 224-225 og Viotti og Kauppi, *International Relations and World Politics*, bls. 486-487.

hvernig staðið væri að uppeldi barnsins. Barn fætt af íslenskri móður í öðru landi var hins vegar Íslendingur að flestra mati, þó upphaflegu skilgreiningarnar hafi ekki gert ráð fyrir því að *Íslendingur* væri fæddur annars staðar en á Íslandi. Þetta sýndi kannski fyrst og fremst fram á takmarkanir skilgreininganna frekar en skoðanir viðmælenda.

Þátttakendur í rannsókninni töluðu allir um að skilgreiningarnar hefðu komið þeim í vanda og vakið þá til umhugsunar um eigin afstöðu. Tilhneigingin virðist þó vera sú að uppruninn skipti meira máli en annað í því hvernig samfélagið lítur á fólk. Það er einmitt áhugavert að skoða svör Tómasar og Olgu í því samhengi. Tómas talaði um að þetta væri alltaf samspil þess hvernig einstaklingurinn sjálfur liti á sig og svo viðhorfa samfélagsins. Það virðist þó ekki endilega duga til miðað við það sem Olga sagði. Hún hefur verið búsett hér á landi í tíu ár og telur sig Íslending en er samt nokkuð viss um að samfélagið muni alltaf líta á hana sem útlending. Það má því draga í efa þær niðurstöður sem koma fram í rannsókninni að innflytjendur verði Íslendingar í augum samfélagsins eftir ákveðinn tíma, góða aðlögun og ríkisborgararétt. Sennilega mun skoðun Bjarna vera sú sem endurspeglar raunveruleg viðhorf hvað best, þ.e. að einstaklingar geti orðið *íslenskir ríkisborgarar* og þar með fullgildir samfélagsþegnar en þeir verði ekki *Íslendingar* nema eiga hér sinn uppruna. Hins vegar má velta fyrir sér hversu langt aftur það þurfi að vera og ekki ólíklegt að við þriðju kynslóð taki að fenna yfir upprunaleg spor.

Umræðan um seinni kynslóðir innflytjenda er áhugaverð, þó hún hafi ekki komið sérstaklega fyrir í viðtölunum nema að litlu leyti. Það var helst í umræðunni um börn og barnabörn Margrétar í Bandaríkjunum og hina ættleiddu Mörtu sem þetta málefni bar á góma. Viðmælendur voru á báðum áttum með börn Margrétar en töldu barnabörnin yfirleitt ekki Íslendinga. Uppeldið og það hversu fast Margrét héldi í hinar íslensku rætur gætu þó mögulega haft áhrif á það hvernig litið væri á þau, og eins hvernig þau litu á sig sjálf. Þetta virðist staðfesta að áherslan á upprunann kunni að minnka með þriðju kynslóð innflytjenda. Þegar rætt var um Mörtu komu fram vangaveltur um það hvort hún gæti mögulega valið sér sjálfsmynd. Tómas velti þessu fyrir sér og taldi vilja foreldranna, vilja Mörtu og svo álit samfélagsins skipta máli. Þessar hugmyndir Tómasar um val endurspeglar í raun

það sem bæði Thomas Eriksen og Amartya Sen hafa skrifað og kom fram í 2. kafla. Eriksen telur börn innflytjenda hafa þrjár leiðir til að móta sína sjálfsmynd, út frá heimalandi, upprunalandi, eða einhvers konar blöndu af hvoru tveggja.⁴²⁰ Amartya Sen bendir svo á að þó einstaklingar geti haft val um sína sjálfsmynd hljóti það þó alltaf að takmarkast af viðhorfum samfélagsins.⁴²¹ Þannig sé ekki nóg að einstaklingurinn sjálfur velji sér sjálfsmynd, heldur hljóti samþykki hópsins alltaf að þurfa að koma til. Þetta undirstrikar tilfinningu Olgu fyrir því að það dugi ekki til að hún upplifi sig sem Íslending þar sem samfélagið muni ekki gera það. Þar kemur því aftur að þeim hugmyndum að þjóðernið sé útilokandi og fólk geti ekki bæði verið Íslendingur og eitthvað annað, t.d. Rússi eins og í tilviki Olgu. Þetta endurspeglast t.a.m. í hugmyndum Bjarna um að ríkisborgararéttur geri menn ekki að Íslendingum og eins í því viðhorfi sem kom fram í nokkrum viðtölum varðandi Margréti og afkomendur hennar. Þar veltu þátttakendur því fyrir sér hvort hún væri Íslendingur eða Ameríkani, en fáir tóku þá afstöðu að hún gæti hugsanlega verið bæði.⁴²²

Uppruninn og hugmyndin um hvað er „heima“

Eins og fram hefur komið virtust Íslendingarnir á heildina litið ekki uppteknir af þjóðerni sínu eða uppruna dags daglega. Það var ekki fyrir en þjóðernið var sett í samhengi við annað þjóðerni sem það fór að skipta máli. Það kom t.a.m. fram í máli Kristínar og Olgu að við það að flytja úr landi geti það farið að skipta meira máli í sjálfsmyndinni. Kristín talaði um að sér fyndist hún alltaf meðvituð um það að vera Íslendingur í Danmörku og að fjölskylda hennar hafi gjarnan haldið *íslensk* matarboð. Fyrir Olgu skipti uppruninn líka miklu, einkum til að byrja með þegar hún þekkti fáa og fannst hún ekki falla vel inn í samfélagið. Hins vegar breyttist það þegar hún fór að festa hér nýjar rætur og þá fannst henni hún fjarlægjast upprunann, eða að hann skipti hana ekki eins miklu máli. Hennar *heima* er nú á Íslandi þar sem hún hefur haldið heimili í tíu ár með íslenskum eiginmanni sínum.

Í þessu samhengi er athyglisvert að hugsa um börn Kristínar. Þau voru ekki í hópi viðmælenda og því ekki hluti af rannsókninni sjálfri, en í spjalli okkar kom ýmis-

⁴²⁰ Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 167.

⁴²¹ Sen, *Identity and Violence*, bls. 31

⁴²² Þess ber þó að geta að í seinni viðtölu voru viðmælendur ekki sérstaklega spurðir um það hvort hún væri annað hvort eða bæði.

legt fram sem er áhugavert að nefna hér. Kristín og eiginmaður hennar fluttust af landi brott með ársgamlan son, þá rúmlega tvítug. Þau bjuggu í Danmörku í tuttugu ár og þar fæddust þeim tvær dætur. Þau héldu alla tíð góðu sambandi við fjölskyldur sínar á Íslandi en gekk ekki vel að halda íslenskunni við á heimilinu. Börnin gengu í skóla í Danmörku og danskan varð þeirra mál. Þau skildu alltaf íslensku en voru treg til að tala hana, einkum sín á milli. Þegar þau fluttu aftur heim eftir tuttugu ár fór eldri dóttirin í menntaskóla en sú yngri í unglingadeild í grunnskóla. Kristín sagði frá því að jafnvel þó þau væru á Íslandi töluðu systkinin oft saman á dönsku, en reyndar líka oft íslensku. Þau eru tvítýngd en sú yngsta átti í fyrstu erfitt með að lesa íslenskuna.⁴²³ Elsta barnið, sem er ungur maður í dag, var með þeim hér fyrsta árið en fór svo aftur til Danmerkur til náms. Nú, fimm árum síðar, eru bæði eldri börnin búsett í Danmörku og dóttirin komin í sambúð með dönskum manni. Þeirra *heima* var alltaf frekar Danmörk en Ísland.⁴²⁴ Það má því velta fyrir sér hvort þau eigi eftir að búa á Íslandi í framtíðinni eða í Danmörku. Í framhaldinu vakna þá einnig spurningar um það hvernig málin þróast ef þau giftast og eignast börn þar í landi. Ef við hugsum um sögu gömlu konunnar sem Kristín sagði okkur frá, þá gæti það skipt þau hjónin máli að vera hjá börnum sínum og barnabörnum frekar en á Íslandi. Þetta eru auðvitað allt vangaveltur en svona dæmi gefa einmitt vísbendingar um það hversu flókið samspil getur verið milli upprunans og búsetulandsins við slíkar aðstæður.

Þessar hugmyndir viðmælenda um sjálfsmyndir sínar staðfesta margt af því sem fram kemur í fræðunum. Þannig er það mat fræðimanna að þjóðernið sé ekki eins tengt sjálfsmyndinni og áður, og ekki ráðandi þáttur í henni alla jafna. Aðrir þættir koma einnig við sögu og geta skipt mismiklu máli eftir aðstæðum hverju sinni. Þetta staðfesta þátttakendur í þessari rannsókn. Þjóðernið er ekki það sem er þeim efst í huga þegar rætt er um sjálfsmyndir. Það er ekki fyrr en þjóðerninu er stillt upp andspænis öðru þjóðerni sem það fer að skipta máli í sjálfsmyndinni. Þeir viðmælendur sem hafa flust á milli landa tala um mikilvægi þess að halda í ræturnar, einkum til að byrja með. Það sem hefur því kannski helst breyst með hnattvæðingunni er annars vegar að aukið flæði fólks á milli landa hefur gert það

⁴²³ Það má geta þess hér að Guðrún, sem er kennari, nefndi það einmitt í sínu viðtali að börn *snúbúa* væru í raun oft eins og nýbúar í skólakerfinu, og þyrftu mikla aðstoð með að tileinka sér námsefni á íslensku.

⁴²⁴ Til samanburðar má nefna Öðu. Hennar *heima* var á Íslandi, en hún ólst upp við að tilheyra tveimur löndum. Henni finnst ítalski uppruninn skipta miklu máli en hefur kosið að búa hér.

að verkum að algengara er nú en oft áður að fólk flytjist á milli landa með það fyrir augum að setjast þar að, og svo hitt að tæknin gerir öll samskipti á milli landa auðveldari nú en áður var, þannig að ákveðnir hópar bindast böndum þvert á landamæri, t.d. faghópar, trúarhópar eða hagsmunahópar af ýmsu tagi. Skoðanir viðmælenda virðast þannig endurspegla það sem fram kemur í fræðunum varðandi sjálfsmyndir einstaklinga.

5.2 Hverjir eru Íslendingar? Sjálfsmynd þjóðar á tímum hnattvæðingar

Á sama hátt og fræðimenn segjast merkja ákveðnar breytingar á sjálfsmyndum einstaklinga í kjölfar hnattvæðingar er sú skoðun algeng að vegna hugmynda um breytta stöðu þjóðríkisins séu ákveðnar breytingar að verða á sjálfsmyndum þjóða.⁴²⁵ Þá er það einnig viðtekin skoðun að þjóðernisgoðsagnir og sameiginlegar minningar sem mótað hafa sjálfsmyndir þjóða séu ekki lengur þeir sameinandi þættir sem þeir voru áður.⁴²⁶ Í kjölfar aukinnar menningarlegrar fjölbreytni og annarra breytinga á samfélögum sem fylgt hafa hnattvæðingunni getur þjóðin ekki lengur sameinast um fortíðina. Innflytjendur bera með sér sínar eigin minningar og menningu sem setja í auknum mæli svip sinn á þjóðfélög.⁴²⁷

Þjóðerniskennd byggð á sérstöðu og menningarlegri nálgun

Því er ekki að neita að þjóðerniskennd virðist nokkuð sterk á Íslandi. Það þarf ekki að leita lengra en í orðræðuna sem einkennt hefur alla Evrópuumræðu á undanförunum árum.⁴²⁸ Þátttakendur í rannsókninni taka líka flestir undir það og telja sérstöðu landsins, hvað varðar einangrun, smæð og einsleitni, helstu ástæðuna fyrir sterkri þjóðerniskennd. Þau taka þar með undir hugmyndir þeirra Guðmundar Hálfðanarsonar og Kolbeins Óttarssonar Proppé um að tilfinning Íslendinga fyrir því að vera þjóð sé sterk.⁴²⁹ Þessi sérstaða virðist þannig hafa afgerandi áhrif á sjálfsmynd þjóðarinnar. Eins kom það fram hjá viðmælendum að

⁴²⁵ Sjá m.a. umræðu Dei í „Language, Culture, Identity“, bls. 8.

⁴²⁶ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 232-233.

⁴²⁷ Sama heimild.

⁴²⁸ Sjá m.a. Eiríkur Bergmann Einarsson, „Fiskurinn eða fullveldið?“, Baldur Þórhallsson, „Íslenskir stjórnmálamenn og þátttaka í samruna Evrópu: Sérstaða eða sérviska“, bls. 110-112 og Guðmundur Hálfðanarson, „Discussing Europe: Icelandic Nationalism and European Integration“, bls. 138.

⁴²⁹ Kolbeinn Óttarsson Proppé, „Hetjudýrkun á hátíðarstundu“, bls. 151. Guðmundur Hálfðanarson bendir einnig á þessa sérstöðu í *Íslenska þjóðríkið*, bls. 17.

sérstaðan gæti mögulega haft þau áhrif að hér ríktu meiri fordómar en víða annars staðar. Olga og Sæmundur nefndu það bæði, sem er athyglisvert því þeirra bakgrunnur er afar ólíkur. Þetta tengist hugmyndum um þann efníska blæ sem einkennt hefur þjóðerniskennd hér á landi, að mati Katrínar Jakobsdóttur, og það hvernig smæðin hefur mótað skilning okkar á hugtökunum *þjóð* og *þjóðerni*.⁴³⁰ Eins og kom fram í 2. kafla er íslensk þjóðerniskennd undir áhrifum menningarlegrar þjóðernisstefnu þar sem áhersla er lögð á þjóðina sem lífræna heild þar sem einstaklingarnir sem mynda þjóðina eru tengdir á náttúrulegan hátt og eiga sér sameiginlegar rætur.⁴³¹ Umræðan um sérstöðuna er nátengd þeirri stefnu þar sem áhersla er lögð á frumlægt og náttúruleg eðli þjóðarinnar. Menningarleg þjóðernisstefna virðist því enn lifa góðu lífi í umræðunni þrátt fyrir að fræðasamfélagið hafi að einhverju leyti hafnað hugmyndafræðinni um frumlægt eðli þjóða.⁴³²

Áherslan á tungumálið hefur alltaf verið sterk í íslenskri þjóðernisumræðu. Tungumálið hefur gert okkur að þjóð,⁴³³ og var þar af leiðandi mikilvægt vopn í sjálfstæðisbaráttunni. Þessi nálgun að þjóðarskilgreiningu rennir enn styrkari stoðum undir tengsl þjóðerniskenndar á Íslandi við menningarlega nálgun Herders og Fichte um mikilvægi tungumálsins í þjóðerninu. Niðurstöður úr viðtölunum sýna að tungumálið er mikilvægur þáttur í sjálfsmyndinni og stór hluti af því sem viðmælendur telja að skilgreini þjóðina.⁴³⁴ Í öllum viðtölunum kemur fram sú skoðun að tungumálið sé lykilatriði í aðlögun útlendinga, þó þau leggi vissulega mismikla áherslu á það hversu langt eigi að ganga í að gera það að skilyrði fyrir búsetu eða ríkisborgararétti. Það sem er athyglisvert er að það voru ekki bara *Íslendingarnir* sem nefndu þetta heldur kom það einnig sterkt fram hjá þeim Olgu, James og Ödu hversu miklu máli tungumálið skipti. Olgu fannst hún ekki verða hluti af samfélaginu fyrr en hún fór að skilja meira í málinu og hún telur ákveðna fordóma ríkja í samfélaginu gagnvart þeim sem tala ekki íslensku. Hjónin James og Ada töldu það bera vott um vilja til að tilheyra samfélagi að læra tungumálið.

⁴³⁰ Katrín Jakobsdóttir, „Ísland í aðalhlutverki,“ bls. 168-169 og Arnar Guðmundsson, „Mýtan um Ísland,“ bls. 104-105.

⁴³¹ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 24-5. Sjá einnig umræðu í Smith, *Nationalism*, bls. 40.

⁴³² Sjá umfjöllun Guðmundar Hálfðanarsonar í *Íslenska þjóðríkið*, bls. 186 og 216, og í grein hans „Collective Memory, History, and National Identity,“ bls. 95-96.

⁴³³ Sbr. tilvísanir í 2. kafla í ræður sem fluttar voru í tilefni af lýðveldishátíðinni 1994.

⁴³⁴ Þetta er einnig mat Guðmundar Hálfðanarsonar. Sjá í inngangi að greininni „From Linguistic Patriotism to Cultural Nationalism,“ bls. 55.

Aðstæður hljóta þó alltaf að skipta máli, rétt eins og Kristín og Ylfa bentu á, en þær sögðust einnig hafa skilning á því að þeir sem kæmu til landsins einungis í stuttan tíma legðu sig ekki endilega fram við að læra málið. Af þeim umræðum sem spunnust um tungumálið er því ekki hægt að sjá annað en að hugmyndir um mikilvægi þess lífi enn góðu lífi, sem staðfestir enn frekar áhrif menningarlegrar þjóðernisstefnu á íslenska þjóðerniskennd. Í þessu samhengi er áhugavert að rifja upp brot úr grein sem Þorvaldur Gylfason, hagfræðiprófessor ritaði í *Fréttablaðið* vorið 2006, en þá voru háværar raddir í þjóðfélaginu um framtíð tungumálsins.⁴³⁵ Í greininni vísar Þorvaldur í pólskan gyðing, Radetzki að nafni, sem settist að í Svíþjóð og er virtur hagfræðingur þar í dag. Greinin fjallar í raun um aðlögun útlendinga í samfélögum Evrópu og þar kemur Þorvaldur skilaboðum sínum á framfæri við nýbúa landsins:

Lærið málið! Temjið ykkur síði heimamanna! When in Rome, do as the Romans do! Radetzki tekur í rauninni undir með Snorra Hjartarsyni, þar sem skáldið segir: „Land þjóð og tunga, þrenning sönn og ein, þér var ég gefinn barn á móðurkné“. En móðurmissir og föðurlands þarf ekki að dæma menn úr leik á nýjum stað, ef þeir skilja nauðsyn þess að breiða út faðminn á móti nýju landi, nýrri þjóð, nýrri tungu.⁴³⁶

Í grein sinni leggur Þorvaldur áherslu á mikilvægi þess að aðlagast vel landi og þjóð. Eftir stendur þá skoðun samfélagsins og það hvort þetta dugi til þess að teljast tilheyra þeirri sömu þjóð.

Hverjir eru þá þjóðin?

Við skilgreiningu þjóðarinnar hefur hin heilaga þrenning; land, þjóð og tunga verið afgerandi. Goðsagnirnar um gullöldina, sjálfstæðisbaráttuna og hina fornu tungu hafa tengt þjóðina saman órjúfanlegum böndum. Í gegnum þessar goðsagnir og hversdagslega þjóðernishyggju ákveður þjóðin með daglegri atkvæðagreiðslu að hún ætli að deila örlögum um ókomna tíð.

Eitt af því sem skapar ímynduð samfélög eins og þjóðir er vísun í sameiginlegar minningar og sameiginlegan uppruna. Þjóðarsagan er ein af forsendum þess að fólk sem þekkist ekki geti eigi að síður fundið til samkenndar og átt sameiginlega sjálfsmynd.⁴³⁷

Í fjölmennningarlegu samfélagi er hins vegar ekki hægt að byggja á sameiginlegum minningum þar sem hluti þegnanna deilir þeim ekki og á sér jafnvel aðrar

⁴³⁵ Guðmundur Hálfðanarson, „From Linguistic Patriotism to Cultural Nationalism,“ bls. 55.

⁴³⁶ Þorvaldur Gylfason, „Land, þjóð og tunga,“ *Fréttablaðið* 20. apríl 2006.

⁴³⁷ Sverrir Jakobsson, „Innflytjendur – elsti hópur Íslendinga,“ bls. 26-27. Sverrir er hér að vísa m.a. í hugmyndir Andersons um hina ímynduðu þjóð og hugmyndir Renans um sameiginlegar minningar og sameiginlegan uppruna.

minningar. Því þarf að finna aðra hluti sem grundvöll fyrir hina daglegu atkvæðagreiðslu. Eins og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir bendir á eru það „grundvallarmistök að halda að sjálfsmynd íslenskrar þjóðar sé óbreytanleg í gegnum rúm og tíma. Sjálfsmynd er búin til af mönnum, henni er ekki úthlutað frá öröfi alda af Guði og hana er stöðugt hægt að skilgreina upp á nýtt.“⁴³⁸ Ef fjölmenningarlegt samfélag á að geta gengið upp hlýtur að þurfa að byggja á einhverju sem sameinar alla íbúa landsins. Það er því rétt að líta á hvaða þætti viðmælendur telja nauðsynlega þurfa að liggja til grundvallar þess að geta talist hluti af íslenskri þjóð.

Fyrir utan það að geta rakið ættir sínar til landnámsmanna og -kvenna, eða í það minnsta nokkrar kynslóðir aftur, kom krafan um tungumálið skýrt fram í öllum viðtölum, eins og nefnt var hér á undan. Það var hins vegar ekki minnst á söguna, eða mikilvægi hennar, sem gefur til kynna að áherslan á hana sé minni en áherslan á tungumálið, og einnig að áherslan á söguna sé kannski ekki eins áberandi þáttur í sjálfsmyndinni og hún var áður. Þó yngri kynslóðir séu vissulega kynntar fyrir fornsögnum og sjálfstæðisbaráttunni í skólakerfinu þá virðist sú minning ekki eins sterk í dag og hún kannski var fyrir hálfri öld. Í viðtölunum er áhersla á menninguna einnig til staðar, en þó fyrst og fremst í þeim skilningi að útlendingar aðlagist íslenskri menningu. Það kemur svo skýrt fram þegar viðmælendur eru spurðir nánar út í þessa menningarlegu aðlögun að þeir eru að vísa í tungumálið fyrst og fremst. Það sýni viljann til að aðlagast landi og þjóð. Tungumálið virðist því hafa mikla sérstöðu þegar kemur að því að skilgreina þjóðina.

Viðmælendur voru einnig sammála um það að ríkisborgararéttur væri grundvöllur þess að geta tilheyrt íslenskri þjóð. Eins og gert var grein fyrir í niðurstöðum gerir ríkisborgararétturinn einstaklinga þó ekki endilega að *Íslendingum*. Engu að síður benti Bjarni á að það að vera íslenskur ríkisborgari gæfi fólki fullan aðgang að samfélaginu. Nálgun Bjarna er athyglisverð. Hann gerði þannig greinarmun á því að það að tilheyra landi og þjóð væri eitt en það að vera *Íslendingur* væri svo annað, og þar réði uppruninn úrslitum, eins og um ákveðinn kynþátt væri að ræða. Þetta kemur fram hjá Kivisto sem hefur bent á að ríkisborgarrétturinn sé grundvöllur fyrir því að einstaklingar séu hluti af samfélagi því sem þeir búa í og

⁴³⁸ Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, „Ísaðar gellur með harðan, hrjúfan hreim,“ bls. 19.

að þeim beri bæði þau tækifæri og réttindi sem í ríkisborgararéttinum felast.⁴³⁹ Ríkisborgararétturinn og skilyrði fyrir honum komu töluvert til umræðu í viðtölunum og virtist sú umræða að mestu leyti vera í samræmi við gildandi lög og reglur. Auk kröfu um tungumálið virðist almennt sterkur vilji fyrir því að til að öðlast ríkisborgararétt þurfi hreint sakavottorð. Viðmælendur í fyrri viðtalalotu tóku sérstaklega afstöðu til þessarar spurningar og töldu fjórir af níu hreint sakavottorð eiga að vera skilyrði og þrír aðrir töldu skipta máli að fólk hefði ekki brotið verulega af sér eða ætti yfir höfði sér dóma. Einungis tveir viðmælendur í fyrri lotu töluðu ekki sérstaklega um sakavottorð sem skilyrði. Í seinni lotunni kom það skýrt fram bæði hjá Sæmundi og Olgu að hreint sakavottorð væri mikilvægt og ekki einungis til að öðlast ríkisborgararétt, heldur einnig sem skilyrði fyrir búsetu og jafnvel atvinnuleyfi. Umræðan kom vissulega fram í fleiri viðtölum þó skýrar kröfur væru ekki settar fram. Almenna viðmiðið um búsetu-skilyrði í íslenskum lögum er sjö ár. Þetta virðist hæfilegur tími að mati viðmælenda, sem flestir nefndu fimm til tíu ár í þessu samhengi. Einungis Jónína talaði um umsögn til handa umsækjendum en það kom ekki fram hjá öðrum. Af viðtölunum að dæma voru viðmælendur ekki allir meðvitaðir um það hvaða skilyrði væru til staðar í íslenskum lögum varðandi ríkisborgararétt, en þar er að finna bæði kröfur um búsetuskilyrði, sakavottorð og umsögn frá tveimur íslenskum ríkisborgurum.⁴⁴⁰ Ákvæði um íslenskupróf komu þó ekki inn í lögin fyrr en 1. janúar 2009, eins og fyrr hefur verið bent á.

Þessar hugmyndir um ríkisborgararétt sem sameinandi þátt í þjóðerninu falla undir kenningar sem kynntar voru í 2. kafla um borgaralegar skilgreiningar á hugtakinu þjóð. Ýmsar nálganir er að finna að þeim skilgreiningum hjá Renan, sem einna fyrst kom fram með slíkar hugmyndir seint á 19. öld. Kenningar hans um hina daglegu atkvæðagreiðslu og pólitískan vilja einstaklinganna sem ráðandi þætti í þjóðerninu frekar en tungumál, trú eða kynþátt endurspegla að mörgu leyti slíka nálgun. Áhersla Renans á sameiginlegar minningar og þjóðernisgoðsagnir eru hins vegar ekki eins vel til þess fallnar að móta sameiginlega sjálfsmynd í fjölmenningsarsamfélagi. Í fræðihluta voru einnig kynntar hugmyndir um heimsborgaramenningu, samfélagshyggju og margþætt ríkisfang þar sem áherslan er á ríkið og

⁴³⁹ Kivisto, *Multiculturalism in a Global Society*, bls. 192

⁴⁴⁰ Upplýsingar um fylgigögn með umsókn um íslenskan ríkisborgararétt má finna á heimasíðu dómsmálaráðuneytis.

ríkisfangið frekar en upprunann. Hugmyndir Parsons um ríkisfangið sem helsta grundvöll sameiningar eru gott innlegg í þessa umræðu. Að hans mati hefur menningarleg nálgun um hina lífrænu þjóð of þjóðernislegar tengingar⁴⁴¹ og er þar af leiðandi ekki líkleg til að sameina íbúana. Í skilgreiningum á þjóðinni lögðu þátttakendur í þessari rannsókn einkum áherslu á ríkisborgararéttinn og tungumálið. Þar koma í raun saman menningarleg og borgaraleg nálgun að þjóðerninu. Í fjölmennningarlegu samfélagi þar sem sameiginlegar minningar eru ekki til staðar hjá öllum íbúum, og þar af leiðandi ekki sú sameiginlega sjálfsmynd sem hægt er að byggja á, hlýtur hugmyndin um ríkisfangið að vera betur til þess fallin að sameina íbúana en upprunatengslin. Það er hins vegar spurning hvort samstaða náist um slíka nálgun, og ef marka má áhersluna sem þátttakendur lögðu á mikilvægi tungumálsins er hún ekki í auglýsni.

Fjölmenningsamfélag – á hverju á að byggja?

Íslenskt samfélag hefur ekki farið varhluta af þeim breytingum sem orðið hafa víðs vegar í Evrópu á síðastliðnum árum. Fjöldi innflytjenda, flóttamanna og erlends verkafólks hefur aukist hratt á einungis fáum árum. Þetta varð Kristín áþreifanlega vör við og sagðist hafa séð miklar breytingar á samfélaginu þegar hún fluttist til baka eftir tuttugu ára búsetu í öðru landi. Því er ekki að neita að fjölmenningarumræðan á Íslandi litast töluvert af hugmyndum um sérstöðuna, þ.e. að landið sé viðkvæmt fyrir miklum fjölda útlendinga vegna fámennis.⁴⁴² Ísland er svo sem ekki eina landið þar sem fólk hefur velt fyrir sér áhrifum aukins innflytjendastraums, eins og Kristín benti á, en hún upplifði svipaða umræðu í Danmörku á meðan hún bjó þar. Það sem er kannski áberandi á Íslandi er að þrátt fyrir þessar breytingar er samfélagið enn tiltölulega einsleitt, og enn þann dag í dag eru ekki ýkja margir íbúar af öðrum litarhætti. Ylfa talaði einmitt um að sér fyndist fólk af öðrum kynþáttum ekki vera eins áberandi hér og víða annars staðar, t.d. á Norðurlöndunum. Sæmundur taldi einnig að litarháttur gæti haft mikið um það að segja hvort litið væri á einstakling sem Íslending eða útlending, sennilega væri tilhneiging til að líta á fólk af öðrum kynþætti sem útlendinga frekar en þá sem ættu evrópskan uppruna og væru af sama kynþætti. Þetta endurspeglast í

⁴⁴¹ Parsons, *The System of Modern Societies*, bls. 92.

⁴⁴² Í þessu samhengi má rifja upp skilyrði sem sett voru í hverndarsamninginn við Bandaríkjamenn á sínum tíma þar sem farið var fram á að vernda kynstofn Íslendinga fyrir blóðblöndun við erlenda hermenn, þar sem fyrst og fremst var átt við hermenn af afrískum uppruna. Sjá í grein Þórs Whitehead, „Hlutleysi Íslands á hverfanda hveli,“ bls. 41-42.

viðhorfum Kristínar og James sem litu ekki á sig sem innflytjendur, kannski af því að þau voru ekki svo ólík upprunalegum Dönnum og Íslendingum. Þessi umræða kemur einmitt bæði fram hjá Eriksen og Spencer og Wollman sem benda á að þegar við tölum um innflytjendur eigum við í flestum tilvikum við fólk sem kemur frá löndum utan Mið- og Vestur-Evrópu.⁴⁴³ Þannig segir Eriksen að Svíi sé t.a.m. ekki talinn innflytjandi í Danmörku á meðan Króati sé það án efa. Spencer og Wollman taka í sama streng og nefna að Alsírþúar eða Tyrkir séu frekar taldir innflytjendur í ýmsum Evrópulöndum en t.a.m. Ástralir, Svisslendingar eða Austurríkismenn.⁴⁴⁴ Þessi viðhorf eru ekkert síður áberandi á Íslandi en í öðrum evrópskum samfélögum. Innflytjendum og flóttamönnum er sýnt ákveðið umburðarlyndi, en flestir vilja að *aðkomufólkið* sé sem líkast *okkur* og reyni að aðlaga sig sem mest að *okkar* samfélagi. Það má hins vegar spyrja sig hvort þetta sé raunveruleg fjölmennning? Er það umburðarlyndi að ætlast til þess að við það eitt að flytja til annars lands afsali menn sér siðum, trú, tungumáli og jafnvel nafni, eins og tíðkaðist hér á árum áður? Þá má spyrja á móti hvort við, sem teljum okkur Íslendinga, gerum slíkt hið sama þegar við setjumst að í öðrum löndum. Það hefur nefnilega oftast en ekki talist fólki sem flyst erlendis til tekna að viðhalda góðum og gildum íslenskum siðum.

Snýst fjölmenningin þá bara um umburðarlyndi, *live and let live*? Oftast en ekki virðumst við einblína um of á eitthvað eitt sem einkennir okkur, og skilgreinum það of þröngt. Er fjölmenningsamfélag einungis einhvers konar púsluspil, samansafn fólks af mismunandi uppruna sem lifir saman í sátt og samlyndi – en aðskilið? Reyndar virðast margir vilja það, þ.e. að samfélagið verði einhvers konar sambandsríki mismunandi menningar- og trúarbragðahópa og að hver hópur fyrir sig geti þannig lifað án þess að velta sér mikið upp úr málefnum *hinna*.⁴⁴⁵ Víða virðist aðgreining milli hópa nefnilega vera að færast í vöxt. Nægir að nefna sem dæmi skólasamfélagið í Bretlandi þar sem skólar eru í auknum mæli farnir að aðlaga sig sérstaklega að samsetningu íbúa ákveðinna hverfa og viðhalda þannig aðskilnaði milli kynþátta og trúarhópa.⁴⁴⁶ En það að halda hópum í samfélaginu

⁴⁴³ Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, bls. 137.

⁴⁴⁴ Spencer og Wollman, *Nationalism*, bls. 65.

⁴⁴⁵ Umræða um þetta kemur m.a. fram hjá Sen þar sem hann ber saman fjölmenningu (e. multiculturalism) og það sem hann kallar „plural monoculturalism“ og á þar við samfélag þar sem ólíkir hópar lifa saman aðgreindir hver frá öðrum. Sjá í Sen, *Identity and Violence*, bls. 156-160.

⁴⁴⁶ Sen, *Identity and Violence*, bls. 156-160.

aðgreindum, og taka þannig eina sjálfsmynd fram yfir aðrar, frekar en horfa á það sem íbúarnir eiga sameiginlegt, eykur að mati margra líkurnar á ofbeldi, einkum ef ákveðnum hópum í samfélaginu er haldið niðri, eða þeir telja sig órétti beitta.

Í framhaldi af þessu er vert að velta fyrir sér hvað raunveruleg fjölmening þýði, hvernig við getum stuðlað að henni og hvort hún sé í raun æskileg lausn á sambúðarvanda þjóðernishópa. Margir telja að samsetning íbúa og sá munur sem virðist vera á milli innflytjenda og þeirra sem fyrir eru í landinu komi til með að breytast með annarri og þriðju kynslóð, þ.e. afkomendum upphaflegu innflytjendanna. Með þeim muni myndast hópur af fólki sem hefur ekki eins sterk tengsl við upprunalandið og hefur hugsanlega meira val um sína sjálfsmynd, þ.e. getur valið hvað af sinni upphaflegu arfleifð það vill leggja áherslu á, en lítur á sama tíma á sig sem íbúa landsins en ekki innflytjendur. Börn Margrétar og Kristínar, og einkum þó barnabörn Margrétar, eru gott dæmi um þetta. Þessir einstaklingar hafa tók á að aðlagast á allt annan hátt, t.d. í gegnum skólakerfið, giftingar o.fl. í þeim dúr, og munu þannig geta blandað saman gömlum gildum og nýjum og mótað sína sjálfsmynd sjálfstætt, án þess að þurfa að velja annaðhvort eða. Reynslan á eftir að sýna hvernig þessi þróun verður en þrátt fyrir miklar breytingar á evrópskum samfélögum er kannski fyrst núna að koma fram þriðja kynslóð innflytjenda í nágrannalöndum okkar. Það verður athyglisvert að sjá hvort og þá hvernig áhrif þetta mun hafa á fjölmenningsleg samfélög framtíðarinnar.

Á heildina litið má segja að ákveðin tilhneiging virðist vera til þess að líta á sjálfsmynd einstaklinga sem samspil margra þátta og að uppruninn skipti þar ekki alltaf meginmáli. Umhverfi og aðstæður hverju sinni geta haft áhrif á það hvaða sjálfsmynd er í forgrunni. Hins vegar virðist sjálfsmynd þjóðarinnar nokkuð skýr og þar virðist uppruninn skipta nokkru máli. Þjóðernisleg sjálfsmynd Íslendinga einkennist að miklu leyti af hugmyndum menningarlegrar þjóðernisstefnu sem endurspeglast í áherslunni á tungumálið sem hinn sameinandi þátt. Borgaralegar kenningar um ríkisborgararétt koma þó einnig fram hjá viðmælendum, en hann einn og sér gerir einstaklinga ekki að *Íslendingum*, til þess þarf fólk að eiga sinn uppruna á Íslandi. Þjóðerniskennd virðist vera nokkuð sterk sem skýrist kannski af þeirri sérstöðu sem við höfum enn, þrátt fyrir að samfélagið hafi vissulega breyst hratt á undanförunum árum. Áherslan á sérstöðuna hefur einkennt alla umræðu um

land og þjóð bæði í tengslum við alþjóðleg samskipti og innflytjendamál. Hin heilaga þrenning; land, þjóð og tunga, virðist lifa enn um sinn.

6. Lokaorð

Í þessari ritgerð hefur verið reynt að varpa ljósi á sjálfsmynd Íslendinga við upphaf 21. aldar. Farið hefur verið yfir helstu kenningar um þjóðir, þjóðernishyggju og sjálfsmyndir og skoðað hvernig þróunin hefur verið í kjölfar hnattvæðingar og aukinnar fjölmenningar. Í rannsókninni var velt upp ýmsum flötum á þeim tveimur meginþemum sem komu fram, annars vegar mikilvægi þjóðernis í sjálfsmynd einstaklinga og hins vegar hugmyndum um sjálfsmynd þjóðarinnar í kjölfar þeirra breytinga sem orðið hafa á samfélaginu á síðustu árum.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar staðfesta margt af því sem fram kemur í fræðunum. Sjálfsmyndir einstaklinga virðast vissulega vera að breytast og verða fjölbættari. Sú sjálfsmynd sem Íslendingar höfðu langt fram eftir 20. öldinni var tiltölulega einföld, Íslendingar töluðu sama tungumálið og áttu sama upprunann.⁴⁴⁷ En margt hefur breyst, og með auknum samskiptum milli þjóða og vegna áhrifa fjölmenningar mótast sjálfsmyndir ekki eingöngu á grundvelli þjóðernisins. Þær eru blandaðri og hafa þróast á öðrum sviðum bæði innan ríkisins og ofar ríkinu. Fólki skilgreinir sig ekki síður út frá öðrum þáttum, s.s. kyni, kynþætti, trúarbrögðum eða starfi, samhliða þjóðerninu. Það fer svo eftir aðstæðum hvaða sjálfsmynd er í forgrunni hverju sinni.

Varðandi *mikilvægi þjóðernis í sjálfsmynd einstaklinga* virðist það ríkjandi skoðun að þjóðernið móti okkur sem einstaklinga en sé ekki alltaf meðvitað í daglegu lífi. Þjóðernið kemur hins vegar oft skýrar í ljós þegar við erum á erlendri grund, eigum í samskiptum við fólk af öðru þjóðerni eða etjum kappi við aðrar þjóðir á einhverjum vettvangi. Þannig hugsar fólk ekki um það á hverjum degi að það sé Íslendingur, það er ómeðvitað. En í öðru landi getur þjóðernið komið sterkara fram og eins getur vitundin um þjóðernið orðið áberandi í umræðu um innflytj-

⁴⁴⁷ Guðmundur Hálfðanarson í viðtali við Ólaf Rastrick, *Þjóðerni í þúsund ár*, bls. 243.

endur. Það kom greinilega fram á árunum 2005 og 2006, þegar stórir hópar verkafólks komu til landsins í leit að atvinnu.

Sérstaða Íslands virðist að mörgu leyti hafa stýrt umræðunni um *sjálfsmynd þjóðarinnar*. Vegna fámennis og einangrunar telja margir að þjóðin sé viðkvæm fyrir miklum breytingum á menningarlegri samsetningu íbúanna. Það skiptir því máli að útlendingar sem hingað flytjast aðlagist samfélaginu vel og þar virðist tungumálið gegna lykilhlutverki. Áherslan á tungumálið er mikil og fólk lítur á það sem stóran þátt í því að tilheyra sama samfélagi. Það að læra tungumálið ber að margra mati vott um vilja til að aðlagast samfélaginu og getur hugsanlega komið í veg fyrir hópamyndun innan þess. Tungumálið hefur þannig orðið að grundvallaratriði í umræðunni um innflytjendur á Íslandi. Velta má fyrir sér hvort þessi áhersla á tungumálið sýni að það að eiga hlutdeild í tungumáli bindi fólk saman sterkari böndum en maður gerir sér grein fyrir í fljótu bragði, þar sem tungumálið er í raun svo fastofið menningu og sögu. Þetta á einkum við um íslenskuna þar sem hún er ekki tungumál sem fólk talar alla jafna nema tengjast landinu á einhvern hátt, ólíkt t.d. ensku, frönsku og þýsku. Áherslan á tungumálið sýnir að þjóðerniskennd á Íslandi er undir áhrifum menningarlegrar þjóðerniskenndar sem leggur frumlægar kenningar til grundvallar. Þjóðin er heil og upprunaleg, og á sér sameiginlegar minningar. Íslendingar eru þeir sem eiga íslenskan uppruna, þó ríkisborgararéttur og góð aðlögun gefi ákveðinn aðgang að samfélaginu. Sameiginlegar minningar móta sjálfsmynd þjóðarinnar og þeim er haldið lifandi í gegnum hversdagslega þjóðernishyggju með táknum sem eru þjóðinni mikilvæg.

Á heildina litið virðist þjóðernishyggja á Íslandi nokkuð sterk, í það minnsta þegar á reynir. Hugmyndin um þjóðríkið lifir góðu lífi og staða þjóðtungunnar er sterk. Ekkert bendir í raun til þess að þjóðríki séu almennt að hverfa en hlutverk þeirra hefur engu að síður verið að breytast og mun væntanlega halda því áfram. Fjölmennung er komin til að vera á Íslandi og það verður verkefni næstu kynslóða að sameina íbúa landsins undir einn hatt sem *Íslendinga* með einum eða öðrum hætti, þrátt fyrir að þeir geti ekki allir rakið ættir sínar til Egils Skallagrímssonar eða Snorra Sturlusonar.⁴⁴⁸ Í nútímasamfélagi þar sem einstaklingum með annan menn-

⁴⁴⁸ Guðmundur Hálfðanarson í viðtali við Ólaf Rastrick, *Þjóðerni í þúsund ár*, bls. 243..

ingarlegan eða erfðafræðilegan bakgrunn en íslenskan fer hratt fjölgandi er mikilvægt að finna nýjar leiðir ef við ætlum ekki að falla í sömu gryfju og mörg nágrannalönd okkar þar sem aðgreining hópa hefur aukið á fordóma gagnvart innflytjendum.

Þjóðartákn og minningar um liðna atburði í sögu þjóðanna, sem áður þjöppuðu þegnum saman, verða ... til þess að útiloka stóra hópa fólks frá þjóðarfjölskyldunni og leiða því til sundrunar fremur en sameiningar. Þrenning Snorra Hjartarsonar, land, þjóð og tunga, sem fram að þessu hefur sannfært Íslendinga um að þeir væru allir eins og ein fjölskylda og nátengdir landinu, er allt í einu orðin að ókleifum múr sem hindrar að Íslendingar af erlendum uppruna fái aðgang að þjóðarheimilinu.⁴⁴⁹

Heimsmyndin er að breytast og Ísland er hluti af þeirri breytingu þó við höfum verið á eftir mörgum nágrannalöndum okkar í þeirri þróun. Íslendingar hafa verið á faraldsfæti víða um heim og sest að í öðrum löndum um lengri eða skemmri tíma. Við gleymum því stundum að þá erum við innflytjendur. Um leið og við viljum eiga möguleika á að geta sest að annars staðar verðum við sömuleiðis að taka á móti þeim sem kjósa að búa hér. Spurningin snýst fyrst og fremst um það hvernig samfélag við viljum byggja upp á Íslandi. Rannsóknin sýnir fram á að þær skilgreiningar sem við höfum notast við varðandi það hverjir eru Íslendingar ganga ekki upp lengur. Íslendingar eru alls konar og sjálfsmyndir þeirra eru margbreytilegar. Vaxandi hlutur þjóðarinnar deilir ekki að öllu leyti sögu og minningum þjóðarinnar. Það þarf því að finna önnur tákn til sameiningar, þar sem það er mikilvægt að þjóðarsjálfsmyndin endurspegli sjálfsmyndir allra þegna ríkisins.

Vonast er til að rannsóknin geti orðið innlegg í innflytjendaumræðuna, sem einkennist oft á tíðum af mikilli þröngsýni. Ef rannsóknin fær fólk til að líta í eigin barm og átta sig á því að einfaldar skilgreiningar varðandi þjóðerni og sjálfsmyndir ganga ekki alltaf upp, er tilganginum náð.

⁴⁴⁹ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 233.

Heimildir

- Anderson, B. (1991). *Imagined Communities. Reflections on the Origin and Spread of Nationalism* (2. útgáfa). London: Verso.
- Arnar Guðmundsson. (1995). „Mýtan um Ísland. Áhrif þjóðernishyggju á íslenska stjórn málaumræðu,“ í *Skírnir, Tímarit hins íslenska bókmenntafélags 169*, bls. 95-134.
- Ármann Jakobsson. (2003). „Konungurinn og ég – Sjálfsmynd Íslendinga frá 13. öld,“ í Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson (ritstj.), *Þjóðerni í þúsund ár?* (bls. 39-55). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Baldur Þórhallsson. (2004). „Towards a new theoretical approach,“ í Baldur Þórhallsson (ritstj.), *Iceland and European Integration: On the Edge* (bls. 185-206). London: Routledge
- Baldur Þórhallsson. (2007). „Íslenskir stjórn málamenn og þátttaka í samruna Evrópu: Sérstaða eða sérvíska,“ í Silja Bára Ómarsdóttir (ritstj.), *Ný staða Íslands í utanríkismálum: Tengsl við önnur Evrópulönd* (bls. 101-122). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Baldur Þórhallsson og Hjalti Þór Vignisson. (2004). „Evrópastefna íslenskra stjórnvalda fyrstu þrjá áratugi lýðveldisins,“ í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum V* (bls. 749-766). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Bergur Ebba Benediktsson. (21. júní 2010). „Íslenski stíllinn,“ *Fréttablaðið*.
- Billig, M. (1995). *Banal Nationalism*. London: Sage Publications.
- Björn Þorsteinsson og Gauti Kristmannsson. (2008). „Saga og sjálfsmyndir,“ *Ritið, Tímarit Hugvísindastofnunar*, 8 (1), bls. 3-5.
- Bogdan, R. og Biklen, S.K. (2003). *Qualitative Research for Education: An Introduction to Theory and Methods* (4. útgáfa). Boston: Allyn og Bacon.
- Breuilly, J. (1993). *Nationalism and the State* (2. útgáfa). Manchester: Manchester University Press.
- Brown, C. (1992). *International Relations Theory: New Normative Approaches*. New York: Columbia University Press.

- Buckley-Zistel, S. (2006). „Remembering to Forget: Chosen Amnesia as a Strategy for Local Coexistence in Post-Genocide Rwanda,“ í *Africa*, 76 (2), bls. 131–150.
- Chase-Dunn, C., Kawano, Y. og Brewer, B.D. (2000). „Trade Globalization since 1795: Waves of Integration in the World-System,“ í *American Sociological Review*, 65 (1), bls. 77-95.
- Chomsky, N. (2003). *Understanding Power: The Indispensable Chomsky*. London: Vintage.
- Clifford, J. (2007). „Tviheimar,“ (Steinunn Haraldsdóttir þýddi). Í Gauti Kristmannsson og Ólafur Rastrick (ritstj.), *Ritið, Tímarit Hugvísindastofnunar*, 2-3, bls. 147-195.
- CNN.com. (31. maí 2002). „Denmark passes tough migrant laws.“ Sótt 10. júlí 2010 af:
<http://archives.cnn.com/2002/WORLD/europe/05/31/denmark.immigration/>
- Connerton, P. (1989). *How Societies Remember*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Creswell, J.W. (2007). *Qualitative Inquiry and Research Design: Choosing Among Five Traditions* (2. útgáfa). Thousand Oaks: Sage.
- Dei, F. (2005). „Language, Culture, Identity,“ í A. K. Isaacs (Ritstj.), *Languages and Identities in Historical Perspective*. Pisa: Pisa University Press.
- Dómsmálaráðuneytið. (2010, 1. febrúar). *Lög um íslenskan ríkisborgararétt* (útgáfa 138a). Sótt 4. júní 2010 af:
<http://www.althingi.is/lagasofn/nuna/1952100.html>
- Dómsmálaráðuneytið. (e.d.). *Fylgigögn með umsókn um íslenskan ríkisborgararétt*. Sótt 8. júní 2010 af:
<http://www.domsmalaraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/rikisborgaramal/upplýsingar/nr/1315>
- Durkheim, E. (1976). *The Elementary Forms of the Religious Life* (J. Swain þýddi á ensku). London: Allen og Unwin. (Upphaflega gefið út 1915).
- Eiríkur Bergmann Einarsson. (2006). „Fiskurinn eða fullveldið? Hvað skýrir ólík tengsl Íslands og hinna Norðurlandanna við Evrópusamrunann?“ *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 1 (2), bls. 101-131.
- Eiríkur Bergmann Einarsson. (2007). „Íslenskt þjóðerni og óttinn við innflytjendur,“ í Gauti Kristmannsson og Ólafur Rastrick (ritstj.), *Ritið, Tímarit Hugvísindastofnunar*, 7 (2-3), bls. 57-78.
- Eriksen, T. H. (2002). *Ethnicity and Nationalism: Anthropological Perspectives* (2. útgáfa). London: Pluto Press.

- Fjölmenningarsetur. (e.d.). *Ríkisborgararéttur*. Sótt 8. júní 2010 af:
<http://www.mcc.is/island/rikisborgararettur/>
- Fréttablaðið*. (14. júlí 2010). „Franska þingið samþykkti slæðubann.“
- Friedman, T. L. (2000). *The Lexus and the Olive Tree: Understanding Globalization*. New York: Anchor books.
- Gellner, E. (1964). *Thought and Change*. London: Weidenfeld and Nicolson.
- Gellner, E. (1978). „Scale and Nation,” í F. Barth (ritstj.), *Scale and Social Organization* (bls. 133-149). Oslo: Universitetsforlaget (Scandinavian University Press).
- Gellner, E. (1983). *Nations and Nationalism*. Oxford: Blackwell.
- Gerth, H. og Wright Mills, C. (Ritstj.). (1948). *From Max Weber: Essays in Sociology*. London: Routledge.
- Giddens, A. (1985). *A Contemporary Critique of Historical Materialism*, 2. bd. *The Nation – State and Violence*. Cambridge: Polity Press.
- Giddens, A. (1989). *Sociology*. Cambridge: Polity Press.
- Giddens, A. (1990). *The Consequences of Modernity*. California: Stanford University Press.
- Giddens, A. (1999). „Lecture 1: Globalization – London,” í *Runaway World, How Globalisation is Reshaping our lives*. Sótt 4. júní 2010 af:
<http://www.bbc.co.uk/radio4/reith1999/lecture1.shtml>
- Gillis, J. R. (1994). „Memory and Identity: The History of a Relationship“, í J. R. Gillis (ritstj.) *Commemorations: The Politics of National Identity* (bls. 3-24). Princeton: Princeton University Press.
- Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. (2007). „Ísaðar gellur með harðan, hrjúfan hreim,“ *Ritið, Tímarit Hugvísindastofnunar*, 7 (2-3), bls. 9-20.
- Guðmundur Hálfðanarson. (2001). *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og Reykjavíkur Akadémían.
- Guðmundur Hálfðanarson. (2004). „Discussing Europe: Icelandic Nationalism and European Integration,“ í Baldur Þórhallsson (ritstj.), *Iceland and European Integration: On the Edge* (bls. 128-144). London: Routledge.
- Guðmundur Hálfðanarson. (2005). „From Linguistic Patriotism to Cultural Nationalism: Language and Identity in Iceland,“ í A. K. Isaacs (ritstj.), *Languages and Identities in Historical Perspective* (bls. 55-66). Pisa: Pisa University Press.
- Guðmundur Hálfðanarson. (2006). „Collective Memory, History, and National Identity“ í Ástráður Eysteinnsson (ritstj.), *The Cultural Reconstruction of Places* (bls. 83-100). Reykjavík: University of Iceland Press.

- Guðmundur Andri Thorsson. (21. júní 2010). „Í útlöndum er einmitt skjól,“ *Fréttablaðið*.
- Gunnar Helgi Kristinsson og Baldur Þórhallsson. (2004). „The Euro-sceptical political elite,“ í Baldur Þórhallsson (ritstj.), *Iceland and European Integration: On the Edge*. (bls. 145-160). London: Routledge.
- Gunnar Karlsson. (1980). „Icelandic Nationalism and the Inspiration of History,“ í R. Mitchison (ritstj.), *The Roots of Nationalism: Studies in Northern Europe*. (bls. 77-89). Edinborg: John Donald Publishers.
- Gunnar Karlsson. (1999). „Íslensk þjóðernisvitund á óþjóðlegum öldum,“ í *Skírnir, Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*, 173, bls. 141-178.
- Hagstofa Íslands. (e.d.). *Ríkisfang, fæðingarland og uppruni íbúa*. Sótt 4. ágúst 2010 af:
<http://hagstofa.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Rikisfang-Faedingarland>
- Hagstofa Íslands. (13. september 2007). *Búferlaflutningar janúar til júní 2007*. Sótt 9. ágúst 2010 af:
<http://www.hagstofa.is/Pages/95?NewsID=2085>
- Halbwachs, M. (1992). *On Collective Memory* (L. A. Coser ritstýrði og þýddi). Chicago: University of Chicago Press (endurútgáfa).
- Held, D. (1995). *Democracy and the Global Order*. Cambridge: Polity Press.
- Hobsbawm, E.J. (1992). *Nations and Nationalism since 1780: Programme, Myth, Reality* (2. útgáfa). Cambridge: Cambridge University Press.
- Hutchinson, J. (1994). *Modern Nationalism*. London: Fontana.
- Inga Dóra Björnsdóttir. (2001). „Hin karlmannlega raust og hinn hljóðlátí máttur kvenna. Upphaf kórsöngs á Íslandi,“ í *Saga*, 39, bls. 7-50.
- Inga Dóra Björnsdóttir. (2009). *Kona þriggja eyja: ævisaga Ásu Guðmundsdóttur Wright*. Reykjavík: Mál og menning.
- Jón Jónsson [Aðils]. (1903). *Íslenzkt þjóðerni. Alþýðufyrirlestrar*. Reykjavík: Sigurður Kristjánsson.
- Jón Magnússon. (1. nóvember 2006). „Ísland fyrir Íslendinga?“ *Blaðið*.
- Katrín Jakobsdóttir. (2003). „Ísland í aðalhlutverki. Þjóðernisstefna Morgunblaðsins,“ í Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson (ritstj.), *Þjóðerni í þúsund ár?* (bls. 167-180). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kivisto, P. (2002). *Multiculturalism in a Global Society*. Malden MA: Blackwell Publishing.

- Kolbeinn Óttarsson Proppé. (2003). „Hetjudýrkun á hátíðarstundu. Þjóðhátíðir og viðhald þjóðernisvitundar,“ í Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson (ritstj.), *Þjóðerni í þúsund ár?* (bls. 151-165). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kvale, S. og Brinkmann, S. (2009). *Interviews: Learning the Craft of Qualitative Research Interviewing* (2. útgáfa). London: Sage Publications Inc.
- Magnús Jónsson. (1943). *Alþingishátíðin 1930*. Reykjavík: Leiftur.
- Martin, P. og Zürcher, G. (2008). „Managing Migration: The Global Challenge,“ í *Population Bulletin*, 63 (1). Sótt 8. júlí 2010 af: <http://www.prb.org/pdf08/63.1migration.pdf> .
- Marx, K. og Engels, F. (2008). *The Communist Manifesto* (S. Moore þýddi á ensku). London: Wildside Press. (Upphaflega gefið út 1848).
- Mathews, J. T. (1997). „Power Shift,“ í *Foreign Affairs*, 76 (1), bls. 50-66.
- Mathews, J. T. (2000). „The Information Revolution,“ í *Foreign Policy*, 119, bls. 63-66.
- Mbl.is. (30. ágúst 2008). „Hópast heim til Póllands.“ Sótt 10. júlí 2010 af: http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2008/08/30/hopast_heim_til_pollands/
- Mbl.is. (6. maí 2009). „Ásókn í íslenskupróf fyrir umsækjendur um ríkisborgararétt.“ Sótt 10. júlí 2010 af: http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2009/05/06/asokn_i_islenskuprof_fyrir_umsaekjendur_um_rikisbor/
- Mbl.is. (1. maí 2010). „Fréttaskýring: Belgar banna búrkur á almannafæri.“ Sótt 10. júlí 2010 af: http://mbl.is/mm/frettir/erlent/2010/05/01/belgar_banna_burkur_a_almannafari/
- Mbl.is. (6. júlí 2010). „Hert lög um hælisleitendur.“ Sótt 10. júlí 2010 af: http://mbl.is/mm/frettir/erlent/2010/07/06/hert_log_um_haelisleitendur/
- Mbl.is. (13. júlí 2010). „Neðri deildin samþykkti slæðubann.“ Sótt 10. júlí 2010 af: http://mbl.is/mm/frettir/erlent/2010/07/13/nedri_deildin_samthykkti_slaedubann/
- Miller, D. (1995). *On Nationality*. Oxford. Clarendon Press.
- Morgunblaðið*. (28. ágúst 2008). „Gjöfin að vera Íslendingur.“
- Mussa, M. (2003). „Meeting the Challenges of Globalisation,“ í *Journal of African Economies*, 12 (1), bls. 14-34.
- Nora, P. (1996). *Realms of Memory: The Construction of the French Past*. New York: Columbia University Press.

- Ólafur Rastrick. (2003). „Þjóðerni og sjálfsmynd.“ Samtal við Guðmund Hálfðanarson og Gunnar Karlsson. Í Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson (ritstj.), *Þjóðerni í þúsund ár*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ólafur Thors. (Ávarp). (1945). *Lýðveldishátíðin 1944*. Reykjavík: Leiftur.
- Parsons, T. (1971). *The System of Modern Societies*. New Jersey: Prentice-Hall.
- Páll Pétursson. (19. júní 1994). „Tungan gerir Íslendinga að þjóð,“ *Morgunblaðið*.
- Páll Skúlason. (1994). „Forsendur sjálfstæðis,“ *Tímarit Máls og menningar*, 55 (4), bls. 74-86.
- Petras, J. (1999). „Globalization: A Critical Analysis,“ í *Journal of Contemporary Asia*, 29 (1), bls. 3-37.
- Renan, E. (1882). *What is a Nation?* (Cooper Union þýddi á ensku). Sótt 10. apríl 2010 af vefsíðu Global Policy Forum: <http://www.globalpolicy.org/component/content/article/172/30340.html>
- Robertson, R. (1992). *Globalization: Social Theory and Global Culture*. London: Sage.
- Robertson, R. (1994). „Globalisation or Glocalisation,“ *Journal of International Communication* 1, bls. 33-52.
- Rosenau, J.N. (2000). „The Challenges and Tensions of a Globalized World,“ í *American Studies International*, 38 (2), bls. 8-22.
- Scholte, J.A. (2005). *Globalization A Critical Introduction* (2. útgáfa). New York: Palgrave Macmillan.
- Sen, A. (2006). *Identity and Violence: The Illusion of Destiny*. New York: W.W. Norton & Company.
- Sigríður Matthíasdóttir. (2003). „Þjóðerni og karlmennska á Íslandi við upphaf 20. aldar,“ í Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson (ritstj.), *Þjóðerni í þúsund ár?* (bls. 119-133). Reykjavík: Háskólaútgáfan, bls. 119-132.
- Sigríður Matthíasdóttir. (2004). *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigurður Nordal. (1942). *Íslensk menning* (1. bindi). Reykjavík. Mál og menning.
- Simensen, J. (1999). „Democracy and Globalization: Nineteen Eighty-nine and the ‘Third Wave’,“ í *Journal of World History*, 10 (2), bls. 391-411.
- Smith, A. D. (1991). *National Identity*. Harmondsworth: Penguin.

- Smith, A. D. (1995). *Nations and Nationalism in a Global Era*. Cambridge: Polity Press.
- Smith, A. D. (1998). *Nationalism and Modernism. A Critical Survey of Recent Theories of Nations and Nationalism*. London: Routledge.
- Smith, A. D. (2001). *Nationalism: Theory, Ideology, History*. Cambridge: Polity.
- Snorri Hjartarson. (1952). „Marz 1949,“ í *Á Gnitahæði* (bls. 17). Reykjavík: Heimskringla.
- Soysal, Y. N. (1994). *Limits of Citizenship: Migrants and Postnational Membership in Europe*. Chicago: University of Chicago Press.
- Spencer, P. og Wollman, H. (2002). *Nationalism: A Critical Introduction*. London: SAGE Publications Ltd.
- Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson. (2005). *Hnattvæðing og þekkingarþjóðfélag*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sveinn Waage. (3. maí 2007). „Útlendu Íslendingarnir,“ í *Mannlíf*, 24 (6), bls. 20-26.
- Sverrir Jakobsson. (2003). „Sjálfsmyndir miðalda og uppruni Íslendinga,“ í Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson (ritstj.), *Þjóðerni í þúsund ár?* (bls. 17-37). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sverrir Jakobsson. (2007). „Innflytjendur – elsti hópur Íslendinga,“ *Tímarit Hugvísindastofnunar*, 7 (2-3), bls. 26-29.
- Sween, A og Aastad, S. A. (1994). *Heimbsbyggðin 2* (Sigurður Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Mál og menning.
- Taylor, S.J. og Bogdan. R. (1998). *Introduction to Qualitative Research Methods: a Guidebook and Resource* (3. útgáfa). New York: John Wiley & Sons.
- UNESCO Ad hoc Expert Group on Endangered Languages. (13. mars 2003). „Language Vitality and Endangerment“. Sótt 10. júní 2010 af:
<http://www.unesco.org/culture/ich/doc/src/00120-EN.pdf>
- Úlfar Hauksson (2005). „Staða og merking lýðræðis, fullveldis og þjóðríkisins á nýrri öld,“ í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VI* (bls. 637-647). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Vigdís Finnbogadóttir. (19. júní 1944). „Gleði og þakklæti er efst í huga,“ *Morgunblaðið*.
- Viotti, R. P. og Kauppi, M. V. (2007). *International Relations and World Politics: Security, Economy, Identity* (3. útgáfa). New Jersey: Pearson Prentice Hall.
- Virilo, P. (ágúst 1997). „Un monde surexposé: fin de l’histoire, ou fin de la géographie,“ *Le monde diplomatique*, bls. 17.

- Weber, M. (1973). „Starf stjórnáálamannsins,“ (Helgi Skúli Kjartansson þýddi), í *Mennt og máttur* (bls. 117-203). Reykjavík: Bókmenntafélagið. (Upphaflega gefið út 1948).
- Weber, M. (1978). *Economy and Society* (E. Fischhoff þýddi á ensku). Berkeley: University of California Press.
- Wishard, V. (2005). „Understanding our Moment in History,“ í *Vital Speeches of the Day*, 71 (14), bls. 442-448.
- Þorvaldur Gylfason. (20. apríl 2006). „Land, þjóð og tunga,“ *Fréttablaðið*.
- Þór Whitehead. (2006). „Hlutleysi íslands á hverfanda hveli 1918-1945,“ í *Saga*, XLIV:1, bls. 21-63.

Viðauki 1 – Viðtalsrammi 1

Hvað er Íslendingur?
Sjálfsmynd þjóðar við upphaf 21. aldar

Viðtalsrammi sem stuðst var við í fyrri lotu – vor 2007

Almennar spurningar

- Kyn
- Aldur
- Starf

Skilgreiningar

Hver ertu?

Ég lít fyrst og fremst á mig sem ...?

Og ef þú mátt forgangsraða fyrstu 2-3 atriðunum ...?

Finnur þú til samkenndar með öðrum ... (konum, læknum, rauðhærðum, ...)?

... meira / frekar en með öðrum Íslendingum?

Hvað er ... (hvernig skilgreinir þú...)?

Íslendingur er ...

Útlendingur er ...

Innflytjandi er ...

Nýbúi er ... Er munur á að vera innflytjandi eða nýbúi?

Hverjir eru ríkisborgarar?

Hverjir eiga að fá ríkisborgararétt?

Hvenær?

Einhver sérstök skilyrði?

Dæmisögur

Í þessum hluta eru viðmælendur beðnir um að taka afstöðu til eftirfarandi dæma. Þeim gefst enn fremur kostur á að útskýra sína afstöðu eins og þurfa þykir.

Dæmi 1

Paolo og Maria hafa verið búsett á Patreksfirði í 1½ ár, en eru ekki ríkisborgarar. Þau eignuðust lítinn dreng í nóvember sl. Er hann Íslendingur?

Dæmi 2

Tanja hefur búið á Íslandi í 7 ár. Hún er gift íslenskum manni, er íslenskur ríkisborgari og á með honum eina dóttur. Er Tanja Íslendingur? ... En barnið?

Dæmi 3

Mahmoud hefur búið á Íslandi í 25 ár. Hann er ógiftur og barnlaus, en er með íslenskan ríkisborgararétt. Er hann Íslendingur?

Dæmi 4

Margrét giftist bandarískum hermanni og fluttist til Bandaríkjanna 1950. Hún á með honum börn sem eru uppkomin og búa öll í Bandaríkjunum. Er hún Íslendingur? ... En börnin hennar, eða barnabörn?

Dæmi 5

Dagný kynntist Marco þegar hún var við nám á Spáni. Hún fluttist þangað fyrir 2 árum og þau eignuðust saman barn í fyrrasumar. Er Dagný Íslendingur? ... En barnið?

Dæmi 6

Marta er 15 ára og fædd í Kóreu. Hún var ættleidd hingað 1 árs gömul. Er hún Íslendingur?

Opnar spurningar

Þekkir þú einhvern af erlendu bergi brotinn sem er búsettur hér – (hefur verið og ætlar að vera áfram)? ... Lítur þú á viðkomandi sem Íslending eða útlending? ... En samfélagið?

Þekkir þú einhvern af íslensku bergi brotinn sem er búsettur erlendis (hefur verið og ætlar að vera áfram)? --- Lítur þú á viðkomandi sem Íslending eða útlending? ... En samfélagið?

Hættir maður einhvern tíma að vera Íslendingur?

Hættir maður einhvern tíma að vera útlendingur?

Er hægt að vera bæði? Þarf maður að hætta að vera útlendingur til að vera Íslendingur? ...

Eða öfugt?

Að lokum

Vangaveltur? Viðmælendum boðið að bregðast við spurningum og viðtalinu í heild.

Adda María
vor 2007

Viðauki 2 – Viðtalsrammi 2

Hvað er Íslendingur?
Sjálfsmynd þjóðar við upphaf 21. aldar

Viðtalsrammi sem stuðst var við í seinni lotu – haust 2008

Inngangur – upphaf viðtals

- Rannsókn kynnt
- Minna á trúnað og nafnleynd
- Fá leyfi til að taka viðtalið upp

Almennar spurningar – yfirlit

- Segðu mér aðeins frá því hver þú ert?
... bakgrunni þínum, s.s. aldri, fjölskylduaðstæðum og menntun
 - Kyn
 - Aldur
 - Þjóðerni
 - Atvinna / skóli
 - Menntun (ferill skólagöngu)
 - Fjölskylduaðstæður
 - Búseta (alltaf á Íslandi? annars staðar en á Íslandi? Tími?)

Dvöl á Íslandi / erlendis

(ef viðmælandi er af erlendu bergi brotinn, eða búsettur erlendis)

- Hvernig kom það til að þú fluttist til Íslands / erlendis? ...
 - Dvalartími í landinu
 - Ástæður flutnings
 - Tengsl við fjölskyldu í upprunalandinu
 - Stuðningur við/frá fjölskyldu í upprunalandinu

Sjálfsmynd

- Hver er þín sjálfsmynd (identity)? Hvernig skilgreinir þú sjálfa/n þig?
 - Af hverju mótast þín sjálfsmynd? (Hver ertu, hver eru þín hlutverk í lífinu, hvert er mikilvægast, „Ég lít fyrst og fremst á mig sem ...)
 - Hversu miklu máli skiptir þjóðernið í sjálfsmyndinni?
 - Lítur þú á þig sem Íslending? – (ef viðmælandi er af erlendu bergi brotin, útskýra þá hvað það er sem hafi þar áhrif)

Skilgreiningar – skilningur á hugtökum

- Segðu mér hvað þér finnst felast í því að vera ...?
 - Íslendingur (hefur það breyst eitthvað á síðustu árum?)
 - Útlendingur
 - Innflytjandi
 - Nýbúi
 - Er munur á því að vera innflytjandi eða nýbúi?

- Hvað finnst þér felast í ríkisborgararétti?
 - Hverjir eiga að vera með ríkisborgarétt?
 - Eiga að vera einhver sérstök skilyrði fyrir því að veita fólki ríkisborgarétt? (dvalartími í landi, tungumálakunnátta, sakavottorð, annað?)
 - Getur það haft einhver áhrif á þjóðernið að fá ríkisborgarétt í öðru landi?

Opnar spurningar

- Að hve miklu leyti finnst þér íslenskt þjóðfélag hafa breyst á síðustu árum – í tengslum við hnattvæðingu og fjölmenningu?
 - Hefur aukin hnattvæðing haft áhrif á þjóðernisvitund fólks, og þá hvernig?
- Hvernig gengur fólki af erlendum uppruna að samlagast íslensku þjóðfélagi?
 - Er erfitt að komast inn í íslenskt samfélag?
 - Hver eru helstu vandamálin sem upp geta komið?
 - Er þjóðernisvitund Íslendinga sterk / sterkari en annars staðar / af hverju?
 - Hvað þarf helst að koma til, til að aðlögun gangi vel?
 - Hversu miklu máli skiptir tungumálið í þessu sambandi?
- Hvernig lítur íslenskt þjóðfélag, að þínu mati, á fólk sem hefur flust hingað til lands?
 - Er slíkt fólk alltaf útlendingar?
 - Verða slíkir einstaklingar einhvern tíma Íslendingar? ... eiga / þurfa þeir að verða það ... og hvað þarf þá að koma til?
 - Skiptir maður um þjóðerni við að flytjast í annað land? ... eða fá ríkisfang í öðru landi? (ef ekki komið fram í skilgreiningunum)

Aðallega fyrir þá sem eru af íslenskum uppruna

- Þekkir þú einhvern af erlendu bergi brotinn sem er búsettur hér? ... Hvernig lítur þú á viðkomandi? ... en samfélagið?
- Hvernig lítur íslenskt þjóðfélag, að þínu mati, á Íslendinga sem hafa flust af landi brott?
 - Er slíkt fólk alltaf Íslendingar?
 - Hætta þeir einhvern tíma að vera Íslendingar? ... eiga / þurfa þeir að gera það?

Aðallega fyrir þá sem eru af íslenskum uppruna

- Þekkir þú einhvern af íslensku bergi brotinn sem er búsettur erlendis? ... Lítur þú á viðkomandi sem Íslending eða útlending? ... en samfélagið?
- Hversu miklu máli heldur þú að þjóðerni skipti almennt í sjálfsmynd fólks?
 - Er t.d. hægt að vera bæði Íslendingur og útlendingur?
 - Þarf maður að hætta að vera útlendingur til að verða Íslendingur? ... eða öfugt?

Að lokum

- Eitthvað sem viðmælandi vill bæta við?
- Biðja um að fá að hafa samband ef þarf

Adda María
haust 2008